

CLINTON-HJÓN FRAKKLANDS SKILIN
Orðrómur um bresti í sambandi „gullna parsins“ í Frakklandi reyndist sannur. **Royal og Hollande** hafa skilið að skiptum.



NÝTT!
Vinsælasta viðbitið í ferðalagid.
Nú í 10 g umbúðum!

23. júní 2007 – 168. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR


Opnar fjórtán sýningar
Niels Hafstein, myndlistarmaður og safnstjóri Safnasafnsins á Svalbarðsströnd.
MENNING 42

Í það heilaga
Eypór Arnalds og Dagmar Una gifta sig í Selfoskirkju 30. júní. Todmobile hugsanlega meðal skemmtiatriða.
FÓLK 58


Slær á léttu strengi
Örsaga Ellyjar Ármanns veldur usla. Garðlist sver af sér meintan dónaskap.
FÓLK 58

Engar afsakanir
Fyrirliði KR segir að leikmenn liðsins verði að spila upp á eigin heiður til að bjarga andlitinu.
ÍPRÓTTIR 52

VEÐRIÐ Í DAG



Norðanátt og kólnandi N-til. Vindur blæs af norðri í dag. Þá kólnar norðan og austantil, en hlýnar á Suðurlandi. Fyrripart dags má búast við 8-10 m/s, en svo lægri mikið þegar líður á kvöldið. Hitinn 8-12 stig norðanlands, en 12-18 fyrir sunnan.
VEÐUR 4




SUMARGLEÐI Mikið stuð var á Ingólfstorgi í gær þegar Hörður Sveinsson ljósmyndari átti þar leið hjá. Þar var sumargleði íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur í fullum gangi þar sem krakkar fengu að spreya sig í ýmsum þrautum eins og þessi ungi drengur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

200 ökumenn kærðir fyrir fíkniefnaakstur

Um 200 ökumenn hafa verið kærðir, það sem af er árinu, fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Ný lagaákvæði og tæki til að skima fíkniefni reynast vel.

LÖGREGLUMÁL Um 200 manns hafa verið kærðir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna það sem af er þessu ári. Á einum mánuði, apríl, voru samtals 55 brot skráð á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Yngsti ökumaðurinn sem reyndist vera undir áhrifum fíkniefna það sem af er þessu ári var aðeins 15 ára, en sá elsti 64 ára. Flestir sem kærðir voru reyndust vera á aldrinum 15 til 24 ára. Kristján Ólafur Guðnason, aðstoðaryfirlögregluþjónn í umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að nú sé komið í gildi lagaákvæði sem auðveldi lögreglu að taka á fíkniefna-



akstri. Í nýjum umferðarlögum sé ákvæði þar sem segir að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna vélkúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem

bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni. „Þetta þýðir að finnst minnsti vottur af ólöglegu ávana- og fíkniefni í ökumanni má hann búast við að vera sviptur ökuréttindum,“ útskýrir Kristján. Spurður hvaða leiðir lögregla hafi til þess að finna út hvort ökumaður sé undir áhrifum fíkniefna segir hann að til séu ákveðin mælitæki sem sýni slíkt. „Þau eru ýmist notuð með því að strjúka svita, taka munnvatnssýni eða þvagsýni sem gefur þá svörin og eftir atvikum hvaða efna viðkomandi hefur að líkindum neytt. Sýni eru send í rannsókn í framhaldinu og þar fæst endanleg niðurstaða.“ - jss / sjá síðu 4

Tuttugu og átta ára Íslendingur í haldi lögreglu í Brasilíu fyrir fíkniefnasmygl:

Tekinn með fíkniefni í Brasilíu

LÖGREGLUMÁL Tuttugu og átta ára Íslendingur er í haldi lögreglu í Brasilíu eftir að hafa verið handtekinn þar með fíkniefni. Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um það hvers konar fíkniefni hann var með eða hversu mikið magn, né hvar hann er í haldi. Ritari ræðismanns Íslands í Sao Paulo vildi ekkert segja um

málið. Það væri einungis á milli þarlandra lögregluyfirvalda, sendiráðs Íslands í Washington, íslenska utanríkisráðuneytisins og fjölskyldu mannsins. Málið hafði ekki komið til kasta lögreglu á Íslandi þegar Fréttablaðið fór í prentun. Tveir Íslendingar, sem handteknir voru í Brasilíu í fyrra fyrir

fíkniefnasmygl, eru enn í landinu. Annar, Hlynur Smári Sigurðsson, sem tekinn var með tvö kíló af barnapúðri sem hann hélt vera kókaín, hefur fengið reynslulausn og kennir ensku sem hluta af samfélagsþjónustu. Hann, sem tekinn var með 12 kíló af hassi, bíður dóms. - sh

Hive Sumar
Práðlaust internet í sumarbústaðinn.
Verð frá **2.490 kr./mán.**

Þung umferð út úr bænum

SAMGÖNGUR Þung umferð var út úr borginni á Suðurlandsvegi í gær. Nær samfelld röð bíla myndaðist á tímabili frá Rauðavatni að Selfossi og dæmi voru um bíla sem óku á tíu kílómetra hraða á köflum. Veðurspá fyrir Suðurland er góð og kann það að skýra umferðarþungann að hluta. „Þegar ekkert annað er um að vera í öðrum landshlutum, eins og núna um helgina, þá virðist straumurinn liggja hingað á Suðurlandið,“ segir Brynja Sverrisdóttir, varðstjóri hjá lögreglunni á Selfossi. Hún bendir ökuþögn á að sýna þolinmæði og tillitssemi í umferðinni um helgina. - lbb

Baltasar Kormákur: Borinn þung- um sökum

KVIKMYNDIR Jón Þór Hannesson, fyrrum eigandi Saga Film, ber kvikmyndaframleiðandanum og leikstjóranum Baltasar Kormáki ekki vel söguna og sakar hann um að hafa viðhaft óeðlileg vinnubrögð hvað kvikmyndina A Journey Home varðar. Baltasar vísar þessu alfarið á bug og segir myndina hafa verið komna í þrot hjá Jóni og Saga Film og því hafi hann verið beðinn um að ganga hreint til verks. „Sú ósk kom frá bandarískum framleiðanda myndarinnar og Ólafi Jóhanni Ólafssyni, höfundi bókarinnar,“ sagði Baltasar. Þetta staðfestir Steven Haft, bandaríski framleiðandinn. - fgg / sjá síðu 58



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON Björgólfur hækkaði í gær yfirtökutilboð sitt í Actavis. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Hærra yfirtökutilboð í Actavis: Stjórnin styður tilboð Björgólfs

VIÐSKIPTI Nýtt yfirtökutilboð Björgólfs Thors Björgólfssonar í Actavis er áhugavert fyrir hluthafa félagsins. Þetta er nýtt álit stjórnar Actavis. Tilboðið hljóðar nú upp á 1,075 evrur á hlut. Það nemur rúmum níutíu krónum. Miðað við það er kaupverðið rúm 187 milljarðar króna. Fyrra tilboðið nam 0,98 evrur á hlut. Því tilboði hafði stjórnin ráðið hluthöfum frá að samþykkja. Gengi bréfa í Actavis hækkaði um 1,72 prósent í Kauphöll Íslands í gær. Lokagengi var 88,50 krónur á hlut, tveimur prósentum undir nýju tilboði. - hhs / sjá síðu 12

SPURNING DAGSINS



Sigfús, var þetta eitthvað sérstakt?

„Þetta var toppurinn á tilverunni, að minnsta kosti þá vikuna.“

Sigfús Gunnarsson, starfsmaður Íslandspósts, lét gamlan draum ræstast á dögunum og gekk á Hvannadalshnúk í fyrsta skipti.

Pólverjar sýna harða andstöðu við nýjan sáttmála á leiðtogafundi ESB:

Mjakast nær málamiðlun

BRUSSEL, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sem gegnir formennsku í Evrópusambandinu, eyddi öllum gærdeginum, síðari degi leiðtogafundar sambandsins í Brussel, í að telja Pólverja og aðra sem höfðu fyrirvara gegn áformum um nýja upp færslu stofnsáttmála ESB á að falla frá þeim.

Nýi sáttmálinn, sem stefnt er að því að geti tekið gildi árið 2009, á að koma í staðinn fyrir svonefndan stjórnarskrársáttmála sambandsins sem strandaði fyrir tveimur árum er Frakkar og Hollendingar felldu hann í þjóðaratkvæðisgreiðslum.

Pólverjar hafa ekki viljað fallast á nýjar reglur um atkvæðisgreiðslur

í ráðherraráði ESB, sem allar hinar aðildarþjóðirnar 26 hafa hins vegar fallist á að verði hluti sáttmálans. Breska stjórnin er einnig andvíg sumum þáttum hins áformada sáttmála.

Eftir margra klukkustunda viðræður við Lech Kaczyński Póllandsforseta og Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, lagði Merkel fram málamiðlunartillögu sem þótti líkleg til að geta leitt til niðurstöðu. Meginatriði hennar voru sögð felast í því að Pólverjar fengju fleiri fulltrúa á Evrópuþinginu og nýja atkvæðisgreiðslukerfið taki ekki gildi fyrr en árið 2014.

Undir kvöld sagðist hún vilja að



MERKEL OG KACZYNSKI Í BRUSSEL Sáttu á rökstólum megnið af gærdeginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

samið yrði um sáttmálann, þrátt fyrir andstöðu Pólverja. Pólverjum yrði síðan gefinn kostur á að gangast undir hann síðar.

- aa

Norræn skýrsla:

Hlýnun jarðar getur hjálpað

VÍSINDI Loftslagsbreytingar geta haft einhver jákvæð áhrif á Norðurlöndunum, meðal annars á endurnýjanlega orkugjafa. Þetta kemur fram í skýrslu sem Norrænar orkurannsóknir fjármögnuðu.

Í skýrslunni segir að vatnsorka verði meiri þegar vetur hlýnar, auk þess sem vatnsmagn-ið verði jafnara allan ársins hring. Skógar munu einnig vaxa hraðar með hlýnandi loftslagi.

Skýrslan var gerð til að kanna hvort loftslagsbreytingar hefðu áhrif á nýtingu endurnýtanlegra orkugjafa.

- sgj



LÖGREGLUVAKT Aukinn viðbúnaður sást meðal annars á lögregluvakt við Brandenborgarhlíðið í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hryðjuverkahætta í Þýskalandi:

Viðbúnaðarstig stórhækkað

ÞÝSKALAND, AP Viðbúnaðarstig vegna yfirvofandi hættu á hryðjuverkum var hækkað í Þýskalandi í gær, á grundvelli leyniþjónustu-upplýsinga sem bentu til aukinnar hættu á árás gegn þýskum borgurum í Afganistan eða jafnvel sjálfsmorðsprengjuárás-um í Þýskalandi.

Meðal ástæðna til hækkaðs viðbúnaðarstigs er handtaka þriggja öfgamúslima í Pakistan, sem eru þýskir ríkisborgarar. Að sögn Jörgs Ziercke, yfirmanns þýsku rannsóknarlögreglunnar BKA, eru þeir taldir vera úr tíu manna hópi manna sem hafi sótt þjálfun í að fremja sjálfsmorðsprengjutilræði.

- aa

Leikskólinn Laufásborg:

Vona að gjöldin hækki ekki

MENNTAMÁL Borgarstjórn hefur staðfest samning leikskólaráðs um að Hjallastefnan taki við rekstri leikskólans Laufásborgar.

Hjallastefnan hefur heimild til að hafa gjaldskrá til foreldra 15 prósentum hærrí en í leikskólun-um sem borgin rekur.

„Það hefur engin ákvörðun verið tekin um að nýta þetta ákvæði og við gerum okkur vonir um að þurfa þess ekki,“ segir Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

- þo

Bið eftir gerviliða-aðgerð lengist enn

Fjöldi fólks á biðlistum eftir gerviliða-aðgerð hefur aukist og biðin hefur lengst frá því sem var í fyrra. Þá þótti staðan ekki forsvaranleg og lögðu lækna-áherslu á úrbætur.

HEILBRIGÐISMÁL Um 530 manns bíða nú eftir að komast í gerviliða-aðgerð á hné eða mjódm á Landspítalanum, Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Akureyri og sjúkrahúsinu á Akranesi. Biðin eftir að fá gervilið í hné er nú að meðaltali 11,4 mánuðir á Landspítalanum, en á sama tíma í fyrra var hún um átta mánuðir. Þá þótti biðin þó of löng sakir þess hve líðan fólks sem bíður eftir þessum aðgerðum er slæm vegna stöðugra verkja. Lækna- lögðu ríka áherslu á að auka þyrfti fjárveitingu í aðgerðirnar til þess að koma mætti í veg fyrir að biðlistarnir myndu lengjast enn frekar og vildi þáverandi heilbrigðisráðherra leita leiða til að koma lagi á stöðuna. Færri aðgerðir voru þó framkvæmdar á Landspítalanum í fyrra heldur en árið 2005.

Þorvaldur Ingvarsson, lækningaforstjóri sjúkrahússins á Akureyri, segir að dregið hafi verið úr fjárveitingum sem nota á til að vinna á biðlistunum. Líðan fólks sem bíði eftir að komast að geti verið mjög slæm og geti haft



GERVILIÐAÐGERÐ Sjúklingar sem bíða eftir að komast í slíkar aðgerðir líða oft miklar þjáningar.

margvíslegar skaðlegar afleiðingar í för með sér. „Til að lina verkina notar fólk mikið af verkjastillandi og bólgueyðandi lyfjum sem geta haft ýmsar afleiðingar. Einnig getur fólk þurft að vera frá vinnu eða dregið sig í hlé vegna þessa. Biðin er orðin alltof löng og nauðsynlegt er að grípa til aðgerða sem fyrst í þessu máli,“ segir Þorvaldur.

Yngvi Ólafsson, yfirlæknir á bæklunarskurðeild Landspítalans, segir stöðuna slæma. „Þetta er slæmt mál. Ein af ástæðunum fyrir þessu er þó að Grensás, sem við höfum haft þjónustusamning við og tekið við sjúklingum til endurhæfingar eftir aðgerð, hefur ekki getað sinnt því í um hálf ár vegna annarra anna,“ segir hann.

Yngvi segir sjúklinga sem bíða eftir gervilið ekki vera sterkan þrýstihóp þótt biðin geti verið mjög kvalafull, bæði fyrir sjúklinginn og ættingja. Oft komi fyrir að ættingjar hringi örvæntingarfyllir vegna þess hve illa biðin geti leikið fólk. „Þetta hefur mikil áhrif á líðan og lífsgæði fólks og er að mínum dómi ekki forsvaranlegt en því miður er þetta staðreynd í dag,“ segir Yngvi.

„Það var dregið úr fjármagni til að stemma stigu við biðlistunum í fyrra. Í mínum huga er það helsta ástæðan fyrir stöðunni sem ríkir í dag,“ segir Þorvaldur. Hann bendir á að biðlistar sem þessir eigi aðeins eftir að lengjast enn frekar ef ekkert verður að gert.

karen@frettabladid.is



YNGVI ÓLAFSSON

ÞORVALDUR INGVARSSON

Upplýsingaferð í olíuhreinsanir:

Færri komust að en vildu

VESTFIRÐIR Mikill áhugi er meðal Vestfirðinga á upplýsingaferð í olíuhreinsunarstöðvar í Hollandi og Þýskalandi í byrjun næsta mánaðar. Alls fara fjórtán fulltrúar sveitarfélaganna og komust færri að en vildu.

„Það er líklegt að dregið verði úr veiðum á þorski en það eru þær veiðar sem við byggjum afkomu okkar á. Fólk vill aðvitað að fleiri möguleikar séu kannaðir og það ætlum við að gera. Stöðvarnar treystu sér samt ekki að taka á móti 25 til 30 manna hópi,“ segir Anna G. Edvardsdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Hún segir aðra ferð fyrirhugaða í stöðvarnar vegna mikils áhuga.

- kdk

Össur Skarphéðinsson:

Sovéskt kerfi kringum Hafró

SIJAVARÚTVEGUR

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir á bloggi sínu að fiskirannsóknir eigi að færa frá sjávarútvegsráðuneytinu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis, eða menntamálaráðuneytisins. Ástæðan er að hann vill færa rannsóknir frá því ráðuneyti sem tekur ákvarðanir um heildaraflamark. Össur segir að aðalástæðan fyrir ofveiði og slæmu ástandi stofnsins megi rekja þeim til stjórnámálanna, en ekki fiskifræðinga. Hann segir jafnframt stjórnámálmennt hafa byggt upp „sovéskt kerfi kringum Hafró, þar sem dæmalausrí þöggun hefur verið beitt á andófsraddir.“

- shá

Verðdæmi:

Kanarí
Paraiso Maspalomas
Brottför 8. janúar

39.900 kr.

Flug, gisting í 7 nætur og flugvallarskattar.
Verð á mann miðað við 2 fullorðin og 2 börn.

47.900,- á mann er miðað við 2 í íbúð í viku á Paraiso Maspalomas.

* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

plús
FERÐIR

VISA MasterCard

PLÚSFERDIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík – Sími 535 2100 www.plusferdir.is

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfestir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins:

Icelandair þarf að greiða 130 milljónir króna í sekt

NEYTENDUR Icelandair þarf að greiða 130 milljónir króna í stjórnvaldssekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn samkeppnislögum með því að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína árið 2004. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti þannig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Icelandair hóf sölu og kynningu á netsmellum að upphæð 16.900 krónum til London og Kaupmannahafnar á sama tíma og Iceland Express hóf að fljúga á þessa sömu áfangastaði og án þess að lækka verð til samræmis á öðrum flugleiðum.

Í yfirlýsingu frá Icelandair

kemur fram að félagið sé ósam-mála niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála en telur þó áfangasigur að sekt Samkeppniseftirlitsins frá 30. mars hafi verið lækkuð um 30 prósent, eða í 130 milljónir króna.

Að mati Icelandair fór félagið eftir samkeppnislögum og úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá árinu 2003 sem staðfesti þá að Icelandair væri heimilt að kynna og selja netsmelli með þeim hætti sem gert var. Þar segist félagið hafa fengið leiðbeinandi úrskurð sem það fylgdi í verðlagningu sinni árið 2004.

- libb



HÖRD SAMKEPPNI Í tilkynningu frá Icelandair segir að félagið áskilji sér fullan rétt til að taka þátt í samkeppni í farþegaflugi.

Ótrúlegt verð
á pallaolíu
laugardag og
sunnudag

999
~~2.190~~

❖ 3 ltr

Pallaolía, 3 ltr.

Á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún og græn,
einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123, 33, 37

Út að mála

❖ **Nýtt á
markaðnum**
lengri ending

❖ **Kynningaverð**

GORI 44+

Gegnsæ viðarvörn.
4 ára ending,
Fljótþornandi og aðeins
þarf að hreinsa áhöldin
með vatni.
7042520-30
7042500-10

0,75 ltr. **999**
5 ltr. **4.799**

4.799



❖ **10 ltr**



Penta
Akrylbundin
plastrálmáling á stein
utanhúss
7207040-6

4.990
~~7.990~~

**Trebitt
Terrassebeis**

Ný pallaolía á
markaðnum sem
hefur þann eiginleika
að aðeins þarf að
bera á þriðja hvert ár.
Fljótþornandi og aðeins
þarf að hreinsa áhöldin
með vatni.
7049307-8



3 ltr **3.695** 1 ltr **1.495**
4.590 1.990



Pensill Goldi
100 mm
7009480

495
~~595~~

❖ **10 ltr**

Akrylmáling

100% akrylmáling.
Mun slitsterkari
en hefðbundin
útímáling, heldur
vel lit, er með
7% gljóa
7049510-12

8.995
~~11.995~~



Sama **lága** verðið
um land allt



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,24	62,54
Sterlingspund	124,22	124,82
Evra	83,55	84,01
Dönsk króna	11,222	11,288
Norsk króna	10,458	10,520
Sænsk króna	9,021	9,073
Japanskt jen	0,5014	0,5044
SDR	94,00	94,56

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,7954
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



VIÐ BÍLDSHÖFÐA Blöðrum var líka sleppt hér á landi í gær til að ftreka að Madeleine væri ekki gleymd.

50 dagar frá hvarfi Madeleine:

Slepptu fimm-tíu blöðrum

FÓLK Fimmtíu blöðrum var sleppt út í loftið víða um heim í gær. Það var gert til að minnst þess að fimm tíu dagar eru liðnir síðan fjögurra ára stúlkan Madeleine McCann var numin á brott úr hótélbúð í Portúgal. Blöðrunum var sleppt til að ftreka að Madeleine væri alls ekki gleymd.

Kvöldið 3. maí fóru foreldrar stúlkunnar út að borða skammt frá hótelinu og skildu hana og tveggja ára tvíbura hennar ein eftir. Þegar foreldrar hennar komu til baka um tíuleytið var Madeleine horfin. Ekkert hefur spurst til hennar síðan þrátt fyrir umfangsmikla leit.

- pal

Utanríkisráðherra:

Ræddi samstarf við Stoltenberg

UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fundaði í gær með Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs. Á fundinum var rætt um samstarf Íslands og Noregs á sviði umhverfis-, öryggis- og Evrópumála. Einnig ræddu ráðherrarnir um loftslagsmálefni og kynnti forsætisráðherra Noregs nýja loftslagsstefnu norsku ríkisstjórnarinnar fyrir utanríkisráðherra.

Utanríkisráðherra fór til Tromsø á fimmtudag í boði Sven Ludvigsen, fylkishöfðingja Troms-fylkis. Heimsókninni til Noregs lauk í gær.

- lbb


Ökumönnum sem teknir eru undir áhrifum fíkniefna fjölgar mjög:

Selfosslögreglan í fararbroddi

LÖGREGLUMÁL Það sem af er þessu ári hafa um 200 manns verið teknir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. Sá yngsti var einungis 15 ára, en sá elsti 64 ára. Að sögn Kristjáns Ólafs Guðnasonar hjá umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu auðveldar nýtt lagaákvæði um fíkniefnaakstur henni mjög að taka á slíkum málum.

Í nýja lagaákvæðinu felst að hver sá sem tekinn er undir stýri undir áhrifum ólöglegs fíkniefnis má eiga von á ökuleyfisvptingu. Tekin eru sýni úr svita, þvagi eða munnvatni sem sýna hvort viðkomandi er undir áhrifum.

FÍKNIÉFNAAKSTUR Í ÁR



Lögreglustjóraembættið á Selfossi hefur verið í fararbroddi með tækjanotkun til skimunar

fíkniefna í ökumönnum. Það sem af er þessu ári hefur 41 verið kærður í umdæminu vegna þessa, en voru 32 á seinni ársþingi í fyrra, eftir að lagabreytingin tók gildi.

„Þau tæki sem við notum hafa reynst býsna vel,“ segir Oddur Árnason, yfirlögrelupjónn á Selfossi.

„Þau eru auðveld í notkun og auðlesanlegar niðurstöður sem þau skila mjög fljótt. Hafi fengist jákvæð svörin í einhverju þessara prófa hefur það reynst í öllum tilvikum rétt þegar Rannsóknarstofa Háskólans skilar niðurstöðu.“

- jss

Rannsókn á póker móti lokið:

Stutt í ákvörðun um ákæru

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglu höfuðborgarsvæðisins á póker móti sem fram fór föstudaginn fyrir viku er lokið. Enginn þeirra sem spiluðu á mótinu hefur verið yfirheyrður.

Málið er nú komið til lögræðideilda lögreglu segir Óskar Sigurðsson lögreglufulltrúi. Búast megi við ákvörðun um framhaldið seint í næstu viku.

Hann vildi ekki gefa upp hversu margir liggja undir grun um að hafa brotið lög. Um 150 tóku þátt í mótinu og segir Óskar að eftir sé að taka afstöðu til þess hvort þeir hafi framið lögbrot. - bj

Veraldarvinir dæmdir til að greiða umsamin laun

Sjálfbóðaliðasamtökin Veraldarvinir voru í gær dæmd fyrir að svindla á erlendum starfsmanni og greiða honum ekki laun í tæp tvö ár. Framkvæmdastjórinn hélt því fram að maðurinn væri sjálfbóðaliði.

DÓMSMÁL Sjálfbóðaliðasamtökin Veraldarvinir voru í gær dæmd til að greiða fyrrverandi starfsmanni laun fyrir tæplega tveggja ára vinnu, samtals 5,7 milljónir króna auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að framkvæmdastjóri samtakanna hafi vísvitandi blekkt starfsmanninn. Framkvæmdastjórinn ætlar að áfrýja dóminum til Hæstaréttar.

Veraldarvinir eru frjáls félagasamtök sem byggja starfsemi sína á sjálfbóðaliðum sem koma hingað til lands til að vinna að verkefnum á borð við skógrækt og hreinsun á strandlengjum landsins.

Umræddur starfsmaður er frá Kólumbíu og kom hingað til lands sem sjálfbóðaliði Veraldarvina árið 2003. Hann kom aftur hingað til lands árið 2004 og hóf störf hjá Veraldarvinum 15. febrúar 2004. Hann hætti störfum 24. október 2005 þegar honum þótti ljóst að hann fengi ekki greitt frá samtökunum. Maðurinn stefndi í framhaldinu Veraldarvinum, sem og framkvæmdastjóra samtakanna, Þórarni Ívarssyni.

Þórarinn hélt því fram fyrir dómi að maðurinn hafi verið sjálfbóðaliði. Dómurinn taldi það fráleitt, enda hafi Þórarinn sjálfur skrifað yfirlýsingu þar sem fram hafi komið að maðurinn hafi verið starfsmaður samtakanna og launa-

kjör hans gefin upp. Einnig vísar dómurinn í fjölmörg tölvubréf frá Þórarni sem sýni svo ekki verði um villst að maðurinn hafi verið starfsmaður samtakanna.

Samið var við starfsmanninn um að hann fengi hlutdeild í húsnæði sem Veraldarvinir keyptu í stað launa, en þegar hann krafðist greiðslu var henni hafnað.

„Framganga stefnda, Þórarins, verður ekki skýrð á annan hátt en að hann hafi vísvitandi verið að beita stefnanda blekkingum þegar hann réði hann til starfa með lofordum um greiðslu sem síðan kom í ljós að hann ætlaði ekki að standa við,“ segir í dómi héraðsdóms.

Veraldarvinir byggðu kröfu sína um sýknu meðal annars á því að maðurinn hafi ekki getað verið starfsmaður því hann hafi ekki haft atvinnuleyfi hér á landi. Dómurinn benti hins vegar á að einstaklingur geti ekki sótt um slíkt leyfi, og verði það að vinnuveitandi sinni ekki þeirri skyldu ekki ástæða til að sýkna Veraldarvini.

Starfsmaðurinn krafðist ógreiddra launa og féllst dómurinn á kröfuna, utan við kröfur um lífeyrissjóðsgreiðslur. Voru því Veraldarvinir og framkvæmdastjórinn dæmd til að greiða starfsmanninum fyrrverandi um 5,7 milljónir króna, auk 700 þúsund króna málskostnaðar.

brjann@frettabladid.is



FÆR LAUN Oscar Mauricio Uscategui vann í gær mál sem hann höfðaði til að fá næstum tveggja ára laun greidd frá Veraldarvinum. Hann starfar nú fyrir önnur sjálfbóðaliðasamtök hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

DÓMURINN LÉTTIR

„Auðvitað létti mér við að sjá þennan dóm, ég hætti að vinna fyrir Veraldarvini fyrir næstum tveimur árum, og það hefur kostað tíma og orku að sækja þetta mál,“ segir Oscar Mauricio Uscategui, sem vann í gær launamál sitt í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Hann segir að framkvæmdastjóri Veraldarvina hafi misnotað traust sitt, og að hann viti um í það minnsta einn einstakling sem starfaði hjá samtökunum sem hætti þar

sem hann fékk ekki greitt eins og samið hafi verið um.

Oscar býr enn hér á landi, og fljótlega eftir að hann hætti hjá Veraldarvinum stofnaði hann ásamt öðrum ný sjálfbóðaliðasamtök, SEEDS. Samtökin senda sjálfbóðaliða frá Íslandi út í heim og taka á móti hópum sjálfbóðaliða sem koma til Íslands. Um 300 sjálfbóðaliðar koma hingað til lands á vegum samtakanna í sumar.

HYGGST ÁFRÝJA

„Dómur héraðsdóms er rangur og honum verður áfrýjað,“ segir Þórarinn Ívarsson, framkvæmdastjóri Veraldarvina. „Niðurstaðan er röng, við teljum okkur ekki eiga að greiða í samræmi við dóminn, það er alveg á hreinu.“

Þórarinn segir það algerlega rangt að hann hafi blekkt manninn, eins og fram kemur í dóminum. Hann

segir dóminn geta haft áhrif á Veraldarvini, en segist vonast til þess að honum verði snúið í Hæstarétti.

Spurður hvort Veraldarvinir hafi bolmagn til að greiða laun, dráttarvexti og málskostnað staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms segir hann: „Við munum finna leiðir til að gera það, ef til þess kemur, en við trúum því ekki að það verði þannig.“

Frá kr. 2.790.000

TUCSON

Gerðu góð kaup og veldu Hyundai

Með bíllinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	20°C skýjað	London	20°C skúrir
Billund	20°C skúrir	Paris	21°C skúrir
Osló	22°C skúrir	Frankfurt	20°C skúrir
Stokkhólmur	18°C skúrir	Friedrichshafen	19°C skúrir
Gautaborg	20°C skýjað	Berlín	20°C skúrir

» á morgun

Norðlæg átt, 3-5 m/s
» **mánudagur**

Hæg norðlæg átt um allt land

Eindhoven	20°C skúrir
Basel	21°C skúrir
Alicante	26°C heiðskírt
Róm	28°C léttskýjað
Las Palmas	22°C léttskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Brúðhjón Smáralindar 2007



Sumarleikurinn Brúðhjón Smáralindar 2007

Ætlið þið að láta pússa ykkur saman í sumar?

Komið við í Smáralind, búið til gjafalista og skráið ykkur í brúðkaupsleik Smáralindar, þar sem brúðhjón Smáralindar 2007 verða valin. Heppnustu brúðhjón sumarsins fá veglegar gjafir fyrir rúmlega eina milljón króna.

Hvernig gengur leikurinn fyrir sig?

Þátttökuseðlar fást í þeim verslunum Smáralindar sem eru með í leiknum. Tilvonandi brúðhjón eða einhver þeim tengdur fyllir út seðla í þessum verslunum og í lok sumars verður þeim safnað saman og brúðhjón Smáralindar 2007 dregin út.

Vinningar:


- Smáralind:** Brúðargjafakort Smáralindar að verðmæti 100.000 kr.
- Iceland Express:** Flug fyrir 2 til einhvers af áfangastöðum Iceland Express og hótélgisting í þrjár nætur að verðmæti 140.000 kr.
- Ormsson:** AEG þvottavél og þurrkari - íslenska parið að verðmæti 200.000 kr.
- byggt og búið:** Kitchen Aid hrærivél að verðmæti 50.000 kr.
- Tous:** Kaffistell að verðmæti 13.000 kr.
- Líf og List:** Pottar frá Eva Solo að verðmæti 50.000 kr.
- Drangey:** Titan-ferðataska að verðmæti 20.000 kr.
- Hans Petersen:** Canon vídeótökuvél, MV930, 5 spólur og myndarammi að verðmæti 50.000 kr.
- Adesso:** Gjafabréf að verðmæti 20.000 kr.
- Hygea-snyrtistofa:** Lúxus meðferð fyrir brúðhjónin að verðmæti 30.000 kr.
- Body Shop:** Gjafakarfa fyrir brúðhjónin að verðmæti 15.000 kr.
- Smárabíó:** 10 miðar í lúxussalinn að verðmæti 20.000 kr.
- BT:** 42" Panasonic plasmaskjár og Panasonic upptökutæki m. 160 GB hörðum diskum samtals að verðmæti 250.000 kr.
- Hagkaup:** BBQ 2300 master grill að verðmæti 50.000 kr.
- Jón og Óskar:** Tvö Delma úr að verðmæti 50.000 kr. samtals
- Síminn:** Tveir GSM símar að verðmæti 20.000 kr. hvor

OPIÐ TIL KL. 18 Í DAG



Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

KJÖRKASSINN




Vilt þú fleiri álver á Íslandi?

Já	40%
Nei	60%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Eru nauðgunardómar nógu þungir?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Kappakstur tveggja ungra ökumanna endaði með alvarlegu slysi:

Prennt á gjörgæslu eftir ofsakstur

SLYS Þrjú ungmenni liggja alvarlega slösuð á gjörgæsludeild Landspítalans eftir ofsakstur á Geirsgötu í Reykjavík aðfaranótt föstudags. Kappakstri tveggja bíla lauk með því að annar þeirra hafnaði á húsi Hamborgarabúllunnar.

Bílunum var ekið vestur Geirsgötu en ökumaður annars þeirra, 18 ára piltur, missti stjórn á bílnum í beygju, rakst utan í kyrrstæðan bíl og hafnaði á austurhluta Hamborgarabúllunnar. Prennt var í bílnum, tveir piltar og ein stúlka, og voru þau öll flutt á gjörgæslu. Kalla þurfti út tækjabíl slökkviliðsins til þess að klippa ökumanninn úr bílnum.

Á þessum slóðum er 50 kílómetra hámarks hraði en lögreglu grunar að ökumennirnir hafi ekið mun greiðar en það.

„Við vitum ekki hversu hratt var ekið en samkvæmt framburði fólks á staðnum var um hraðakstur að ræða,“ segir Margeir Sveinsson, lögreglufulltrúi á rannsóknardeild umferðarlagabrota. Hann segir að unnið sé að rannsókn málsins og ekki hægt að segja til um hvort ökumennirnir eigi von á sektum. „Tíminn verður að leiða það í ljós en við vinnum samkvæmt nýju umferðarlögum sem meðal annars heimila upp-töku ökutækja.“



HAFNAÐI Á HAMBORGARABÚLLUNNI Hér missti ökumaðurinn stjórn á bifreiðinni sem hafnaði á Hamborgarabúllunni.

DÆMIN OF MÖRG

„Það eru allt of mörg dæmi um kappakstur af þessu tagi,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri hjá umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir að um nætur og kvöld hafi lögregla oft spurnir af kappakstri eða spyrnu bíla og bifhjóla og stundum endi það illa eins og aðfaranótt föstudagsins.

„Það er erfitt að eiga við þetta. Áróðurinn er til staðar og hann gerir sitt gagn. Hins vegar eru alltaf einhverjir sem láta áróður gegn hraðakstri sem vind um eyrun þjóta, til dæmis unga fólk sem heldur að það sé ódauðlegt,“ segir Guðbrandur en áréttar að ekki megi alháfa og flestir séu til fyrirmyndar í umferðinni.

- þo

GEFÐU SJÓNVARPINU FRÍ OG TAKTU BÓKINA MEÐ Í BÚSTAÐINN

Kíktu á úrvalið hjá okkur!

opið til kl. 22.00 öll kvöld

BOKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



Vegabréf N1

Mundu eftir Vegabréfinu!

N1

Stímslaðu þig inn í sumarsíminn N1



2007

→ TULLBESLÁN * (3-125) *
→ 2. MAJ 2003
HRISEY (5)

24. JUNÍ 2007

Gróðavon í að ráða konur á lægra kaupi

Kynbundinn launamunur mælist 10-12 prósent árið 2006 í nýrri rannsókn. Óleiðréttur launamunur kynjanna hjá 50 ára og eldri er 30 prósent. „Langvandaðasta rannsóknin,“ segir aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

JAFNRÉTTI Kynbundinn launamunur mælist 10-12 prósent samkvæmt nýrri viðamikilli rannsókn á launagreiðslum íslenskra fyrirtækja árið 2006.

Föst mánaðarlaun kvenna eru að meðaltali 18 prósentum lægri en karla, en 6-8 prósent verða útskýrð með mun á menntun kynjanna, starfi, aldri eða starfsaldri.

Að rannsókninni stóðu Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Samtök atvinnulífsins og ParX viðskiptaráðgjöf IBM.

Rannsóknin byggir á gögnum úr launabókhalda 102 fyrirtækja með rúmlega 6.300 starfsmenn alls. Fyrirtækin eru fengin úr gagnasafni ParX og starfa nær öll í einkageiranum.

„Öll umræða um launamun kynjanna hefur byggst á mjög ófullkomnum gögnum og óvarlegum túlkunum á þessum ófullkomnu gögnum,“ segir Hannes Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Það sem við erum að leggja fram er að okkar mati langvandaðasta rannsóknin sem gerð hefur verið á launamun kynjanna hérna á Íslandi,“ segir Hannes.

Í rannsóknina vantar upplýsingar um ábyrgð í starfi, frammistöðu og fjölskylduástandur, en allt þetta gæti haft áhrif á laun.

„Ef gert er ráð fyrir að ástæða þessa launamunar liggja að engu leyti í mun á afköstum karla og kvenna felst veruleg ónotuð gróðavon í því fyrir fyrirtæki að ráða konur til vinnu,“ segir í skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

Í könnuninni kemur fram að launamunurinn er meiri hjá eldri fólki en yngra. Óleiðréttur launamunur 50 ára og eldri er um 30 prósent, en er 18 prósent að meðaltali yfir alla þátttakendur.


Lág meðallaun þeirra kvenna



KYNBUNDINN LAUNAMUNUR Ef kvenkyns og karlkyns starfsmaður afkasta jafn miklu er gróðavænlega að ráða konuna, samkvæmt skýrslu um kynbundinn launamunur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LAUN EFTIR KYNI OG ALDRI HJÁ FYRIRTÆKI Í GAGNASAFNI PRAX



sem hæstan starfsaldur hafa má mögulega skýra með lægra menntunarstigi þeirra en karlanna á sama aldri.

Haustið 2006 kom út könnun frá Capacent Gallup á vegum félagsmálaráðuneytisins. Átta stofnanir og fyrirtæki voru skoðuð og í ljós kom að laun kvenna voru 16 prósent lægri en karla. Launamunur

inn hefði staðið í stað í áratug.

„Það er búið að endurtaka svo oft að þessi úrvinnsla úr átta fyrirtækjum með 16 prósentu muninum sé hinn heilagi sannleikur, að það er allir farnir að trúa því og líka því að það hafi ekkert breyst á tíu árum,“ segir Hannes. „Það hefur bara allt breyst á tíu árum.“

steindor@frettabladid.is

Bæjarstjóri Árborgar telur of seint að gera nýja tillögu að deiliskipulagi:

Ekki kosið um deiliskipulagið

SELFOSS „Það er búið að vinna að þessu máli í um það bil eitt ár. Það var sátt um þessa tillögu nær allan tímann og því tel ég fullseint að tala um íbúakosningu núna,“ segir Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri á Selfossi.

Á fimmtudaginn var haldinn vel sóttur fundur um tillögu að nýjum miðbæ Selfyssinga. Í ályktun var bæjarstjórn hvött til að endurskoða skipulagið eða leggja tillöguna



RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR

undir dóm íbúa með kosningu.

Ragnheiður bendir á að íbúar hafi ekki annan valkost sem komin sé á sambærilegt vinnslustig. Þeir gætu því einungis hafnað eða samþykkt núverandi tillögu.

„Ef við hverfum frá tillögunni núna erum við komin á núllpunkt aftur. Við verðum að geta klárað það sem við byrjum á, annars verður hér aldrei miðbær.“

Ragnheiður telur því að meira lýðræði kunní að vera í því fólgið að íbúar geri athugasemdir. „Við munum auglýsa þessa deiliskipulagstillögu eins og lög kveða á um og fara yfir hverja einustu tillögu. Síðan verður fundað um athuga-



FRÁ HÓTEL SELFOSSI Á fundinum skoraði Miðbæjarfélagið á bæjarstjórn að breyta deiliskipulagi eða láta kjósa um tillögu að því. Bæjarstjórnin segir það um seina.

MYND/EGILL BJARNASON

semðirnar í skipulags- og byggingaefnd og ákveðið hvort ástæða sé til að taka tillit til þeirra,“ segir hún.

- kóp



TAX FREE

DAGAR

Dagana 22.-24. júní
afnemunum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI
OG SKÓM.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, skó, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa þrjá daga.

*Fatnaður og skór
á alla
fjölskylduna*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 24. júní 2007.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARID?



1. Tvö erlend símfyrirtæki hafa fengið heimild til að reka GSM-kerfi hér á landi. Frá hvaða landi eru þau?
2. Hvaða þekkti handknattleikskappi æfir með meistara-flokki Vals í knattspyrnu?
3. Hvaða erlendi poppari les úr Búkkollu á netinu?

Landlæknir hefur birt greinargerð vegna veikinda á Kárahnjúkum og segir úrbætur hafa skilað árangri:

Ummæli Kárahnjúkalæknis óheppileg

HEILBRIGÐISMÁL Aðgerðir sem grip-
ið var til á Kárahnjúkum í kjölfar
veikinda tuga gangastarfsmanna
Impregilo í apríl síðastliðnum vir-
ast hafa borið árangur. Engar til-
kynningar hafa síðan borist um að
mengun hafi farið yfir viðmiðunarmörk.
Þetta er niðurstaða nýrrar
greinargerðar landlæknis sem birt
var í gær.

Landlæknir segir ennfremur að
ummæli Þorsteins Njálssonar, yfir-
læknis á Kárahnjúkum, þegar málið
komst í hámmæli hafi verið orðum
aukin og óheppileg, en hann fór mik-
inn í gagnrýni sinni á Impregilo og
aðbúnað starfsfólks.

Bera fór á veikindum starfs-

manna vegna loftmengunar í
aðgöngum Kárahnjúkavirkjunar 10.
apríl. Fréttablaðið sagði frá því 23.
apríl að 40 starfsmenn hefðu veikst
af matareitrun í göngum.

Í greinargerð Haraldar Briem
sóttvarnalæknis og Sigurðar Þor-
steinssonar, formanns sóttvarna-
ráðs, sem fylgir greinargerð land-
læknis, kemur fram að
matareitrunin hafi verið óháð
aðstæðum í göngunum og hafi verið
einstakur atburður sem tengist mat-
argerð og vörslu tilbúinna matvæla.
Þar er þó tekið undir athugasemdir
Heilbrigðisstofnunar Austurlands
um hreinlæti í göngunum og úrbóta
sögð þörf á meðferð matvæla.

Landlæknir segir að á annan tug
manna til viðbótar hafi líklega eða
örugglega veikst vegna loftmeng-
unar í göngum, og um 40 hugsan-
lega eða ólíklega. Þorsteinn tók
saman lista með yfir 180 nöfnum
starfsmanna sem hann sagði hafa
veikst, en eins og áður segir veikt-
ust mun færri.

Rússneskur læknir sem starfaði
undir Þorsteini afhenti Impregilo
listann og segir landlæknir að þar
með hafi hann brotið eðlilegar
vinnureglur, þótt tekið sé fram að
upplýsingarnar sem fram komu á
listanum geti tæpast talist mjög við-
kvæmar. Þá er Þorsteinn gagnrýndur
fyrir að fara ekki réttar boðleiðir



GANGASTARFSMENN Sóttvarnalæknir
telur matareitrun 40 starfsmanna ekki
stafa af loftmengun í göngum, heldur
vörslu matvæla. FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR

eftir að honum urðu veikindin ljós,
þannig að réttmætar áhyggjur hans
hafi síður haft áhrif. - sh



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni
www.minjasafnreykjavikur.is



Minjasafn
Reykjavíkur



ÁRBÆJARSAFN
Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300
www.minjasafnreykjavikur.is

Fundur voldugra meðlima: Bakslag í WTO- viðræðunum

ÞÝSKALAND, AP Alvarlegt bakslag
varð í tilraunum Alþjóðavið-
skiptastofnunarinnar WTO til að
ná samkomulagi um alþjóðlegt
viðskiptasamkomulag fyrir lok
þessa árs, Doha-lotunni svo-
nefndu, eftir að úrslitafundur
fjögurra voldugustu meðlima
stofnunarinnar fór út um þúfur í
gær.

Fulltrúar Brasílu og Indlands
gagnrýndu Bandaríkin fyrir að
vilja ekki skera nógu mikið
niður þá milljarðastyrki sem
bandarískir bændur fá árlega.

Fulltrúar ESB og Bandarík-
anna sögðu að hagvaxtarveldin
Brasílu og Indland hefðu neitað
að bjóða upp á ný markaðstæki-
færi fyrir útflutning iðnvæðis
en hrósuðu hvort öðru fyrir að
sýna sveigjanleika.

- sdg

HÍ fær meira rannsóknarfé

Að mörgu öðru er að hyggja en beinum ríkisfram-
lögum þegar háskólarnir eru bornir saman, að mati
menntamálaráðherra. Íslenskt skólakerfi standi að
mörgu leyti betur en erlent.

MENNTUN „Það þýðir ekki að bera
saman epli og appelsínur,“ segir
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
menntamálaráðherra, spurð um
þann mun á rekstraraumhverfi
einkaskóla og ríkisskóla, sem gerður
er að umtalsefni í skýrslu Ríkis-
endurskoðunar um háskólakennslu
á Íslandi.

Í skýrslunni er bent á að hvergi
annars staðar á Norðurlöndunum
fái einkaskólar ríkisframlög til
jafns við opinbera skóla. Valdi
þetta nokkrum aðstöðumuni, sem
lýsir sér til dæmis í miklu launabili
milli kennara við Háskóla Íslands
(HÍ) og Háskólann á Bifröst. Þor-
gerður telur ábendingar skýrslu-
unnar að mörgu leyti gagnlegar, en
hún sé ekki algildur sannleikur.

„Það verður að skoða heildar-
myndina. Háskóli Íslands er til
dæmis mun betur settur en Háskól-
inn á Bifröst hvað rannsóknarfjár-
magn varðar. Það þýðir ekki að
taka einungis kennsluþáttinn,“
segir hún. Þessi stuðningur sem
fáið er með rannsóknarsamningum
geri starfsumhverfið meira aðlað-
andi og skólann samkeppnishæf-
ari.

Þorgerður er ánægð með stefnu
ríkisstjórnarinnar um háskóla.
Stefnan hafi gert íslenskt skóla-
kerfi að mörgu leyti betra en kerfi
ýmissa Evrópulanda.

„Hefðum við ekki farið þessa
leið þá stæðum við ekki frammi
fyrir þessari fjölbreytni í háskóla-
lífinu í dag. Við höfum farið aðrar
leiðir, sem betur fer, en Norðurlöndin.
Því höfum við fengið þessi
tækifæri á skemmri tíma en þau og
þjóðir eins og Þýskaland og Frakk-
land þar sem háskólakerfið er
algjörlega staðnað og menn eru
komin í ákveðin öngstræti.“

Samkæmt skýrslunni eru mun
fleiri við nám í viðskiptafræði á
Íslandi en í nágrannalöndunum.
Brottfall nemenda úr greininni er
57 prósent við HÍ, með tilheyrandi



MENNTAMÁLARÁÐHERRA Þorgerður
segir skýrslu Ríkisendurskoðunar að
mörgu leyti gagnlega. Hún sé hins vegar
ekki algildur sannleikur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

kostnaði. Ríkisendurskoðun leggur
til að takmarkaður verði fjöldi
nemenda í einstakar námsgreinar,
til dæmis með inntökuprófum þar
sem nemendur keppi um lausu
plássin. Þorgerður er þessu ósam-
mála og varar við stýringu ríkisins
í þessum efnum.

„Það hefur hvergi heppnast að
ríkið stýri því hvað megi fara
margir einstaklingar í hvert fag,
heldur verða einstaklingarnir sjálf-
ir að meta það. Eigum við að koma
í veg fyrir það, ef fólk vill fara í
viðskiptafræði?“

Þorgerður vill standa vörð um
sjálfstæði háskólanna og ákvörð-
unarvald þeirra um stjórnun. Það
hafi verið gert með nýrri ramma-
lögjöf um háskólana, en háskól-
arnir hafa enn tíma til að laga sig
að henni. Ráðherra telur löggin til
tímamóta, enda geri þau einnig
mjög skýrar gæðakröfur til
íslenskra háskóla.

klemens@frettabladid.is

LÁNIÐ LEIKUR VIÐ ÞIG

Ef þú tekur nýtt bílalan hjá Avant í júní færðu 10.000 kr. Innkort frá N1.
Innkortið getur þú notað til að kaupa vörur eða þjónustu á öllum
afgreiðslustöðum N1, til dæmis eitthvað fyrir bílinn eða grillið.

TAKTU LÁNIÐ HJÁ AVANT OG NJÓTTU SUMARSINS!

SONENM / SVA / N1/2006



AVANT **N1**

Dómsmálaráðherra um vernd barna:

Aðgerðir ræddar

STJÓRNMÁL Leiðir til að hindra að
netið sé notað til að lokka börn til
kynferðislegs sambands var
meginefni fundar dómsmálaráð-
herra Norðurlandanna í vikunni.

Ætla þeir að fela ríkislögreglu-
stjórum að fjalla um sameigin-
legar aðgerðir Norðurlandanna.

Rætt var um hvernig unnt sé
að bregðast við með refsireglum
þegar barn er lokkað til kynferð-
islegs sambands.

Björn Bjarnason dómsmála-

ráðherra segir það álitaefti
hvort gildandi lög dugi til
refsinga fyrir lokkun barns
eða hvort setja þurfi ný ákvæði
í lög. Um það séu skiptar
skoðanir meðal fræðimanna.

**BJÖRN
BJARNASON**

- bps



Fjölskylduhátíð við Esjurætur

Komdu í dag og
njóttu útiverunnar
með okkur á
Esjunni
– hlökkum til
að sjá þig!

Hoppukastali,
andlitsmálun,
blöðrur, grillaðar
pysur, gos og
margt fleira
skemmtilegt!

Í dag bjóða SPRON og Ferðafélag Íslands þér og fjölskyldunni að taka þátt í árlegum Esjudegi.

Skemmtum okkur saman við Esjurætur

Frábær skemmtun í boði fyrir alla fjölskylduna.

Í dag verða margvísleg atriði, m.a. Kárius og Baktus, Nylon, Jógvan, gönguferðir og Esjukapphaup.

- 12:30 Skráning í Esjukapphaup til kl. 13:00.
- 13:00 Esjudagurinn settur.
- 13:05 Upphitun undir stjórn Hreyfingar.
- 13:20 Esjukapphaupið ræst.
- 13:25 Ganga á Þverfellshorn í umsjón fararstjóra Ferðafélags Íslands. Gönguferð um skóginn á Mógilsá í umsjón Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélag Reykjavíkur.
- 13:35 Kárius og Baktus bregða á leik.
- 14:00 Jógvan tekur lög af nýja geisladiskinum sínum.
- 14:30 Nylon stígur á svið og tekur nokkur lög.
- 15:00 Verðlaunaafhending fyrir Esjukapphaupið.
- 15:10 Dagskrá lýkur.

Kynnar: Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Halldóra Geirharðsdóttir.

Vertu með okkur á toppnum – á Jónsmessunótt

Í kvöld verður sannkölluð Jónsmessustemming.

Jónsmessuganga, söngur, glens og gaman.

Dagskránni lýkur svo með Jónsmessubrennu á toppi Esjunnar ef veður leyfir.

- 20:30 Árni Björnsson Þjóðháttufræðingur fjallar um hefðir á Jónsmessu.
- 20:50 Þjóðdansafélagið stígur á stökk.
- 21:00 Jónsmessu- og miðnæturganga á Esjuna í umsjón Ólafs Arnar Haraldssonar, forseta Ferðafélags Íslands.
- 23:00 Jónsmessubrenna á Esjutoppi ef veður leyfir. Sungið við undirleik Guðmundar Hallvarðssonar.
- 00:15 Haldið heim á leið.

Esjan er algjör draumur

– á Jónsmessunótt!



75 ára



Almennur kynningarfundur



Sundabraut

Vegagerðin og Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar boða til almenns kynningarfundar um mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar.

Fundurinn verður haldinn í Rimaskóla

Þriðjudaginn 26. júní kl. 17.00



Sundabraut, áfangi 1 og 2, leið III, eyjalausn



Sundabraut, áfangi 1 og 2, sundagöng



Saumavélaumboðin hafa litlar áhyggjur af innrás útlendinga á markaðinn:

Auglýsingarnar voru villandi

VIÐSKIPTI „Ég held þetta hljóti að vera í genunum hjá Íslendingum. Í hvert sinn sem auglýst er tilboð á raftækjum verður allt vitlaust,“ segir Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, sem er einn stærsti umboðsáðili fyrir saumavélar á Íslandi. Örtröð myndaðist í Kringlunni þegar erlendir aðilar mættu þangað til þess að selja saumavélar á tilboðsverði.

Margrét furðar sig á upphlaupinu enda segir hún að verðið sem Bandaríkjamennirnir bjóði sé samþæflegt við það sem þekkt hefur hér á landi lengi og ýmsir aðilar selji jafnvel ódýrari vélar. „Ódýrasta vélin hjá mér er litlu dýrari og



ÖRTRÖÐ EFTIR SAUMAVÉL Mikill mannfjöldi ætlaði að næla sér í ódýrar saumavélar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

henni fylgir námskeið. Auglýsingin sem þeir sendu út var líka afar vill-

andi. Þeir geta ekki auglýst 62 prósentu afslátt af vöru sem hefur ekki verið á markaði hér áður,“ segir Margrét.

Hans Gíslason, eigandi Viðgerðabjónustunnar, er með þjónustusamning við Bandaríkjamennina. „Þeir eru alfarið á eigin vegum en þar sem ég er með Necchi-umboðið á Íslandi tók ég að mér að þjónusta þessar vélar,“ segir Hans. Hann er sammála Margréti um að auglýsingarnar séu villandi. „Það er til dæmis ekki rétt hjá þeim að vélnar séu með 25 ára ábyrgð. Ábyrgðin er tvö ár, en framleiðandinn ábyrgist að varahlutirnir verði til í 25 ár,“ segir Hans.

- þo

LÖGREGLUFRETTIR

Skemmdarvargar á Höfn

Lögreglan á Höfn í Hornafirði leitar nú skemmdarvarga sem hafa farið á kreik tvær nætur í röð og skemmt bíla í porti við áhaldageymsluna. Rúður hafa verið brotnar í átta bílum og aðrir hlutir sem geymdir eru á staðnum hafa einnig verið skemmdir.

Með fíkniefni undir stýri

Fíkniefni fundust á fólki í bifreið sem lögreglan í Borgarnesi stöðvaði aðfaranótt föstudags. Þrennt var í bílnum og er ökumaðurinn grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.



HÖFUÐSTÖÐVAR Í þessu húsi við Ármúla er IMC Ísland ehf. til húsa. Samkvæmt skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar um markaðsmál virðist „farsímabjónusta IMC vera á tilraunastigi enn sem komið er“. Sjö ár eru liðin síðan fyrirtækið fékk tíðniheimild.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

www.poulsen.is

Bílavarahlutir
Þurrkublöð

Poulsen
partur af lífinu

Poulsen Skeifan 2
Sími: 530 5900 - www.poulsen.is

BLUE LAGOON
ICELAND

Bláa Lónið – Gönguferðir með leiðsögn

Bláa Lónið í samvinnu við Leiðsögumenn Reykjaness býður upp á daglegar gönguferðir klukkan 10.00 tímabilið 1. júní–31. ágúst.

Orkuríkt umhverfi Bláa Lónsins, jarðfræði og saga er meðal ess sem áttakendur í daglegum gönguferðum munu kynna. Ferðirnar hefjast við Bláa Lónið aðan sem gengið er að lækningalindinni. Gengið er að Þróunarsetri og að orkuveri Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi. Gangan endar í Bláa Lóninu.

Gönguferðin tekur um eina og hálf klukkustund. Mælt er með gönguskóm og hlýjum fatnaði. Verð: 1.000 kr. Miðar eru seldir í gestamóttöku Bláa Lónsins.

www.bluelagoon.is

Símfyrirtæki seldi samtals sex símkort

IMC Ísland ehf. fékk heimild til GSM-reksturs árið 2000 og hóf þjónustu sína tveimur árum síðar. Í lok árs 2005 var markaðshlutdeild þeirra 0,002 prósent eða sex manns. Leyfið hefur ekki verið afturkallað.

FJARSKIPTI Dæmi eru um að fjarskiptafyrirtæki hafi fengið heimild til að reka GSM-kerfi á Íslandi en ekki nýtt það. Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki afturkallað leyfið þótt reglur um úthlutun tíðniheimilda gefi til efni til þess.

IMC Ísland ehf. fékk tíðniheimild til GSM-reksturs á nokkrum þéttbýlisstöðum árið 2000. Fyrirtækið hóf farsímabjónustu á Akureyri árið 2002 og byrjaði að selja fyrirframgreidd símkort árið 2004. Í lok árs 2005 höfðu sex kort verið seld.

Í skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar um markaðsmál síðan í febrúar á þessu ári segir að „markaðshlutdeild IMC sé það lág að draga megi í efa hvort fyrirtækið sé í raun með starfsemi á viðkomandi markaði.“ Þrátt fyrir að reglur segi að stofnunin geti dregið tíðniúthlutun til baka ef leyfishafi fullnægir ekki ákvæðum, meðal annars um notendafjölda og afkomutölur, hefur leyfi IMC ekki verið afturkallað.

IMC er með GSM-senda á Akureyri, Egilsstöðum, Eskifirði, Neskaupstað, Reyðarfirði, Sauðárkróki og Húsavík. Viðskiptavinir þeirra utan Íslands voru um 2.500 í lok árs 2005, að mestu

leyti fyrirtæki og stofnanir í Bandaríkjunum. IMC er dótturfyrirtæki bandaríska fyrirtækisins WorldCell.

Fréttablaðið sagði í gær frá tíðniúthlutun Póst- og fjarskiptastofnunar vegna GSM-reksturs á Íslandi. Tvö svissnesk fyrirtæki, Amitelo og BebbiCell, fengu leyfi til umsagnar en íslensku fyrirtækjunum Núll-Níu og IP-Fjarskiptum var sýnað. Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri Núll-Níu, sagðist draga í efa að svissnesku fyrirtækjunum væri alvara með að setja upp GSM-kerfi hérlendis.

„Ef leyfishafar standa ekki við þau ákvæði sem fram koma í tíðniheimildinni fer í gang ákveðið ferli sem gæti að lokum endað á því að leyfið verður tekið af þeim,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar. Aðspurður hvers vegna IMC sé ennþá með sitt leyfi segir hann fyrirtækið hafa verið með ýmsa aðra starfsemi en fyrirframgreidd símkort.

„Þeir hafa vissulega farið mjög rólega af stað þó ég segi ekki meira. Ég hefði sjálfur viljað sjá þá gera meira, en þeir hafa ekki treyst sér til þess,“ segir hann.

salvar@frettabladid.is

Vinnur þú ferð á Formúlu 1?



Ef þú kaupir 25 lítra eða meira af Shell V-Power dagana 18. júní til 1. júlí færðu skafmiða sem gæti fært þér ferð fyrir tvo á Formúlu eitt kappaksturinn í Þýskalandi í júlí. Vildarvinir Shell eiga tvöfalda möguleika.

Shell V-Power

Made to move





GRILL- OG HOLLUSTUHÁTÍÐ

Við grillum á laugardag milli 14.00 og 16.00 - tilboðin standa alla helgina

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM WEBER-GRILLAUKAHLUTUM



Grillhátíðin er í boði:



Meyjarblómi
-góður í ker, viljugur að blómstra



Tvíburaspori
-hengiplanta, fæst í mörgum litum



Sólboði
-harðger, vindpollinn, fæst í mörgum litum

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HOLLUSTUVÖRUM Í NÝJU HEILSUDEILDINNI

HOLLT OG GOTT Í GARÐHEIMUM

Smakkið öðruvísi meðlæti með grillmatnum!

HOLLUSTUHÁTÍÐIN er í boði:

Himnesk hollusta
Heilsa

Mjólkursamsalan
Akur



20 - 40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM



GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
8.237 +0,55%

Fjöldi viðskipta: 544

Velta: 12.247 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ FÖROYA BANKI 2,88%
ACTAVIS 1,72%
ÖSSUR 1,40%

MESTA LÆKKUN

↓ ICELANDIC GROUP 0,78%
FL GROUP 0,50%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,70 +0,00% ... Actavis 88,50 +1,72% ... Alfesca 5,13 +0,00% ... Atlantic Petroleum 1.125 +1,35% ... Atorka 8,08 +0,00% ... Bakkavör 70,00 +0,72% ... Eimskipafélagið 39,90 +0,00% ... FL Group 29,65 -0,50% ... Glitnir 28,65 +1,24% ... Kaupþing 1.108 +0,00% ... Landsbankinn 38,25 +0,79% ... Marel 85,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,90 +0,30% ... Straumur-Burðarás 21,30 +0,95% ... Össur 109,00 +1,40%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Reykjavík dýrari en Köben

Eftir því sem fyrirtæki verða alþjóðlegri því algengara verður það að skrásetja félög í fleiri en einni kauphöll. Kaupþing er skráð á tveimur stöðum og Föroya Banki, sem fór á markað í vikunni, er annað dæmi um fyrirtæki sem er skráð í tvær kauphallir, annars vegar í Kauphöll Íslands og hins vegar í Kaupmannahöfn. Mikil viðskipti voru með bréf félagsins á fyrsta degi og hækkaði gengið um 29 prósent á Íslandi. Lokagengið í Reykjavík var 243 danskar krónur á hlut en hins vegar aðeins 230 í Kaupmannahöfn eða 5,3 prósentum lægra. Útsjónarsamir spekulantar gátu því hugsanlega grætt á þessum mikla gengismun milli kauphalla: Keypt í Kaupmannahöfn og selt í Reykjavík. Það kom ekki á óvart að gengið leiddist við opnun markaða í Kaupmannahöfn í gærmorgun.

Garðslagur í vændum

Skoski auðfóðurinn sir Tom Hunter hefur enn aukið við hlut sinn í skosku garðvörueðjunni Dobbies og fer nú með fjórðungshlut í henni. Það er talið nægja honum til að hindra yfirtöku Tesco á henni.



Hlutur Hunters í Dobbies hefur stækkað hratt. Þegar Tesco lagði fram yfirtökutilboð sitt upp á tæpar 156 milljónir punda, jafnvirði 19,7 milljarða íslenskra króna, um miðjan mánuðinn, fór hann með um 10 prósent. Kaupþing í Bretlandi er bakhjarl Hunters í fjárfestingum í Bretlandi en fjölmiðlar þar í landi hafa velt því fyrir sér hvort Baugur og fleiri fjárfestar sem hafi verið samferða í öðrum kaupum muni koma að yfirtökutilboði í Dobbies fari hann gegn Tesco.

MARKAÐSPUNKTAR

Bakkavör Group hefur lokið kaupum á kínverska salatfyrirtækinu Creative Foods í samstarfi við Glitni. Félagið keypti 40 prósent í félaginu í mars í fyrra og stofnaði þá nýtt félag, Bakkavör China, sem einbeitt sér að fjárfestingum í Kína.

Kjalar Invest B.V. og Egla hf., félag í meirihlutaeigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, hafa flutt eignarhluti sína í Kaupþing í nýstofnað eignarhaldsfélag, Egla Invest B.V. í Hollandi. Færslan er liður í endurfjármögnun félagsins.

Gengi kínversku SCI-vísitölunnar féll um 3,4 prósent í kauphöllinni Sjanghæ í Kína í gær eftir að tvö stór ríkisfyrirtæki tilkynntu að þau ætluðu að auka hlutfé sitt. Greinendur segja lækunina tímabundna.

Björgólfsfeðgar kaupa í Straumi

Hlutur Samson er metinn á 72,6 milljarða króna.

Samson Global Holdings SARL, eignarhaldsfélag í jafnri eigu feðganna Björgólfs Thors Björgólfssonar og Björgólfs Guðmundssonar, jók hlut sinn í Straumi-Burðarási í gær fyrir rúma 5,8 milljarða króna eða um 2,7 prósent.

Eftir viðskiptin halda Samson Global og fjárhagslega tengdir aðilar utan um 32,9 prósent hlutfjár í Straumi-Burðarási. Þann hlut má meta á 72,6 milljarða króna.

Lífleg viðskipti voru með bréf Straums í gær en 7,2 milljarðar skiptu um hendur í 82 viðskiptum. Lokagengi Straums var 21,3 en Samson Global keypti bréfin á meðalgenginu 20,86647 á hlut. - eþa



SAMSON KAUPIR Í STRAUMI-BURÐARÁSI Björgólfur Thor er stjórnarformaður Straums.

Stjórnin styður Novator

Stjórn Actavis ráðleggur hluthöfum að samþykkja nýtt yfirtökutilboð Novators í félagið. Tilboðið hljóðar upp á 1,075 evrur á hlut, rúmar níutíu krónur. Það nemur um 187 milljörðum.

Stjórn Actavis mælir einróma með nýju yfirtökutilboði Novators, eignarhaldsfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, í allt hlutfé félagsins í A-flokki. Álitnið byggir stjórnin á mati alþjóðlega fjárfestingarbankans JP Morgan sem fengið var henni til ráðgjafar.

Nýtt tilboð hljóðar upp á 1,075 evrur á hlut. Það nemur rúnum níutíu krónum. Fyrra tilboðið nam 0,98 evrur á hlut. Því tilboði hafði stjórnin ráðið hluthöfum frá að samþykkja.



SINDRI SINDRASON Sindri Sindrason, stjórnarmaður í Actavis, kynnti í gær ákvörðun stjórnarinnar að mæla með nýju tilboði Novators. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björgólfur og aðilar honum tengdir eiga 38,5 prósent af útgefnum hlutabréfum í A-flokki. Miðað við nýtt tilboðsverð er hann tilbúinn til að greiða 187 milljarða króna fyrir það hlutfé sem eftir stendur, eða 61,5 prósent.

Tilboðinu fylgir sá fyrirvari að skyldi Novator ákveða að selja tíu prósent eða meira af hlut sínum, innan tólf mánaða frá því tilboðstíma lýkur, fái hluthafar sérstaka aukagreiðslu. Þannig myndi tilboðsgjafi „deila hlutfallslega með hluthöfum sem samþykktu yfirtökutilboðið mismun á hinu herra tilboðsverði og söluverðinu“.

Sindri Sindrason, einn þeirra þriggja stjórnarmanna sem mátu tilboð Novators, segir þá klausu í tilboðinu ekki hafa ráðið úrslitum um samþykki stjórnarinnar. Hins vegar hefði tilboðið hugsanlega þurft að vera herra ef hún hefði ekki fylgt með. „Þetta er trygging fyrir því að ef sala félagsins er í pípunum fái hluthafar sitt út úr sólunni líka. Okkur er sagt að svo sé ekki og við höfum enga ástæðu til að véfengja það.“ Sindri á von á því að flestir af stærstu hluthöf-

um félagsins muni fylgja ráðleggjendum stjórnarinnar.

Nýja tilboðið er 19,6 prósentum herra en gengi bréfa Actavis var þann 10. maí síðastliðinn, daginn áður en Novator tilkynnti um fyrirhugað yfirtökutilboð. Í yfirlýsingu frá Björgólfi Thor Björgólfsyni segir hann nýtt tilboð endurspeglar verðmæti félagsins ríflega. „Það er ánægjulegt að stjórn Actavis og ráðgjafar hennar, JP Morgan, telja tilboðið áhugavert og sanngjarnt og að þessi óháði aðili, sem þekkir félagið mjög vel, skuli mæla með tilboðinu við hluthafa þess. Ég er ánægður að samstæða skuli vera að myndast um hvernig framtíðarhagsmunum Actavis sé best borgið.“

Novator mun að öllum líkindum birta nýja tilboðið formlega á mánudag. Frá og með þeim degi hafa hluthafar tvær vikur til að gera upp hug sinn.

Gengi bréfa í Actavis hækkaði um 1,72 prósent í Kauphöll Íslands í gær. Lokagengi var 88,50 krónur á hlut, tveimur prósentum undir nýju tilboði.

holmfridur@frettabladid.is

Í DAG

VALIANTSÝNING

www.rs.is

Prufusigling frá 16 til 18 fyrir gesti sýningarinnar.

Laugardaginn 23. júní höldum við veglega sýningu í verslun okkar að Ánanaustum 1 á Valiant harðbotna slöngubátum. Komið og skoðið úrvalið.

Opið laugardag 12-16.



R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | Sími 520 0000 | rs@rs.is

Biðin eftir tilboði Baugs á enda

Fjárfestahópur, sem ræður yfir 64,4 prósentum hlutfjár í Mosaic Fashions, móðurfélagi tiskuverzlana-keðja, hefur loks lagt fram formlegt yfirtökutilboð í Mosaic Fashions upp á 17,5 krónur á hlut. Eftir því hefur verið beðið síðan yfirtökuvíðræður hófust á milli stjórnar félagsins og Baugs og fleiri fjárfesta í byrjun maí.

Að fjárfestahópnum standa F-Capital ehf., dótturfélag Baugs, Kaupþing, Gnúpur fjárfestingafélag, Kevin Stanford, Karen Millen, The Millen Life Interest Settlement, Don M Ltd., Tessera Holding og stjórnendur Mosaic, þar á meðal forstjórinn Derek John Lovelock og fjármálastjórinn Richard Glanville.

Mosaic Fashions er metið á 50,7 milljarða króna út frá tilboðsverði sem er hæsta verð sem fjárfestarnir innan hópsins hafa greitt fyrir

hlutabréf í Mosaic á undanförunum sex mánuðum. Tilboðið er um 7,4 prósentum herra en sem nam loka-verði 3. maí, daginn áður en viðræður hófust og um 11,1 prósentum umfram meðalverð hlutabréfa á sex mánaða tímabili fyrir umrædda dagsetningu.

Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs, segir að tilboðið sé 28,7 prósentum herra en útboðsgengi félagsins þegar það fór á markað fyrir tveimur árum. Tilboðsverðið er því mjög gott fyrir hluthafa. Með afskráningunni gefist færi á að efla félagið í næði.

Ekki hafa þó allir verið jafn sannfærðir um sanngirni þess tilboðs sem beðið hefur verið eftir. Greiningardeild Landsbankans telur að tilboðsverðið endurspeglar ekki að fullu virði Mosaic og metur hlutinn á 17,9 krónur.

- eþa



TIL



HAMINGJU



MEÐ



ÁRANGURINN



35 nemendur brautskráðir með MPM gráðu (Master of Project Management) frá verkfræðideild HÍ

Í dag, laugardaginn 23. júní, kl. 14.00 verður formleg athöfn í Hátíðarsal HÍ til að fagna þessum tímamótum.

Verkfræðideild HÍ og MPM námið óska nemendum sínum innilega til hamingju með áfangann. Við erum afar stolt af nemendum okkar, boðberum nýrrar hugsunar og aukinnar skilvirkni sem á eftir að gagnast íslensku atvinnulífi jafnt sem erlendu. Við óskum þeim velfarnaðar í leik og starfi.

MPM nám er stjórnunarnám með sérstakri áherslu á verkefnastjórnun og leiðtogafræði. Nemendur hafa undirgengist alþjóðlega vottun (IPMA) á þekkingu sinni, reynslu og færni.

www.mpm.is



VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Úr Fiskborði Noatúns

NAUTAFILLET SPJÓT
MEÐ GRÆNMETI

498 kr. stk.

pú sparar 160 kr. stk.



Úr Fiskborði Noatúns

LAMBAINNRALÆRI SPJÓT
MIÐJARÐARHAFS

598 kr. stk.

pú sparar 100 kr. stk.



SS NAUTAKÓTELETTUR
ARGENTÍNSKAR

1.598 kr. kg

pú sparar 400 kr. kg



Úr Fiskborði Noatúns

LÚÐU SPJÓT
MIÐJARÐARHAFS

498 kr. stk.

Noatún mælir með!



Úr Fiskborði Noatúns

STEINBÍTSSPJÓT
M/CHILLI OG LIME

398 kr. stk.

Noatún mælir með!



Úr Fiskborði Noatúns

STEINBÍTSLÖK
KRYDDLEGIN

998 kr. kg

pú sparar 400 kr. kg



Úr Fiskborði Noatúns

SMÁLÚÐUSTEIK Í
REYKTUM TÓMATLEGI

1.498 kr. kg

pú sparar 500 kr. kg

5 tegundir af sýrðum rjóma-hefurðu prófað?



10% afsláttur



SPRITE OG
SPRITE ZERO 2L

99 kr. pk.

Nýtt frá Ballerinu - muffins!



Ballerina Mini Muffins

349

Hollt og gott frá Rauch - nýr heilsudrykkur!



NATIVA 750 ML

79 kr. stk.

NÓATÚN

Bestir í kjöti

Tilboð

- ungnautalund!

Tilbúið
grillmeðlæti í
bökkum!



Nóatún
mælir
með!

UNGNAUTALUND
ÚR KJÖTBORÐI

3.498 kr. kg.



SS CAJP'S LAMBALUNDIR

3.198 kr. kg

20%
afsláttur



NÓATÚNS KJÚKLINGABRINGUR
CHILI LIME

2.379 kr. kg

15%
afsláttur



20%
afsláttur

Nóatúns lambalærissneiðar
Las vegas og lambaframhryggja-
sneiðar Mexicana!

Ferskir og ljúffengir ávextir á
grænmetistorginu!



PLÓMUR

299 kr. kg



MANGO

299 kr. kg



ANANAS

199 kr. stk.



KIWI

199 kr. kg



AVOCADO

199 kr. kg



...í allt
sumar!

Verði ykkur að góðu!

Þingmennska:

Starf eða hlutverk?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Hvað er þingmennska? Er það starf í hefðbundinni merkingu þess orðs? Er Alþingishúsið vinnustaður eins og hver önnur skrifstofa eða færirbandaframleiðsla? Spurningar af þessu tagi vakna vegna umræðu um nýja þingmenn, önnur hlutverk þeirra og tengsl við fyrri störf.

Umræðan kviknaði fyrir þá sök að nokkrir nýir þingmenn hafa vaxið til þeirrar ábyrgðar upp úr starfi í sveitarstjórnunum. Vettvangi sveitarstjórna hefur reyndar um langa hríð verið líkt við stökkpall sem hentaði vel til meiri upplýftingar í stjórnmalum.

Nú hefur umræðan hins vegar tekið á sig nokkuð sérstaka birtingarmynd. Þau sjónarmið blómstra með öðrum orðum sem telja að ekki geti farið saman að einn og sami maðurinn sitji samtímis í sveitarstjórn og á Alþingi. Því er jafnvel haldið fram að slík háttsemi stangist á við gott siðferði.

Er rétt að tengja þetta við siðferði? Vissulega geta menn færst of mikið í fang að sitja á fleiri en einum stað. Það metur hver og einn sem í hlut á og svo á endanum umbjóðendur hans. En á það verður ekki fallist að þetta sé spurning um siðferði.

Þingmennska er einfaldlega ekki starf í venjulegri merkingu þess orðs. Hún er ekki opinbert embætti. Nær lagi er að þingmennska sé hlutverk sem menn eru kjörnir til með lýðræðislegum hætti. Hlutverkið er að mæla fyrir um hver skuli vera lög í landinu, samþykkja ráðstöfun skattpeninga og taka ábyrgð á ríkisstjórn á hverjum tíma.

Vinnustaður alþingismanna er þjóðfélagið, hver krókur þess og kimi. Alþingi er málstofa og vettvangur atkvæðagreiðslu. Það er beinlínis villandi að líkja því við vinnustað. Æskilegast er að þingmenn endurspegli sem best fjölbreytileik þjóðfélagsins frá einum tíma til annars.

Í því ljósi er kostur að alþingismenn komi sem víðast að. Þannig er mikilvægt að á Alþingi sitji menn með rætur í sveitarstjórnunum. Því lengur sem þingmenn geta haldið þeim rótum lifandi sem þeir hafa vaxið upp úr þeim mun frjórri verða þau tengsl og áhrif á löggjafarstarfið.

Með öðrum orðum: Þegar málið er brotið til mergjar er í raun réttari æskilegt að þingmenn haldi sem lengst lifandi tengslum við það umhverfi sem hefur skilað þeim inn á löggjafarsamkomuna. Það er þinginu styrkur. Hitt er fremur til þess fallið að veikja þingid þegar tengsl þingmanna við uppruna sinn í samfélaginu rofna.

Vitaskuld geta hlaðist svo mikil verkefni á þingmenn að ógerningur reynist að halda lífi í gömlum rótum. Allt er það einstaklingsbundid; gerist hratt hjá sumum en hægt hjá öðrum. Um það gilda engar formúlur.

En allt tal um að lifandi tengsl af þessu tagi beri vott um ógott siðferði er rökvilla. Skýringin getur tæpast verið önnur en sú að ruglað er saman þingmennsku og embættismennsku. Kjarni málsins er sá að eðlismunir skilja þar á milli. Vanhæfisreglur stjórnsýslu gilda til að mynda ekki og mega ekki gilda um þingmenn.

Það er lyftistöng fyrir Alþingi að formaður opinberra starfsmanna getur sameinað það hlutverk þingmennsku. Það var bót fyrir Alþingi að framkvæmdastjóri Verslunarráðs gat látið það starf fara saman með hlutverki sínu sem þingmaður. Á sinni tíð treysti það tengsl Alþingis og þjóðlífs að forystumenn Dagsbrúnar og Sjómannafélagsins sátu þar.

Sem betur fer geta ekki allir þingmenn orðið sjónvarpsþáttáþingmenn. Slíkt þing yrði tengslasnautt og fábreytilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Meðgöngujóga og meðgöngusund í Mecca Spa, í allt sumar

Þessir áhrifaríku tímar fyrir verðandi mæður sameina kosti meðgöngujóga og meðgöngusunds. Jóga er fyrsta flokks líkamsrækt sem hentar konum einstaklega vel á meðgöngu.

Allar upplýsingar á heimasíðu Mecca Spa, www.meccaspa.is og hjá Maggý jogmedmaggy@simnet.is og í síma 821-7484

anda - finna - sleppa - slaka - njóta



FRÁ DEGI TIL DAGS

Jólasveinninn styður Alfreð Þjóðaráttak til stuðnings við landsliðsþjálfara Íslands, Alfreð Gíslason, hefur vakið athygli og um miðbik dags í gær höfðu á tíunda þúsund manns skrifað undir undirskriftalista Vísis.



margin slíkir stuðningsmenn leynist á listanum góða.

Enn veitt áfengi Glöggir áhorfendur tóku eftir því að Knattspyrnusambandið hélt uppteknum hætti og veitti gestum í viðhafnarstúku áfengi fyrir leikinn og í hléi sömuleiðis. Sauðsvartur almúginn varð eftir sem áður að láta sér óáfenga drykki nægja en áfengisneysla fyririranna í svonefndri VIP-stúku á Laugardalsvellinum hefur verið töluvert gagnrýnd undanfarið.

Forsetinn styður kvennabolta

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, mætti á sigurleik íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta í fyrirakvöld. Metfjöldi áhorfenda fylgdist með íslensku stelpunum taka þær serbnesku í bakarið og var því auðvitað mjög góð stemning á leiknum. Forsetinn óskaði Þóri Kára-syni, framkvæmdastjóra KSÍ, hjartanlega til hamingju með árangurinn hjá landsliðinu og var auðvitað hinn stoltasti af stelpunum.

sigridur@frettabladid.is

Aflamarkskerfið í uppnámi

Lái mér hver sem vill, en ég hef lengi undrast þann lofsöng sem sunginn hefur verið um fiskveiðistjórnunarkerfi okkar Íslendinga. Fræðimenn í hagræði, hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, stjórnmalamenn í valdastólum, hafa um árabíl lofað og prísad aflamarkskerfið, sem á að hafa komið skikki á útgerð og fiskveiðar og leitt af sér hagræðingu í greininni með því að innleiða markaðstorg hins frjálsa framsals kvótans.

Það þýðir víst lítið að fjargviðrast lengur út af þeirri glópsku þegar fiskurinn í sjónum var gefinn útgerðinni. Það verður ekki aftur tekið, nema með þeim fornum að þjóðin borgi fyrir að endurheimta það sem hún afhenti ókeypis. En hvernig hefur þetta kerfi virkað? Þorskerfið er að fjara út og er nú í sögulegu lágmarki. Skuldir útgerðarinnar eru meiri en nokkru sinni fyrr. Og sjávarplássunum blæðir út. Allir vita að brottkast viðgengst í stórum stíl. Svindlað er við löndun framhjá kerfinu og hið frjálsa markaðskerfi hefur það í för með sér að útgerð og fiskvinnsla er færð til milli staða og byggðarlaga, án nokkurrar samfélagslegrar ábyrgðar.

Hvers vegna skyldi byggð hafa myndast og þróast í sjávarplássunum og þorpum fyrir vestan og norðan og austan? Hvers vegna settist fólk að á þessum stöðum, afskekktum og einangruðum, nema vegna þess að þaðan var og er stutt á gjöful miðin? Þar var fiskurinn lífbrauðið vegna þess að þar var ekkert annað að hafa. Þetta vita allir og blasir við. Og nú þegar kvótinn er seldur frá þessum landsvæðum samkvæmt duttlungum hinnar svokölluðu arðsemi stendur fólk á ráðalaust eftir. Og það má helst ekki tala um það. Óábyrgt tal, segja útgerðarmenn með vanþóknun, rétt eins og þetta komi engum



ELLERT B. SCHRAM Í DAG | Fiskveiðistjórnun

Það er gott og það er heiðarlegt, þegar mennirnir, sem bera ábyrgð á þessu kerfi, viðurkenna og horfast í augu við þá staðreynd að þetta hefur allt mistekist.

við nema þeim einum. Einhver kann að spyrja hvort þetta geri nokkuð til? Hvað eigi líka að vera að púka upp á staði þar sem nokkur hundruð manneskjur (sem núna eru að mestu útlendingar), treina fram lífið, sennilega mest út af því að íbúarnir geta ekki selt verðlausar húseignir sínar. Nema auðvitað útgerðaraðallinn, sem selur kvótann sinn og hverfur til Kanarí með gróðann.

Mæli þeir manna heilastir

En er þetta svona einfalt? Á bara að láta skeika sköpuðu og leyfa þeim að fara sem fara vilja? Fara burt, fara á hausinn, fara norður og niður? Er Ísland bara höfuðborgarsvæðið? Eru Íslendingar svo ofurseldir markaðslögmálum og sérhagsmunum að þeim komi það ekki við að hér sé rekið fiskveiðistjórnunarkerfi sem grefur jafnt undan mannfólkinu, byggðunum sem fiskistofnunum?

Þetta hefur mistekist, segir Einar Oddur. Þetta gengur ekki lengur, segir Sturla. Fiskveiðikerfið er ekki gallalaust, segir

Geir. Mæli þeir manna heilastir. Það er gott og það er heiðarlegt, þegar mennirnir, sem bera ábyrgð á þessu kerfi, viðurkenna og horfast í augu við þá staðreynd að þetta hefur allt mistekist. Og hvers vegna hefur það mistekist? Vegna þess að innbyggj lögmál þessa svokallaða „frjálsa“ kerfis er að taka ekki tillit til hins félagslega þáttar, virðir ekki samfélagslega ábyrgð og býður raunar upp á það að fiskurinn og kvótinn og atvinnan fari frá þeim byggðarlögum sem byggja afkomu sína og tilveru á þessum sama fiski. Það er þetta sem er að gerast og það er þess vegna sem Einar Oddur segir nú að „við verðum að endurskoða allt kerfið frá grunni“. Kvótakerfið er í uppnámi, þorskerfið að minnka og sjávarbyggðirnar að leggjast í rúst.

Auðlind til skiptanna

Ég ætla ekki að eltast við sökuðólga og ég ætla ekki að slá mér á brjóst og hrópa: sagði ég ekki. En ég ætla að vona að mönnum sé ennþá leyfilegt að segja hug sinn og tala málefnalega um þetta risavaxna vandamáli. Undirritaður er ekki með neinar patentlausnir í handraðanum en sjávarútvegurinn skiptir ennþá máli og fiskveiðistjórnin er ekki einkamáli fámennrar stéttar útgerðarmanna. Við berum öll samfélagslega ábyrgð og skyldu og þegar það blasir við öllum að í hrein óefni er komið, þegar fiskistofnarnir eru í útrýmingarhættu og sjávarplássin nærast upp, hvað er þá eðlilegra en að augu manna beinist að fiskveiðistjórnunarkerfinu sjálfu? Auðlindin í hafinu, fiskurinn í sjónum er til skiptanna, að minnsta kosti ennþá og meðan svo er, eignum við að deila þeirri auðlind út frá öðrum forsendum en þeim einum sem þóknast sérhagsmunum og stundargróða.

Meira um lagamenntun á Íslandi

UMRÆÐAN

Laganám

Bryndís Hlöðversdóttir, deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, gerir athugasemd 16. júní við grein sem ég ritaði viku fyrr í tilefni af fyrstu útskrift nemenda með fullnaðarpróf í lögfræði frá lagadeild Háskólans í Reykjavík. Í athugasemdunum sínum segir Bryndís það koma „oftan en einu sinni fram“ í grein minni, að Háskólinn í Reykjavík hafi útskrifað fyrstu lögfræðingana með fullnaðarpróf í lögfræði utan HÍ. Segir hún þetta hagræðingu á staðreyndum sem hún geti ekki setið undir þegjandi.

Því er til að svara að hér er um að ræða túlkun Bryndísar á greininni, enda kemur framangreind staðhæfing þar ekki fram. Í grein minni, sem ætlað var að vekja athygli á þeim tímamótum sem urðu í lagakennslu á Íslandi þegar 43 nemendur útskrifuðust með meistarapróf í lögfræði frá HR 9. júní, hefði aftur á móti mátt gæta meiri nákvæmni þegar segir að HÍ hafi einn sinn menntun lögfræðinga á Íslandi frá 1911 (Lagaskólinn frá 1908). Fráleitt var



DAVÍÐ ÞÓR BJÖRGVINSSON

það ætlan mín að rýra hlut Háskólans á Bifröst, sem útskrifaði sína fyrstu lögfræðinga með fullnaðarpróf í fyrri. Það var merkur áfangi. „Það er leiðinlegt að við skulum ekki blístra hvor á annan eins og fuglarnir. Orð eru villandi,“ sagði Jón Þrímur.

Samkeppni í lagakennslu hefur orðið til þess að efla lagamenntun í landinu og styrkja akademíska stöðu lögfræðinnar. Í grein minni segir um þetta: „Áhrifin koma fram í fleiri valkostum fyrir þá sem vilja leggja stund á lögfræði á Íslandi, bættum kennsluháttum og auknu framboði á námskeiðum og fræðafundum og stóruknunum metnaði við fræðistörf. Tilkoma lagakennslu við Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri eykur á fjölbreytni þessarar flóru.“ Með tilvitnuðum orðum er vakin athygli á, að lagadeildirnar fjórar eiga hver sinn þátt í þessari þróun, þótt greinin að öðru leyti fjalli einkanlega um hlutverk HR og hin merku tímamót sem útskrift fyrstu meistaraprófnemendanna þaðan vissulega er.

Höfundur er dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og prófessor við lagadeild HR.

Opið í Ormsson Smáralind

SUMAROPNUN:

Laugardaga frá kl. 11:00-18:00
Sunnudaga frá kl. 13:00-18:00

Velkomin í óvenjulega verslun!



SETTU ÞAÐ SAMAN



HTH gæðin kosta minna ef þú setur það saman ...



202.048,-

Hvít háglans/4000

ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði : Kr. 5.858.-

NÝTT
2007

GLÆSILEGAR INNRETTINGAR Á VÆGU VERÐI



Frítt teikniforrit á www.gds-hth.dk
og þú hannar þitt draumaeldhúsið
auðveldlega.

ÞESSI FRÁBÆRU SHARP LCD SJÓNVARP
Á BETRA VERÐI EN NOKKRU SINNI FYRR!

SHARP 37" LCD sjónvarp

- HD Ready - tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækni
- 1366 x 768 HD upplausn (16:9 widescreen)
- Kontrast: 1200:1 - frábær djúpt og litaskerpa
- 6 ms svartími · Birta: 450 cd/m²
- Sjónsvið: 176°/176° - myndgæðin haldast þó horft sé frá hlið
- Clear Flat hljóðkerfi - frábær og kraftmikill hljómur

SHARP LC-37GA8E 37"

Tilboðsverð : 169.900.-

Listaverð : 219.900.-

SHARP



SHARP 37" HD LCD sjónvarp

- HD Ready - tilbúið fyrir næstu kynslóð sjónvarpstækni
- 1366 x 768 HD upplausn (16:9 widescreen)
- Kontrast: 1200:1 (Dynamic 3000:1)
- frábær djúpt og litaskerpa · 6 ms svartími
- Sjónsvið: 176°/176°
- myndgæðin haldast þó horft sé frá hlið
- Stafrænt HDMI tengi og PC-tölvuinnangangur
- Birta: 450 cd/m²

SHARP LC37SA1E 37"

Tilboðsverð : 159.900.-

Listaverð : 229.900.-

DVD upptökutæki með hörðum disk

- Innbyggður 80GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)
- Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer) · Chase Play - samhljóða afspilun og upptaka · Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX

PIONEER DVR-440H

Tilboðsverð : 39.900.-

Listaverð : 49.900.-

Pioneer
MED FULLKOMNA FORYSTU



ORMSSON

Opið frá kl. 10-13
á laugardögum

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160

ORMSSON

Lokað
á laugardögum

AKUREYRI · Sími 461 5003

ORMSSON

SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908



AEG
ELDHÚSPAKKINN

AEG Competence
Ofn og helluborð
B-4101-4-M (ofn)
6000K-MN (helluborð)

EINSTAKT
TILBOÐSVERÐ:
99.900 kr.



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG uppþvottavél
50862U-W hvít
Íslenskt stjórnborð
5 kerfi · Mjög hljóðlát

EINSTAKT
TILBOÐSVERÐ:
69.900 kr.



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG þvottavél
LAVAMAT 64810
Íslenskt stjórnborð
6 kg · 1400 sn/mín

EINSTAKT
TILBOÐSVERÐ:
79.900 kr.

Nú er rétti tíminn fyrir þig
að gera góð kaup á ÚRVALS merkjum.
Gríptu tækifærið!

www.ormsson.is

2 fyrir 1 til

Montreal - Kanada

28. júní

frá aðeins kr. 19.990

Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Montreal 28. júní. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og hagstætt verðlag. Griptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Verð kr. 19.990

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 28. júní.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

MARKAÐURINN
Einfalt
mál
á www.visir.is
alla daga



Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjúsku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Árinn Fjárfestifé ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

MAÐUR VIKUNNAR

Eldist eins og gott rauðvín

RAGNAR BJARNASON



ÆVIÁGRIP

Ragnar Bjarnason, eða Raggi Bjarna eins og flestir kalla hann, fæddist 22. september 1934. Foreldrar hans voru Lára Ingibjörg Magnúsdóttir og Bjarni Böðvarsson. Tónlistina fékk hann með móðurmjólkinni; Lára Ingibjörg var dægurlagasöngkona og Bjarni var með sína eigin hljómsveit. Raggi steig sín fyrstu skref á tónlistarbrautinni sem trymbill í hljómsveit föður síns og ferðaðist með henni um landið. Fimmtán ára stofnaði hann sína eigin hljómsveit og söng í henni auk þess að berja húðir. Tvítugur var Raggi farinn að lifa eingöngu af tónlistinni og lék meðal annars með KK-sextett og Svavari Gestis. Árið 1960 sló hann í gegn svo um munaði með laginu „Vertu ekki að horfa“ og eftir það varð ekki aftur snúið. Raggi Bjarna hefur verið einn ástælasti dægurlagasöngvari landsins í áratugi og er enn að.

Raggi er tvígiftur. Síðari eiginkonu sinni, Helle Birthe Bjarnason, kynntist hann á balli í Árósum fyrir 40 árum. Hann á tvö börn af fyrri hjónabandi en eitt með Helle, og barna- og barnabarnabörnin eru nú á þriðja tug talsins.

VANN SÉR TIL FRÆGDAR

Raggi Bjarna var útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur 2007 á þjóðhátíðardaginn.

HVAÐ SEGIR HANN?

„Í raun hefur mér aldrei þótt spennandi að vera þekktur. Það er bara gaman að lifa þegar tónlistin skilar sér til fólksins og ævistarfið fellur í góðan jarðveg.“
Fréttablaðið 11. júní 2005.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Það eru ófáir Íslendingar sem hafa náð til jafnmargra og hann er enn í dag að gera það með öllum þessum lögum.“
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri.

Ómar Ragnarsson Sumargleðina, sem naut fádæma vinsælda. Þegar Raggi skildi við fyrri eiginkonu sína um miðjan sjöunda áratuginn flutti hann til Svíþjóðar. Þar gekk hann í hljómsveit og ferðaðist um Skandinavíu með henni næstu tvö árin. Á balli í Árósum fyrir um fjórtíu árum kynntist hann núverandi eiginkonu sinni, Helle Birthe Bjarnason, sem er dönsk. Hún flutti til Íslands með Ragga og hafa þau búið hér síðan. Saman eiga þau son, en fyrir átti Raggi annan son og dóttur. Hann er fyrir löngu orðinn afi og langafi og eru afkomendur hans komnir á þriðja tuginn. Starfið kallaði á tíðar fjarverur frá heimilinu en það bitnaði ekki á hjónabandinu, því Helle fór jafnan með í allar tónleikaferðir. Raggi hefur verið mikill bílaáhugamaður síðan hann tók það að sér sem aukastarf að aka leigubíl fyrir BSR á yngri árum. Hann hefur sérstakt dálæti á amerískum köggum og keypti sér slíka bíla beint að utan. Á seinni árum rak hann svo bíla-leigu sem hann seldi ekki fyrir löngu. Fjölmörg íslensk dægurlög hafa orðið klassísk í flutningi Ragga Bjarna, nægir rétt að nefna Vertu ekki að horfa, Flottur jakki og Vorkvöld í Reykjavík í því samhengi. Þótt það séu að verða fimm ár síðan Raggi varð löggilt gamalmenni hefur hann aldrei slegið slöku við í tónlistinni. Þegar hann varð sjötugur réðst hann meira að segja í það að gefa út sínar plötur sjálfur. Ragga langaði að gefa út plötu með bestu lögum sínum í tilefni tímamótanna. Útgefendur voru hikandi svo hann tók af þeim ómakið og gaf sjálfur út afmælisplötuna Vertu ekki að horfa. Útgefendur áttu eftir að naga sig í handarbökin; platan seldist í mörg þúsund eintökum og færði Ragga fyrstu gullplötuna til að hengja upp á vegg. Ári síðar kom út framhaldsplata Vertu ekki að horfa, og bar hinn videigandi titil Með hangandi hendi. Raggi Bjarna vinnur nú að jólaþlötum ásamt Gunnari Þórðarsyni sem kemur út í ár. Útnefningin sem borgarlistamaður Reykjavíkur 2007 verður honum sjálfsagt enn meiri hvatning og því ólíklegt að Raggi Bjarna sýni á sér fararsnið af Sýunor tónlistarsviðinu á allra næstu árum.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS

Þú sparar 1.128 kr/kg

**50%
afsláttur**



1.128 kr/kg. áður 2.256 kr/kg.
Ísfugl kjúklingabringur án skinns/magnbakki



**40%
afsláttur**

179 kr/kg. áður 299 kr/kg.
Holta ferskir vængir í Tex Mex kryddlegi



Þú sparar 599 kr/kg

**30%
afsláttur**

1.399 kr/kg. áður 1.998 kr/kg.
Borgarnes lambalærisgrillsneiðar þurrkryddaðar



Þú sparar 698 kr/kg

**40%
afsláttur**

1.046 kr/kg. áður 1.744 kr/kg.
SS Grand orange helgarsteik



Þú sparar 587 kr/kg

**25%
afsláttur**

1.761 kr/kg. áður 2.348 kr/kg.
Goða lærissneiðar marineraðar

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 21. júní til 24. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Ábending til innbrotspjófa

Í Dagbók **Práins Bertelssonar** er fjallað um tilhlökkun, sumarfrí, ættarmót í Tyrklandi, Evrópusamband, skáld, hross og sendiherra, sálufélag við þorsk, drykkfelldar rottur og áriðandi ábendingu til innbrotspjófa.

LAUGARDAGUR, 16. JÚNÍ.

Tilhlökkun

Í gamla daga var tilhlökkun stór þáttur í tilverunni. Allir skapaðir hlutir vöktu tilhlökkun. Á mánuðögum var maður farinn að hlakka til að fara í þrjúbía næsta sunnudag. Á kvöldin hlakkaði maður til þess að drífa sig út aftur næsta morgun til að halda áfram að sparka bolta. Öll tilbreyting vakti tilhlökkun. Þegar leið fram á sumar fór maður meira að segja að hlakka til að byrja í skólanum á haustin og á þrettándanum fór maður að hlakka til næstu jóla.

Með aldrinum hefur tilhlökkunarhæfileikinn rýrnað en tilhneiging til að kvíða fyrir hlutum hefur vaxið að sama skapi. Ef eitthvað stendur til verður mér það fyrst fyrir að kvíða því að eitthvað fari úrskeiðis. Ef einhver segir „álver“ sé ég fyrir mér mengun í stað þess að sjá mig í anda standandi í peningum upp á miðjar síður.

Ætli ég sé einn um þetta? Ætli þetta sé

þroski og lífsreynsla eða sjúkleg neikvæðni og svartsýni?

Ég verð að taka mér tak og fara að æfa mig í að hlakka til þess sem á eftir að gerast.

Næsta föstudag, 22. júní, förum við í sumarfrí. Það er tilvalið tilhlökkunarfni. Reyndar fer ég ekki í „frí“ í venjulegum skilningi orðsins því að ég tek tölvuna mína með í ferðina. Ritstörf eru vanabindandi.

Andri, litla Sól, frú Sólveig og undirritaður ætla að drífa sig til Tyrklands eftir viku en þar sem heitir Marmaris mun Fremrahálsættin halda vísu að ættarmóti með frænkum vorum Birtu og Ingvaldi og dok

torunum Árnýju og Össuri. Það er kominn tími til að kíkja á þessa stórmerkilegu þjóð, Tyrki, sem ranglega hafa legið undir ámæli hér á landi vegna óskunda sem sjóræningjar frá Alsír gerðu í Vestmannaeyjum og víðar.

Tyrkir vilja ólmir fá inngöngu í Evrópusambandið en við Íslendingar viljum ekki sjá að vera í því félagi af ötta við að samneyti við síðaðar þjóðir spilli fyrir viðkvæmu og nánú sálufélagi okkar við þorskin.

SUNNUDAGUR, 17. JÚNÍ.
ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGUR ÍSLANDS.

Hross og glæpasögur

Nú er svo komið að Þjóðverjar eru orðnir sólgirnir í að lesa íslenskar glæpasögur. Arnaldur



Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um starf Forstöðumanns rannsóknarþjónustu

Listaháskólinn undirbýr stofnun Rannsóknarþjónustu fyrir kennara og fræðimenn á sviðum lista.

Forstöðumaður Rannsóknarþjónustu kemur starfsemiinni af stað og mótarkmið hennar og stefnu í samráði við stjórnendur skólans.

Umsækjendur skulu hafa lokið meistaranámi í hugvísindum, félagsvísindum, viðskiptafræðum, náttúruvísindum eða listum, eða hafa aðra þá menntun eða starfsreynslu sem leggja má til jafns við slíkt nám.

Við mat á umsóknum verður sérstaklega litið til þess hvort umsækjandi geti starfað sjálfstætt, og geti skapað tengsl sem nýtast við uppbyggingu þjónustunnar.

Starfið er krefjandi og vegur þungt að sá sem því gegnir sé útsjónarsamur, forkur til verka, hafi glögg auga fyrir nýjum tækifærum, og geti haldið skipulagi við flóknustu aðstæður.

Starf forstöðumanns rannsóknarþjónustu er spennandi starf sem gefur einstæða möguleika á að byggja upp nýja starfsemi frá grunni og láta að sér kveða í framsæknum skóla sem hefur sköpun og miðlun sem sitt meginstarf.

Umsóknum og meðfylgjandi gögnum skal skila á skrifstofu skólans, Skippholti 1, 105 Reykjavík, eigi síðar en kl. 12:00 föstudaginn 29. júní. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna þeim öllum. Við ráðningu í starfið verður gætt jafnréttissjónarmiða skólans.

Nánari upplýsingar um starfið á heimasíðu skólans www.lhi.is Fyrirspurnir um starfið skulu sendast til rektors skólans, Hjálmars H. Ragnarssonar, á netfang hjalmar@lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·



KÆRA DAGBÓK Práinn Bertelsson skrifar

Indriðason er jafnþekktur í hinum þýskumælandi heimi og þeir Goethe og Schiller til samans.

Þótt Arnaldur sé lúsiðinn hefur hann samt ekki undan við að moka út nógu mörgum bókum til að metta þýska markaðinn. Til þess að þeir sem eru forfallnir í íslenskar glæpasögur hafi alltaf eitthvað að lesa bregða þýskir útgefendur á það ráð að þýða bækur smærri spámanna og í febrúar á næsta ári er röðin komin að mér – það er að segja glæpasögunni Valkyrjur sem kemur út hjá forlagsrisanum dtv og þýðandinn heitir Tina Flecken.

Tina er stödd á Íslandi núna og kom og borðaði með okkur í kvöld. Ekki skorti umræðuefni því að í ljós kom að Tina er hestakona og á íslenskan gæðing enda hef ég lengi verið þeirrar skoðunar að íslenski hesturinn hafi reynt þjóðinni ekki síður vel erlendis en bæði skáld og sendiherrar.

MÁNUDAGUR, 18. JÚNÍ.

Ljóð til sölu

Í dag urðum við formlega eigendur að einum þriðja úr Bolholti á Rangárvöllum þegar Berglind og Dennis sem hafa búið þar undanfarin ár komu og skrifuðu undir afsal. Hrossin okkar eru komin austur í sumarhaga og hafa ekki hugmynd um að við ætlum að skreppa austur til Tyrklands áður en við komum austur til þeirra.

Þegar ég var strákur voru dagblöð seld á götum úti og engan óraði fyrir því að sú tíð kæmi að litprentuð blöð væru borin heim til fólks ókeypis. Afkastamesti blaðasali borgarinnar í mínu ungðæmi var Óli blaðasali sem stóð á hverjum degi á horninu á Pósthússtræti og Austurstræti og hrópáði helstu fyrirsagnir drynjandi röddu. Yngri blaðasalar öfunduðu Óla af því að hafa helgað sér þetta horn og margir töldu að þessi frábæra staðsetning réði því að Óli seldi jafnmörg daglega og allir aðrir blaðasalar samanlagt.

Nú er Óli blaðasali kominn undir græna torfu og Mogginn einn tórir af öllum þeim blöðum sem hann seldi. En hornið á Pósthússtræti og Austurstræti er ennþá „sölulegur“ staður og þar sem áður voru seld dagblöð eru núna ljóð til sölu.

Það er skáldið og listmálarinn Bjarni Bernharður sem hefur helgað sér

þennan metsölustað lesmáls í höfuðborginni og stendur þarna og selur vegfarendum okkar dásamlega fáránlegar. Aðalfréttin í dag var svona:

ÞRIÐJUDAGUR, 19. JÚNÍ.

Drykkfelldar rottur

Á þessum árstíma gerast fréttir í fámíðlunum okkar dásamlega fáránlegar. Aðalfréttin í dag var svona:

„Drykkfelldar rottur vandamál í Bihar.

Rottur hafa gert sig heimakomnar í geymslum lögreglu í Bihar á Indlandi, þar sem þeir geyma áfengi sem þeir hafa gert upptækt hjá ólöglegum áfengissölum í höfuðborginni Patna.

„Við erum orðnir hundleiðir á þessum fullu rottum og skiljum ekki af hverju þær eru skyndilega svona sólgnar í áfengi“ sagði Kundan Krishnan, yfirmaður hjá lögreglunni.“

Frá hinum drykkfelldu rottum í Bihar á Indlandi vikur síðan sögunni til Hollands en þaðan kemur næststærsta gúrkufrétt dagsins: „84 ára gamall ökumaður kom hollenskri lögreglu á óvart í vikunni þegar hann var stöðvaður við reglubundið eftirlit. Ekki hið einasta reyndist bíll mannsins ótryggður, heldur viðurkenni hann að hafa keyrt án ökuréttinda í 67 ár.“

Þegar svona fréttir eru orðnar mjög áberandi er fullkomlega óhætt að taka sér frí frá fréttalestri í nokkrar vikur.

FIMMTUDAGUR, 21. JÚNÍ.

LOKAÐ VEGNA SUMARLEYFA

Farmiðar. Vegabréf. Myndavél. Svo er ég ferðubúinn.

Reyndar verður það að segja eins og það er að það hefur oft komið sér vel að frú Sólveig stingur hinu og þessu dóti niður í ferðatöskur og tekur með þegar við förum í ferðalög.

Ferðaáætlun morgundagsins er svona. Brottför frá Keflavík klukkan korter yfir tvö og lending í Dalaman klukkan tíu mínútur yfir ellefu. Svo tekur við rútuferð til Marmaris. Þá verður smáfolkið trúlega orðið syfjað að ég tali nú ekki um sjálfan mig. Satt að segja dauðkvíði ég fyrir ferðalaginu en hlakka til að vera kominn á staðinn.


Kettirnir okkar, Aladín og Alí Baba, eru orðnir þreyttir á öllum ferðandi- undirbúningnum og geta varla beðið eftir að við leggjum af stað. Þeir hugsa sér gott til glóðarinnar að láta dekra við sig meðan við erum í burtu.

P.S. Fyrir utan kettina verður mágur og margmenni í húsinu svo að metnaðarfullum innbrotspjófum er góðfúslega bent á að reyna við einhvern friðsælan banka í staðinn. (Þar eru peningarnir.)



www.fronkex.is

**Fron**



kemur ••• við
sögu
á hverjum
degi

 **Nýtt Kremkex**

Bragðmikið
súkkulaðikex
með hinu eina sanna
Frón-vanillukremi á milli.
Sérstaklega gott
með ískaldri mjólk.

....hvernig væri að prófa?


www.isam.is

SÉRA PÉTUR ÞÓRARINSSON
HEFÐI ORÐIÐ 56 ÁRA Í DAG

„Og ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir ungdóminn sem er alinn upp í vestrænni gróðra- og nytjahyggju, að huga meira að hinum mjúku gildum mannlegs þroska, sem finnst ekki í hasarleikjum tölvunnar, eða brjáluðum bíómyndum, heldur byggist á trúarlegri og siðrænni þugun og mótun.“



Séra Pétur Þórarinsson fæddist á þessum degi árið 1951. Þessi orð hafði hann við í prédikun á Hólahátíð árið 2005.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Sigríður Á. Snævarr sendiherra er 55 ára.



K.T. Tunstall söngkona er 32 ára.



Randy Jackson Idoldómari er 51 árs.



Zinedine Zidane knattspyrnu- maður er 35 ára.



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gerður Jónasdóttir

Flókaötu 57, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 19. júní. Jarðarförin fer fram í kyrriþey.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Óttar Eggertsson
Sigrún Eggertsdóttir
Guðrún Eggertsdóttir
og ömmubörn.

Bára Guðmundsdóttir
Marcel Dürr



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýðug og samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengda- föður og afá,

Hauks Einarssonar

vélfræðings, Grafarvogi.

Sérstakar þakkir fá allir sem komu að umönnun hans.

Guðrún Kristjánsdóttir
Jóna Helga Hauksdóttir
Inga Guðný Hauksdóttir
Einar Birgir Hauksson
Edda Kristín Hauksdóttir
Anna Karen Hauksdóttir
og barnabörn.

Bernharð Antoniusen
Kristín Óskarsdóttir



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Jóhanna Kristjánsdóttir

frá Ytra Skógarnesi, Stórholti 28, Reykjavík,

verður jarðsungen frá dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 25. júní kl 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Félag áhugafólks og aðstandenda Alshemissjúkra (FAAS).

Guðmundur Rafn Ingimundarson

Birgir Sigmundsson Ásdís Guðmundsdóttir
Hjördis Guðmundsdóttir Jónmundur Þór Eiríksson
Ingibjörg Guðmundsdóttir G. Gunnar Garðarsson,
Sigurður K. Guðmundsson Jóhanna Marta Sigurðardóttir
Hermann R. Guðmundsson Hildigunnur S. Guðlaugsdóttir
og barnabörn.

ÞETTA GERÐIST: 23. JÚNÍ 1983

Páfinn hitti Lech Walesa

Jóhannes Páll páfi annar hélt einkafund með verkalyðsleiðtoga og byltingarsinnanum Lech Walesa í opinberri heimsókn sinni til Póllands þann 23. júní 1983. Walesa var leiðtogi verkalyðsfélagsins Samstöðu á þessum tíma. Kommúnistastjórnin í Póllandi hafði bannað samtökin árið 1981 og komið á herlögum. Þótti þessi fundur því merkilegur.

Á meðan Karol Wojtyła var erkibiskup í Póllandi tók hann skýra afstöðu gegn kommúnisma. Eftir að hann varð páfi hvatti hann fólk í heimalandi sínu til þess að reyna að leysa ágreininginn með orðum en ekki vopnum. Á fundi þeirra

sagðist Walesa vera tilbúinn að láta verkalyðsmálin bíða og beina kröftunum að því að fá herlögum aflétt.



MERKILEGUR FUNDUR Lech Walesa og Jóhannes Páll páfi II hittust í Tatrafjöllum í Póllandi þann 23. júní 1983.

Í heimsókn sinni ávarpaði páfínn tveggja milljóna manna samkomu þar sem hann sagði að verkamenn ættu að geta gengið í stéttarfélag. Hann blessaði einnig ekkjur þeirra verkamanna sem létust þegar herlögin voru tekin í gildi.

Tæpum mánuði eftir heimsókn páfa var herlögum aflétt og í framhaldi af því var pólitískum föngum sleppt úr haldi. Lech Walesa hlaut friðarverðlaun Nóbels í október árið 1983 og varð forseti Póllands eftir að kommúnisminn féll.

MERKISATBURÐIR

- 1926 Varðskipið Óðinn kom til Reykjavíkur, en ríkisstjórnin lét smíða það. Þetta var gufuskip, vopnað tveimur 57 millimetra fallbyssum.
- 1925 Skáksamband Íslands var stofnað. Þetta eru heildarsamtök taflfélaga hér á landi og eru aðili að Alþjóðaskáksambandinu. Sambandið stóð fyrir heimsmeistarainvigninu 1972.
- 1955 Breskir sjómenn í verkfalli reyna að teffa för Queen Elizabeth.
- 1985 329 láta lífið þegar flugvél frá Air India hrapar í sjóinn skammt undan ströndum Írlands.
- 1989 Kvikmyndin Batman var frumsýnd.



HÚSIÐ Á EYRARBAKKA Jónsmessuhátíð verður haldin í níunda skipti á Eyrarbakka í dag.

JÓNSMESSUHÁTÍÐ Á EYRARBAKKA: HALDIN Í NÍUNDA SINN

Allt þorpið tekur þátt

Í dag verður haldin Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka í níunda sinn. Ingibjörg Eiríksdóttir er einn stofnenda og skipuleggjenda hátíðarinnar. Hún segir dagskrána vera fjölbreytta og allt þorpið taki þátt í að gera þennan dag ógleymanlegan.

„Það er eiginlega hugsunin í þessari Jónsmessuhátíð að skapa vettvang fólks til að hittast. Við byrjum í raun dagskrána með því að draga fána að hní því það er svo mikið af fánastöngum í þorpinu okkar. Svo verður farin fróðleiksferð með Eiríki Guðmundsyni í Hátúni, en hann ætlar að segja frá mannlífi og staðhátum,“ segir Ingibjörg.

Dagskráin hjá Eyrbekkingum er

fjölbreytt í ár. Tvær sýningar verða opnaðar, farið verður í leiki með börnunum og samsöngur verður sunginn í Húsinu, byggðasafni Eyrbekkinga, svo dæmi séu tekin.

„Svo förum við aftur í tímann til þess þegar dönsku kaupmennirnir voru og hétu. Við byggjum jú heilmiklar hefðir á þeim og í Húsinu verður borið fram te eins og tíðkaðist þá. Við verðum þó líka með kaffi,“ segir Ingibjörg. Félagar úr Þjóðdansasafnagreykjavíkur munu sýna Þjóðdansa fyrir utan Húsið og innandyra verður ljósmyndasýning frá konungskomunni 1907.

„Í þriðja sinn opnum við síðan heimili og bjóðum fólki inn. Það verða fjögur mjög mismunandi heimboð þetta

árið og við erum strax farin að hugsa um hverja við eigum að fá á næsta ári.“

Klukkan tíu verður kveikt í Jónsmessubrennunni, sem er upphafið að þessu öllu saman. Þar verður dansað og sungið auk þess sem Bjarni Harðarson alþingismaður og fyrrum Eyrbekkingur flytur ávarp. Nánari dagskrá er að finna á heimasíðu þorpsins www.eyrarbakki.is.

„Allir vilja hjálpa og öllum þykir svo merkilegt að við getum gert þetta. Þess vegna eru allir tilbúinir að gera ólíklegustu hluti. Það er óhætt að segja að allt þorpið taki þátt í þessari hátíð,“ segir Ingibjörg að lokum.

thorunn@frettabladid.is

Jónsmessubrenna á Esju

Ferðafélag Íslands og SPRON standa fyrir árlegum Esjudegi í dag, laugardaginn 23. júní. Þar verður í boði skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Esjudagurinn verður settur klukkan ein og verður Esjukapphlaup haldið auk þess sem fjölbreytt skemmtiatriði verða í boði. Karíus og Baktus, Jógvan og Nylon munu skemmta viðstöddum en að auki verður boðið upp á gönguferðir, hoppkastala, gos, grill og margt fleira skemmtilegt.

Í kvöld verður svo Jónsmessustemning á toppi Esjunnar. Áður en á toppinn verður haldið mun Árni Björnsson þjóðhátafræðingur segja frá hefðum á Jónsmessu. Gengið verður svo á Esjuna í umsjón Ferðafélags Íslands og haldin brenna á toppnum ef veður leyfir. Þá verður sungið við brennuna áður en niður er haldið.

RÆTUR ESJU Gengið verður á Esjuna og margvísleg dagskrá verður í boði.



Þjóðtrú um Jónsmessu

Jónsmessunótt er ein af fjórum nóttum ársins, sem hve mest trú er bundin við og þykja hvað magnaðastar. Þjóðtrúin er sú að tröll og óvættir svæfu á þessari nóttu þar sem ljósfælnir risar gátu ekki verið á ferli þegar nóttin var björt sem dagur. Mest trú var lögð á mátt steina og grasa, og auðvitað dögginna, en við könnumst flest við lækningamatt þess að velta sér í dögginni á Jónsmessunótt.

Jónsmessa er kennd við Jóhannes skírara. Kirkjan fastsetti fæðingardaga Jesú Krists og Jóhannesar skírara við sólstöður á vetri og sumri en dögnum skeikadi þó aðeins.



Flyttu með

DA XARA

Daxara

í eftirdragi



Daxara 107
Sturtubúnaður
Innanmál 106x85x32 cm
Burðargeta 295 kg

43.900 kr.
3.658 kr.
léttgr. í 12 mán.

Daxara-kerra nýtist vel fyrir það sem þú þarft í garðinn; fjórhjólíð eða bátinn; gamla ísskápinn, þvottavélina eða eldavélina sem þarf að koma á haugana; hjólbörurnar, sláttuvélina og nýja arininn sem á að fara í sumarbústaðinn; mótorhjólíð, vélsleðann – og eiginlega hvað sem er.

Daxara 127
Sturtubúnaður
Innanmál 120x92x35 cm
Burðargeta 335 kg

59.900 kr.
4.992 kr.
léttgr. í 12 mán.



Daxara 147
Sturtubúnaður
Innanmál 145x100x35 cm
Burðargeta 505 kg

79.900 kr.
6.658 kr.
léttgr. í 12 mán.



Daxara 158
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 145x100x40 cm
Burðargeta 540 kg

98.900 kr.
8.242 kr.
léttgr. í 12 mán.



Daxara 198
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 184x114x40 cm
Burðargeta 590 kg

159.900 kr.
13.325 kr.
léttgr. í 12 mán.



Daxara 218
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 204x129x40 cm
Burðargeta 560 kg

197.900 kr.
16.492 kr.
léttgr. í 12 mán.




Daxara 239X4
Sturtubúnaður, 4x13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 225x129x40 cm
Burðargeta 1.240 kg

338.900 kr.
28.242 kr.
léttgr. í 12 mán.



Mótorhjólakerra 751
13" dekk
Burðargeta 625 kg

89.900 kr.
7.492 kr.
léttgr. í 12 mán.



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500

Tryggvabraut 1-3, Akureyri • Sími 460 3630

Opið mán.–fös. 10–18, laugard. 10–16 og sunnud. 12–16
(ath. lokað sunnud. á Akureyri)

Ellingsen

– fullt hús ævintýra



Grill-lambalæri Hagkaupa

*af hætti landslís
matreiðslumeistara*

Til að ná fram besta bragði sem völ er á notum við ferskar kryddjurtir, hvítlauk, sítrónusafa og sítrónubörk. Til að toppa marinerunguna notum við ferskan chilipipar og gourmet olíu.



New Orleans BBQ svínaríf

New Orleans BBQ svínaríf eru forelduð og tilbúin beint á grillið. Þarf aðeins rétt að hita í gegn.



Berjabomba
makkarónum og súkkulaði



Portobellosveppir
m/fyllingu



Epli
m/kanil og rúsinum



Kókosbollur
m/ferskum ávöxtum

**Spennandi
nýjungar
beint á grillið**



Svartir tómatar
fylltir með gráðosti, grillaðir 2-3 mín.



Zucchini
skorið í sneiðar, penslaðar með pestó, grillaðar í 2-3 mín. á hvorri hlið



Eggaldin
skorið til helminga, penslað með ólífuolíu, kryddað með salti og pipar, grillað 4-5 mín. á hvorri hlið



Íslenskar grillkartöflur
grillaðar í 40 mín. eða þar til mjúkar í gegn



Ramiro paprika
Grillið í 3-6 mín. í heilu lagi, látið standa í 1 mín. og hýðið tekið af.



Tómatar
Skerið til helminga. Penslið með olíu og kryddið með basil, hvítlauk, timian, salti og pipar. Grillið við mikinn hita í 1-2 mín. á hvorri hlið.



Maís
Takið hýðið af maísnum og setjið hann í álpappír ásamt salti og smjörklípu. Grillið í 8-10 mínútur.



Kastaníusveppir
Raðið upp á grilltein og penslið með olíu. Kryddið með salvíu, salti og pipar. Grillið við mikinn hita í 3-4 mín.



Sætar kartöflur
Skerið kartöflurnar í skífur og penslið með olíu. Kryddið með hvítlauk, timjan og salti. Grillið þar til þær eru eldaðar í gegn.



Hvítlaukur
Penslið með olíu, kryddið með timian, salti og pipar. Pakkið inn í álpappír og grillið á milliheitu grilli í 30 mín., snúið öðru hverju.



Salatlaukur
Ýmist skorinn í sneiðar og penslaður með olíu og grillaður, eða skorinn í stóra bita og settur á grillpinna.



Steinseljurót
Ýmist bökuð í álpappír líkt og kartöflur eða skorin í sneiðar og sett á grillpinna.

Gildir á meðan birgðir endast.

Grillum saman



Jóí FEL



Jói Fel plankasteik

Jóí FEL



Jói Fel svínalund



Jói Fel grillsósur



Landsins mesta vörðurval!



Lax
beint úr kjötbörði



Jóa Fel svínakótlettur
kryddlegnar



Fylltar svínalundir
beint úr kjötbörði



Siggi sterki hamborgarar 175 g
ungnautahamborgarar



Kryddlegnar framhryggjasn.
að hætti Hagkaupa



Ungnauta ribbeye
beint úr kjötbörði



Bláberjalegin lambasirloin
beint úr kjötbörði



Kjúklíngabringur
kóníakskryddlegnar



Lambalærissneiðar
að hætti Hagkaupa



Ungnauta piparsteik
beint úr kjötbörði



Rifseberjalegið lambafille
beint úr kjötbörði



Grillpinnar, naut eða lamb
beint úr kjötbörði

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Flóttinn var eins og gott

Davíð Garðarsson hefur margoft hlotið dóma fyrir ýmis afbrot. Hann hóf afplánun á 31 mánaðar nauðgunardómi 1. apríl síðastliðinn sem hann var dæmdur fyrir í desember árið 2005. *Sigríður Hjálmarssdóttir* fékk að skyggjast inn í líf mannsins. Davíð segir frá fyrsta afbrotnu, ferlinum, flóttanum eftir nauðgunardóminn og hvers vegna hann gaf sig fram við Interpol að lokum eftir að hafa verið eftirlýstur í nær eitt og hálf ár.

Pað er sól og blíða þegar blaðamaður hringir þjóllu varðstjórans í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og ekki er laust við ónotatilfinningu þegar staðið er og beðið fyrir utan slíkan stað. Blaðamanni er bent á að skilja jakkann og veskið eftir í læstum skáp áður en honum er vísað inn í lítið heimsóknarherbergi með tveimur sófum og litlu borði. Bodið er upp á kaffi og Davíð Garðarsson birtist í dyrunum um svipað leyti og heilsar kumpánlega.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í júní. www.lifstill.is Edda Borg s. 896 4662.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

svört nuddstelpa í síma 659 9420.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið



INTENSIVE ICELANDIC-ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

4 vik má-fól 18-19:30 að byrja 2/7 og 24/9, Ármúla 5. s. 5881160/icetrans.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendun. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Bílskúrsala í dag

að Fjólulíð 12, Hfj. milli kl. 10-18. Amerískt rúm, 140x200, 10 þ. Kommóða, 5 þ. Hornsófi 5 þ. Stofusápur, 5 þ. Isskápur m. frysti, 53x56x150, 10 þ. Bókahilla, 2,5 þ. Skrifborð, 5 þ. Frystikista, 100 l, 2 þ. Örbylgjuofn, 2 þ. Kaffivél 500 kr. Akai VHS tæki, 2,5 þ. Sony Ericson gsm Z200, 3 þ. Brother saumavél, 10 þ. Stofuborð og tvö hornborð, króm og gler, snjóbreitti og skór, línuskautar, hljómborð, isskápur í bíl, rúmgaffi, ferðataeki, sléttujárn, jólastkraut, glös, leikföng og m. fl. Uppl. í s. 899 7601 & 892 7846.

5 vönduð Skrifborð, fundarborð + 8 stólar, auk hillna úr dökkum við. Falleg húsgögn fyrir skrifstofuna. Uppl. í s. 899 0309.

TIL LEIGU

FLJÓTSHLÍÐ - TIL LEIGU

Til leigu er 276 m² húsnæði á einni hæð með góðum gluggum. Húsnæðið er staðsett miðsvæðis í Fljótshlíðinni, 110 km frá Reykjavík. Sérlega góð aðstaða fyrir listamenn. Getur einnig nýst sem íbúð, fyrir skrifstofur eða léttan íðnað. Nettenging, snyrtilegt umhverfi. **Upplýsingar í síma 896 8471 og 487 8471.**

Til sölu vel með farin bæsuð Furu kommóða frá Ikea árs gömul L160cm B 51cm H97cm VERÐ 12.000 uppl. 696-1388

Antík

Til sölu antíkborðstofuborð+7 stólar, skenkur og skápur. Uppl. í s. 898 6549.

Gefins

10 vikna kettlingar fást gefins. S. 869 1541.

2 læður og 1 högnar fást gefins vegna fluttninga. Gullfallegr fjörkálfr. Ekki fyrir slöngueigendur! S. 857 2406.

Dýrahald

2 sama verði og 1 Eukanuba maintenance Large 2x15 kg, 6.650.-

Eukanuba Puppy Jr. Large 2x15kg, 7.650.-

Annað hunda og kattafóður frá Eukanuba og lams með 30% afslætti í júní.

Dýraland, Mjódd. S. 587 0711

Dýraland, Kringlan. S. 588 0711

Dýraland, Spöng. S. 587 0744



3 Labrador strákar til sölu. örmerktir, bólusettrir. Ættbók frá HRF. tilbúin til afhendingar. verð 80.000. Upplýsingar í 8467064.



3 am. Cocker Spaniel rakkar. Ættbók frá HRF. Tilb. til afh. V. 150 þ. S. 894 0255.



Fæddir fallegir íslenskir hvolpar á Stefsstels. Margir litir, og allir finir lubb- ar. Ættb. hjá HRF, afhendast örmerktir og bólusettrir í ágúst. Uppl. hjá Stefianu í s. 846 0895 stefstels@simnet.is



Til sölu Chihuahua hvolpar, fást á sann- görnun verði, á gott heimili. Uppl. í s. 693 5756 Arndis.



5 Labrador strákar til sölu. Ættbók frá HRF. Tilbúin til afh. um miðjan júlí. Uppl. í s. 895 1038 & 471 3838 á kvöldin.

Ársgamla blíðai og góða læðu bráð- vantar gott heimili v/flutnings. Uppl. í s. 821 9521.

Labrador 3ára svartur Labrador vantar nýtt heimili, barngóður og blíður hund- ur, vegna breyttra heimilisaðstæðna. Uppl. í s. 865 7009.

Hreinræktaðir snögghærðir Chihuahua hvolpar til sölu fadir Danskur meistari ný innfluttur hreilsufarss. og ættbókarf. Uppl. í síma 863 0474.

Golden Red River rakkí (hvolpur) til sölu. Myndir á heimasíðu www.123.is/bjarmalandgolden/ Ættbók frá HRF, trygging VÍS. Uppl. í s. 845 2449.

Ýmislegt

Kanadískir gæðapottar.
Landsins mesta úrval.
Heitir pottar og skeljar.
Spa Kongen
www.spakongen.is
Lengergata 34, Hálfmörkuð
Sími: 554 7755



- Beachcomber -

Kanadískir heitir pottar Sumartilboð á heitum pottum. Eigum örfáa Beachcomber heita potta á lager. Til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Fri heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.

11 ára reynsla á Íslandi. Opíð alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðapjónusta



Sjóstangveiði - Andrea
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar www.sjostong.is, hvalalif.is

Gisting

Orlofshús á Akureyri
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

Ýmislegt



Siglingafélagið Ýmir býður upp á siglinganámskeið í sumar. Tilvalið fyrir fólk sem ætlar sér að leigja skútu erlendis eða læra grunnhandtökin í meðferð seglbáta. Kenn 2-3 í viku, 3 tíma í senn. Verð 25.000 kr. Hafíð endilega sam- band í síma 865 9717 & 896 5874.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Tvær íb. í sama húsi í Hafnaf. Báðar leigjast með húsgögnum. Stærri íb. er með 3 svefnh. Leigist frá 15.júlí- 5.jan. 2008. Minni íb. 1 svefnh. leigist frá 15. Sept - 15. Des. Uppl. í s. 845 8806.

Mosfellsbær - 3ja herb. laus 1 Júlí. Uppl. í síma 565-6985 axel0124@hotmail.com 140þ/mán

Til leigu 2. herb. íbúð með húsgögnum á Miklubraut 105 Rvk. Uppl. í s. 699 0328 & 699 0381.

Til leigu 83 fm glæsibúð með öllum húsbúnaði við sjávarstöðuna í Garðabæ, leigu v. 146 þ., 400 þ. bankaábyrgð. Innif. hiti, rafmagn, hússj. Aðeins reik- lausir og reglusamir koma til greina. Laus strax. S. 693 0221.

Til leigu 160 fm einbýlishúsi í Borgarheiði, Hveragerði. Stór afgirtur garður. Mjög gott hús Uppl. í s. 899 7500, Óli.

Garðabær Langamýri
107 fm 3-4 herb. íbúð við Löngumýri. Leiguverð 150 þ. á mán. Með rafmagni og hita. S. 892 5125.

Til leigu 3-4 herb. íbúð í litlu fjölbýli á Kjalarnesi. Uppl. í s. 860 0866.

73 fm íbúð í austurbæ til leigu. 150 þús. á mánuði. Uppl. stormurinvest@gmail.com

2 herbergja íbúð til leigu í 107: 50 fm íbúð til leigu á Viðmæl. Nýmáluð og fin. Röleggt hverfi rétt við háskólann. Langtíma leiga. verð er 120.000. s:822-7216 e. kl. 18:00

Húsnæði óskast

Herb. óskast fyrir ungan mann, þarf að vera með wc, sturtu og þvottaaðstöðu. Uppl. í s. 898 7428.

Einstæð móðir utan að landi bráð vant- ar 3 herb. íbúð í Rvk. er röleg og reglu- sóm, öruggum greiðslum heitið. Uppl. í s. 848 5179 & 847 0590.

Fyrirtæki vantar tvær 3ja herb. íbúð- ir/hús eða stærri á höfuðborgarsv. til leigu strax fyrir erlenda starfsmenn. Snyrtimennsku og skilvísnum greiðslum heitið. S. 820 7060 & 820 7062.

2ja til 3 ja herb. íbúð óskast til leigu strax, miðsvæðis í Rvk. Reglusemi og áreiðanleiki. S. 661 3038.

Pólsk fjölskylda óskar eftir íbúð í á besta stað í Breiðholti. S. 697 4587.

3 Herbergja íbúð óskast á svæði 103, 104, 105, 107, 108, 110, 112 og 113. Við erum ábyrg fjölskylda með eitt barn og höfum aldrei verið á vanskilaskrá. Leigutími minnst ár. Æskilegur leigutími frá 1 júlí. Verðhugmynd 80-115 þús. Uppl. í s. Atli 692 3632. Karen 868 1702.

Sumarbústaðir



SUMARBÚSTAÐAHLIÐ

Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsa- lönd o.fl. Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. S: 486-1810 vig@vig.is www.vig.is



Til sölu 7 fm garðhús, ósamsett. S. 866 6684.

Óska eftir sumarhúsi á Suðurlandi Verðhugmynd allt að kr 13 milljónir. Þarf að vera á eignarlandi. Uppl. í síma 663 1567 eða doddie65@hotmail.com

Til sölu glæsilegar sumarhúsbústaðalóðir í landi Miðengis Grímsnesi. Uppl. í s. 894 0105.

Til sölu 3 stk. nýjar furufulningahúðir með gleðri ásamt körmum. Einnig furu- gólflistar. S. 864 4895.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca. 200 & 400fm atvinnuhús- næði, með stórum innkeyrsluhurðum í Hafnaf. Uppl. í s. 860 0866.

Bílskúr

Upphitaður bílskúr á Rvk-svæðinu ósk- ast á fyrir vönduð húsgögn. Uppl. í s. 860 1957.

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting www.gistiheimiliid.dk 0045 2460 9552.

rent.is looking for a place to stay? Wide selections of short term rentals. www.rent.is

rent.is Erum með mikið af fullbún- um íbúðum á skrá í skammtímaleigu. www.rent.is

ATVINNA

Atvinna í boði

starf.is
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plum- mers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area. - Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873

Kökuhornið - Sumarstarf

Óska eftir starfsmanni frá og með 9. júlí, ekki yngri en 18 ára. Vinnutími frá 04-12 + önnur hvor helgi. Einni vantar fastann starfsmann frá og með 1. sept. í verslun okkar, ekki yngri en 20 ára. **Uppl. í s. 897 0702 & 861 4545.**

Smart starfsfólk

Starfsfólk óskast á sólbaðs- stofur Smart Grensávægi & Sólvallargötu í dag-, kvöld og helgarvinnu. Umsóknareyðublið á staðnum. Yngri en 18 ára koma ekki til greina.



Cafe Oliver

Cafe Oliver óskar eftir mat- reiðslumönnum í framtíðarstörf. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Atla í síma 694 7116. **Chefs needed!**

Leikskólalastjóri óskast!

Leikskólinn 101
Bræðraborgarstíg 1 er lítil 2ja deilda einkarekinn leikskóli sem óskar eftir leikskólalastjóra frá 1 september 2007.

Æskilegt er að umsækjendur hafi :

- Leikskólakennaramenntun.
- Góða skipulagshæfni.
- Frumkvæði og metnað í starfi.
- Lipurð í mannlegum sam- skiptum.

Upplýsingar gefur Hulda í s. 562 5101 & 891 8430.



Sérsmíðað handrið, úr yðfríru stáli, gleri eða áli, jafn úti sem inni. Einnig sér- smíðaðir stigar eða stigar kit. Bæjarlöff 6, Grafarvog. S. 533 3700.



Laus störf.
Súfistinn bóka kaffi Laugavegi 18

Hlutastarf við afgreiðslu og þjónustu. Upplýsingar gefur Silja í síma 659 9504

Súfistinn Hafnarfirði.

Fullt starf við afgreiðslu og þjónustu

Frá 1. ágúst.

Hlutastarf nú þegar.

Upplýsingar gefur Hjördís í síma 694 9148.

Umsóknareyðublið á www.sufistinn.is

og á Kaffihúsum Súfistans.

Veitingahúsið Nings

Óskar eftir í bílstjórum og fólk í sal, kvöld- og helgarvinnu. **Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

Vélsmiðja í skipaþjónusu

Óskum eftir að ráða járníð- aðarmenn, vélvirkja og aðra starfsmenn. Tökum við nemum. Möguleiki á hlutastarfi. **Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.**



Wanted english speaking carpenters. Wanted for work straight away. Call Alan s. 897 8978 or Dennis s. 696 1080.

Arkitekta og verkfræðistofa óskar eftir tækniteiknunarum sem taka að sér verk sem vertakar. Erum með aðstöðu til leigu. S: 861 2707 og 899 2707

Óskum eftir góðum smíðum sem geta unnið sjálfstætt, næg verkefni framund- an. Uppl. í síma 698 6675.

Staff wanted in sandwich making. Work hours from 05.00-09.00. More infor- mation in tel. 864 1593, Ella.

We are hiring cleaning staff for full time work in Reykjavik and neighbouring areas and part time staff in Keflavik. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, ind- ustrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for. Call Sherry at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday- Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.

Bonita snyrtistofa óskar eftir starfs- manni með menntun í snyrtifræði í 50-100% starf. góð kjör í boði. uppl. í síma 8661867 e.kl.19.00

Smíður og handlangari óskast til starfa. 101-Snikkarinn s. 698 2846.

Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf : Smíði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurek- anda. **SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

VANTAR PIG STARFSFÓLK?

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnuútsins. Erum einungis með faglegt fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000.- m/vsk

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING

Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarbylur 7 - 110 Reykjavík

Óska eftir meiraprófbílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 821 3770.

Vanur smíður getur tekið að sér ýmis verk, vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 867 5323.

Tökum að okkur þríf í einbýlishúsum og í fyrirtækjum alla virka daga eftir 15:30. Áhugasamir hafið samband í síma: 856-4747 eða 6960172.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið



Hjálp!!! Búið að stela nýja hjólinu mínu. Vilja foreldrar ath. í hjólageymslum hjá sér.

Halló! Ég heiti Arnar Frey og er 11 ára. Fyrir nokkru gaf mamma okkur 3 systkinunum ný hjól frá Örninum í Skeifunni. Nú er búið að stela mínu hjóli. Það tapaðist í Efra-Breiðholti fyrir 4 vikum, það var tekið hjá kóngulárleiktækkinu hjá Fjölbraut í Efra-Breiðholti. Þetta er blátt 24" Trek stráka hjól. Ég sakna hjólsins mjög sárt vegna þess að nú get ég ekki lengur farið með systkinum mínum í hjóleiðatúr. Mamma og ég erum búin að leita voða mikið af hjólinu mínu.

Vilja þeir sem hafa einhverjar uppl. um hjólið mitt hafa samband við mömmu mína í síma 897 1551. Fundarlaun í boði!

Ýmislegt

GRILL
Uppskriftir

matseld.is
Matseld.is

Einkamál



Delta Euro 4400 FB hjólhúsi árgerð 2006. Lítið notað og mjög vel með farið. Hornsófi og hjónarúm og því stefnpláss fyrir 4-5. Fullbúið, með gaskút, rafgeymi og markisu. Verð 1.690.000.-
Upplýsingar í síma 475 1330 & 895 0130.

18plús.is.

XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plus.is.

Kona á besta aldri vill kynna góðum manni 60-65 ára, sem ferða og dansfélaga. Svör sendist FBL merkt ferðafélagi. f. 1 júl.

Sælugarðar ehf.
ást fyrir garðinn

- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallar

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsnáðameistarar. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s: 824-1238

ÓS verk

Getum bætt við okkur verkefnum í innréttingauppsætningum, parketlögnum, flísalögnum og málu.

S. 662 1878

VIÐHALDSVIRKNI

Málameistarar, múrara og smíðar sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málu utan sem innan og sandspórtum. Steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múnviðgerðum. Tröppu-viðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Hofum áralanga reynslu

<http://www.viðhaldsvirkni.is>
viðhaldsvirkni@stjofnun.is
Viðhaldsvirkni ehf.
Fyrirgötu 3, Hafnarhöfði
S. 517-0117 GSM: 661-0117

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

www.visir.is

MARKAÐURINN Einfalt mál á www.visir.is alla daga



Fiskidagurinn mikli 10.-11. ágúst
N1 mótið 4.-7. júlí
Húnavaka 13.-14. júlí
Danskir dagar 17.-18. ágúst
Írskir dagar 6.-7. júlí
Árborg 2007 8.-9. júní
Humarhátíð 29.-30. júní

Gluggapóstur
Bylgjunnar

Bylgjan á puttanum um landið í sumar

Bylgjan heimsækir skemmtilegustu útihátíðirnar og býður þér með! Mundu eftir Gluggapóstinum. Settu Bylgju-merkið í glugga sem sést frá þinni götu og Bylgjan kemur ferandi hendi ef heppnin er með þér. Dagskrána og nánari upplýsingar finnur þú á bylgjan.is.

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AD HLUSTA!

www.bylgjan.is - allar upplýsingar og hlustað í beinni

TIL SÖLU FASTEIGNIR Á SPÁNI

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ EIGNAST ÞITT ANNAÐ HEIMILI Í SÓLINNI FRÍ SKOÐUNARFERÐ OG UPPHALD Á SPÁNI, EF ÞÚ KAUPIR ENDURGREIÐUM VIÐ ÞÉR FLUGFARIÐ

LÖGHEIMILI EIGNAMIDLUN

Jón Bjarni Jónsson
Sölufulltrúi
GSM: 896 1067
jontjarni@logheimili.is

Jónas Örn Jónsson
Lögfróður fasteignasali
Lögmaður
GSM: 698 3600
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

Hraunstígur í Hafnarfirði



Nýkomið í einkasölu mjög fallegt og mikið endurnýjað tvílyft einbýli alls 136 fm., auk sérstæðs 39 fm. bílskúr.

Þetta er fallegt hús sem búið er að endurnýja að miklu leyti, s.s. rafmagn, gólfefni og baðherbergi. Glæsilegur garður með rúmgóðum palli og heitum pott.

Verð kr. 43 millj.

Fasteignastofan, Fjarðargötu 19, Hafnarfirði. Sími 565 5522

Fiskvinnslu- og útflutningsfyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir vönum starfskrafti á skrifstofu.

Starfið felst í almennri skrifstofu vinnu, gerð tollskjala, bókhaldsvinnu, launaútreikningi og fleiru.

Áhugasamir sendi upplýsingar um reynslu, menntun, aldur og fyrri störf á netfangið

hamrafell@hamrafell.is
Parf að geta hafið störf mjög fljótlega.

TILKYNNINGAR



Mat á umhverfisáhrifum - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Jarðgöng á leiðinni milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufréstur til **23. júlí 2007**.

Skipulagsstofnun

TIL LEIGU



Félagsfundir

Vegna fyrirhugaðrar sameiningar Félags iðna- og tæknigreina og Sveinafélags Járníðnaðarmanna í Vestmannaeyjum er boðað til tveggja félagsfundra í FIT til að afgreiða tillögu um sameiningu og lagabreytingar sem slík sameining kallar á.

Vakin er athygli á að fundirnir eru báðir sama daginn og boðið verður uppá pizzur og gosdrykki á milli fundra.

Boðað er til félagsfundar mánudaginn 25. júní, kl. 18.00 í Borgartúni 30, 6. hæð.

Dagskrá:

1. Fyrri umræða og tillaga um sameiningu FIT og SJV.
2. Lagabreytingar, fyrri umræða:
 - 1.grein, um starfssvæði
 - 16.grein, um stjórn.
 - 20.grein, um trúnaðarráð
- Bráðabyrgðákvæði vegna sameiningar við SJV
3. Önnur mál

Stjórn FIT

Boðað er til félagsfundar mánudaginn 25. júní, kl. 20.00 í Borgartúni 30, 6. hæð.

Dagskrá:

1. Síðari umræða og tillaga um sameiningu FIT og SJV.
2. Lagabreytingar, síðari umræða:
 - 1.grein, um starfssvæði
 - 16.grein, um stjórn.
 - 20.grein, um trúnaðarráð
- Bráðabyrgðákvæði vegna sameiningar við SJV
3. Önnur mál

Stjórn FIT

allt atvinna

Alla sunnudaga

RE/MAX
Lind

SÖLUMENN ÓSKAST MIKLIR TEKJUMÖGULEIKAR!

Erum að leita að metnaðarfullum og heiðarlegum sölumönnum til að vinna í einu öflugasta fasteignasöluþeymi landsins

Hafðu samband núna!

822 3702

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknan og í einkaeign

WWW.EIGNALEIT.IS



Gunnar Valsson
Sölustjóri
822 3702
gv@remax.is



Snorri Björn
Sölufulltrúi



Baldur Jóhannsson
Sölufulltrúi



Vignir Garðarson
Sölufulltrúi



Hreiðar Jakobsson
Sölufulltrúi



Þórarinn Jónsson
Lögg.
fasteignasali

allt heimili

Alla fimmtudaga

TILKYNNINGAR



Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

Engjaping 1. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýst hér með tillaga að deiliskipulagi Engjapings 1. Almenn er vísað í deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Vatnsenda - Þing við Engjaping (reit 1), samþykkt í bæjarstjórn 24. maí 2005. Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 12 í 16.

Gert er ráð fyrir þremur húsum með 6 íbúðum í hverju þeirra. Bílastæðakjallari með allt að 30 bílastæðum verður undir húsunum og 30 bílastæði á lóð. Gólfkóti bílakjallara verður lækkaður í 102 og kóti 1. hæðar úr 105.8 í 104.8. Hús fara tvo metra uppúr byggingarreit. Byggingarreitur breytist.

Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:1000 dags. 13. júní 2007.

Engjaping 3. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýst hér með tillaga að deiliskipulagi Engjapings 3. Almenn er vísað í deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Vatnsenda - Þing við Engjaping (reit 1), samþykkt í bæjarstjórn 24. maí 2005. Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 14 í 16. Í suðvesturhluta lóðarinnar er gert ráð fyrir þremur tveggja hæða húsum. Hámarkshæð húsa er 6.5 metrar auk kjallara. Í norðausturhluta lóðarinnar er gert ráð fyrir tveimur parhúsum á tveimur hæðum. Hámarkshæð byggingar verður 6.5 metrar auk kjallara. Aðkoma breytist og verður fyrir miðju lóðar. Bílastæði verða 36 þar af 24 stæði í bílakjallara.

Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:1000 dags. 13. júní 2007.

Vatnsendi, höfuðból - Vatnsendablettur 1C. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýst hér með tillaga að deiliskipulagi Vatnsenda höfuðból

- Vatnsendablettur 1C. Almenn er vísað í deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Vatnsenda - höfuðból, tillaga að breyttu deiliskipulagi milli vatns og vegar, samþykkt í bæjarstjórn 23. apríl 2004. Í breytingunni felst að gerð er sérlóð, Vatnsendablettur 1C sem er 1970 m² að flatarmáli. Gert er ráð fyrir 70 m² viðbyggingu á einni hæð vestan við núverandi íbúðarhús.

Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:2000 dags. 15. apríl 2007.

Vatnsendi - norðursvæði. Vatnsendablettur 72. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýst hér með tillaga að deiliskipulagi á Vatnsendabletti 72. Almenn er vísað í deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Vatnsenda - norðursvæði samþykkt í bæjarstjórn 6. október 2005. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 490 m² hesthúsi og hlöðu á norðanverðri lóðinni. Aðkoma breytist.

Tillagan er sett fram á uppdætti í mkv. 1:2000 dags. 19. júní 2007.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 26. júní 2007 til 24. júlí 2007. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 7. ágúst 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykktir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs.



á Miðnesheiði, hafi norsku vélarnar verið alltíðir gestir þar, enda hafi reglulega farið fram sameiginlegar æfingar með bandarísku og norsku vélunum. Eftir miðjan tíunda áratuginn dró úr þessum sameiginlegu æfingum og í staðinn komu æfingar með þeim evrópsku NATO-ríkjum sem einnig ráku slíkar vélar, sem voru fyrst og fremst Hollendingar. Nú hafa Þjóðverjar tekið við þessum vélum sem hollenzki herinn átti og því hefur þetta samstarf færzt yfir á þýzka herinn.

Í ágúst munu nokkrar norsku Orion-vélanna taka þátt í Norðurvíkingi, fjölþjóðlegri heræfingu NATO á Íslandi. Orrustupottur norska flughersins munu einnig taka þátt.

Eftirlit við Ísland?

Spurður hvort hann gæti séð fyrir sér að Flugsveit 333 myndi

að einhverju leyti sinna svipuðu eftirliti í íslensku lögsögunni eins og hún gerir á hafsvæðinu norður og austur af henni segir Berg-Olsen að tæknilega væri það að sjálfsögðu mögulegt að Orion-vél sveitarinnar legði leið sína til Íslands af og til. Það væri þó fyrst og fremst komið undir pólitískum vilja og að sveitin fengi fjárveitingar í samræmi við verkefni sem henni er ætlað að sinna.

Jo Gade, einn æðsti embættismaður norska varnarmálaráðuneytisins, tjáði Fréttablaðinu að samkvæmt hinu nýja samkomulagi um aukið samstarf Íslands og Noregs í öryggis- og varnarmálum væri ekki gert ráð fyrir að norskar herflugvélar sinntu slíku eftirliti í íslenskri lögsögu. Slíku eftirliti og daglegri fullveldisáréttingu í íslensku lögsögunni yrðu Íslendingar sjálfir að sinna.



HÁVARD BERG-OLSEN OG REIDAR EIGELAND Stjórnendur Flugsveitar 333 í flugherstöðinni á Andey í Norður-Noregi. P3-Orion-efirlitsvél í bakgrunni, en flugsveitin hefur sex slíkum vélum á að skipa.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Sortland. Suðurhlutanum, sunnan 65°N, er stýrt frá Björgvin. Þyrusveitin er gerð út frá herflugvellinum í Bardufoss í Norður-Noregi.

Auk þess veitir Flugsveit 333 í norska flughernum strandgæzlunni mikilvægan stuðning með útgerð sex P3-Orion eftirlitsflugvéla frá herflugvellinum á Andey.

liðs flugherstöðvarinnar á Andey, á móti blaðamanni. Flugsveit 333 hefur sex P3-Orion-vélar til umráða - fjórar eru með fullum búnaði en tvær þær elztu eru einfaldar útbúnar. Dags daglega eru vélarnar fyrst og fremst gerðar út í eftirlitsflug í Norðurhöfum, ekki sízt í fiskveiðilögsögunni við Svalbarða. Enda eru einkunnarorð flugsveitarinnar „Hið vökula auga í norðri“.

„Sérstaklega þegar veðurskilyrði eru slæm gerum við hluti sem enginn gervihnöttur getur leikið eftir okkur,“ segir Berg-Olsen og sýnir því til sönnunar myndir sem teknar voru í eftirlitsflugi af fiskiskipum og gera kleift að bera kennsl á skipin, jafnvel þótt á sumum þeirra sé breitt yfir einkennisstafina. Með reglulegum myndatökum af skipum á miðunum sé mögulegt að bera kennsl á skipin þrátt fyrir slíkar tilraunir til feluleiks.

Auk eftirlits með fiskiskipum gagnast eftirlitsflug Orion-vélanna til að fylgjast með umferð flutningaskipa, einkum og sér í lagi flutninga sem skilgreindir eru sem áhættuflutningar, og síðast en ekki sízt með hernaðarumsvifum Rússa þar norður frá.

Mikilvægur þáttur í starfi flugsveitarinnar er að taka myndir af og bera kennsl á meint sjóræningjafiskiskip, sem gjarnan sjást að veiðum í Svalbarðalögsögunni eða á alþjóðlegu hafsvæðunum í Smugunni og Síldarsmugunni. Þessu verkefni sinnir sveitin í umboði strandgæzlunnar.

Æfðu með Varnarliðinu

P3-Orion-vélarnar eru mjög fjölhæfar og hafa verið í notkun í fjóra áratugi. Á næsta ári hefst vinna við að uppfæra vélar flugsveitar 333, en með þeim breytingum verður líftími vélanna framlangdur fram á fjórða áratug þessarar aldar.

Berg-Olsen segir að á árum áður, er sams konar vélar voru að staðaldri í bandarísku herstöðinni


Chevrolet Captiva

- Meiri búnaður – bakkskynjari, aksturstölva, loftkæling o.fl., o.fl...
- Meiri kraftur – 16 ventla túrbó dísilvél með 320 Nm.....
- Meira rými – 7 manna sportjeppi fyrir alla fjölskylduna.....



Chevrolet Captiva
Frá GM - stærsta bílaframleiðanda í heimi

Evrópulínan frá Chevrolet



Captiva

Það fer vel um alla fjölskylduna

Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvél** í sjálfskiptum glæsijeppanum eyðir aðeins **8,7 lítrum á hundrað km** í blönduðum akstri og þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl**. Að reynsluaka þessum bíl er verkefni sem öll fjölskyldan hefur gaman af. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.



Tangarhöfða 8-12 Sími 590 2000 www.benni.is Ópið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. og sun. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahornnið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilstöðum.



CHEVROLET

Einfarinn í eldhúsinu

Matarbiblía Íslendinga var um margra ára skeið ljósritað hefti sem **Nanna Rögnvaldardóttir** hafði útbúið fyrir sjálfa sig og ýmsa vini sína. Forstjóri Íðunnar fann einn daginn heftið í ljósritunarvélinni og sagði Nönnu að nú skyldi eldhúsvíska hennar gefin út. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hitti konuna sem stendur að baki bróðurparti íslenskra matarskrifa og segist hún löngu vera búin að sætta sig við að vera eilítið öðruvísi en aðrir.

Nanna er kona sem flestir eldhúsfærir Íslendingar kannast við. Enda stendur hún á bak við Matarást, eina vinsælustu íslensku matreiðslubók fyrr og síðar, nokkra árganga af Gestgjafanum, Bístró sem og einar nýu aðrar matreiðslubækur og þýðingar nokkurra að auki. Enn fremur þekkjja margir Nönnu af bloggsíðu hennar, www.nannar.blogspot.com, en hún hefur allt frá upphafi verið ein vinsælasta íslenska bloggsíðan. Lesendur hennar eru ekki endilega fólk í leit að uppskriftum þótt alltaf slæðist einhverjir með. Fremur eru það lifandi og skemmtileg skrif af lífi Nönnu og fjölskyldu hennar sem laða fólk að síðunni og dæmi eru um að fólk sem aldrei hefur hitt Nönnu í eigin persónu geti ekki hugsað sér að byrja daginn án þess að athuga hvað sé að fréttu af henni og hennar fólki. Sjálf segist Nanna vera fremur feimin og segir að það hvað hún sé „skritin“ megi að hluta til rekja til æsku hennar.

Uppeldi í höndum þriggja rosinna karlmannna

Nanna er fædd árið 1957. Þótt árin séu aðeins 50 síðan sú fæðing átti sér stað gætu þau af lýsingum Nönnu verið mun fleiri. „Að hluta til var ég alin upp á annarri öld, að minnsta kosti framan af. Til 11 ára aldurs bjó ég í Skagafirðinum, í Djúpadal í Blönduhlíð. Við systkinin, fjögur talsins, vorum jöfnum höndum alin upp af foreldrum okkar og svo þremur rosnum karlmonnum sem einnig bjuggu á bænum: Afa mínum og bræðrum hans. Þeim þótti öllum óskaplega vænt um okkur en voru mjög ólíkir menn þótt þeir væru bræður. Pabbi, Rögnvaldur Gíslason, vann áratugum saman á sýsluskrifstofunni á Saudárkróki og alla jafna dvaldi hann því ekki á heimilinu nema einn dag í viku – kom heim á laugardögum og fór aftur á Krókinn á sunnudögum. Mamma, Sigríður Jónsdóttir, var sveitahúsmóðir með allri þeirri vinuþrælkun sem því fylgdi en bærinn var það langt frá þjóðveginum að hún kenndi okkur systkinunum heima þar til við fluttum á Saudárkrók. Mér finnst oft eins og hún sé eini kennarinn sem ég hafi virkilega lært eitt-hvað af.“

Nanna segir að það að flytja á Krókinn og þá sérstaklega að hitta jafnaldra sína oftar en örsjaldan á ári hafi verið mikil viðbrigði. „Ég fann það mjög fljótt þegar ég flutti að ég var álitin mjög skritin. Ég kunni ekki marga af þessum krakkaleikjum og talaði öðruvísi en aðrir. Það

ömmu sinni. Eftir stutta viðkomu á Stokkseyri kom að því að hún flutti í bæinn, fór í háskólann þar sem hún prófaði sagnfræði og ýmis önnur fög en allra skemmtilegast fannst henni að sitja á kaffistofunni og kjafta. Í miðjum kaffistofu-umræðum var Nanna orðin ólétt á ný, hóf sambúð og flutti í Skerjafjörðinn. „Strákurinn minn fæddist þegar ég var 23 ára og ég held að það ár sem á eftir fór hafi verið leiðinlegasta tímabil ævi minnar. Og sá tími sem ég hef komið hvað minnstu í verk því ég gerði eiginlega ekkert nema liggja uppi í rúmi og lesa reyfara. Ég hef stundum hugsað mér að fara að vinna heima en ég er bæði hrædd um að ég myndi leggjast upp í rúm í reyf-arelestur og svo líka að ég myndi einangra mig.“ Næstu fimm árin vann Nanna á Örnefnastofnun við ýmis ritarastörf og örnefnasöfnun og svo lá leiðin til Íðunnar. Þar átti hún eftir að starfa næstu 16 árin og vinna að sínum stærstu verkum. „Ég var ráðin inn til að svara í símann og skrifa reikninga og sjálfstraustið var svo lítið á þeim tíma að ég var hreint ekki viss um að ég myndi bara ráða við starfið. Ég hélt einhvern veginn að ég væri algjörlega gagnslaus. Til allrar hámingju var Jón Karlsson forstjóri mjög fljótur að sjá að hann gæti líklega notað mig í ýmislegt annað.“ Þó voru enn nokkur ár í að matreiðslubókakerfillinn hæfist en það var ekki fyrr en tæpum tíu árum síðar sem Matarást, fyrsta matreiðslubók Nönnu, kom út.

Eldamennskan hófst um þritugt

Upphaf matreiðslubóka Nönnu má rekja til þess þegar hún var þritugt þótt ekki hafi bókin komið út fyrr en hún var að verða fertug. „Það var þrennt sem gerðist þegar ég var um þritugt. Í fyrsta lagi skildi ég, sem kallaði á ákveðið sjálfstæði í eldhúsinu, að þurfa ekki lengur að elda það sem eiginmaðurinn vildi. Í öðru lagi fór ég að vinna meira um það leyti sem þýddi að ég varð að fara að huga að matreiðslu sem tók skemmir tíma og það þriðja var að ég hætti að reykja og fór loks að finna almennilegt bragð. Fram að þessu hafði ég ekki verið neinn sérstakur kokkur en þarna var eins og það kviknaði á mér og ég fór að hafa ofsalega gaman af því að elda og gerði það vel.“ Það er samt ákveðin þversögn í því að Nanna hafi fyrst farið að elda af virkilegri elju um þritugt því allt frá menntaskólaaldri hafði hún haft mikla ást á og safnað matreiðslubókum. Matreiðslubækur las hún eins og aðrir lesa skáldsögur og í dag á hún um 1.600 bækur. Líklega er matreiðslubókahuginn meðfæddur. „Það var eithvað í matreiðslubókunum sem höfðaði til mín. Og



ÖFT Í EIGIN HEIMI Nanna Rögnvaldardóttir segir að hún sé oft svo utan við sig að hún muni hreinlega ekki hvert hún ætli að fara. Til að mynda hafi hún oft á leið sinni í vinnuna, gengið á gamla vinnustaði sem hún vann á einu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

en súkkulaðikremið var „ekki eins og síðast“ að sögn afkvæmisins. Leitir mikla að súkkulaðikreminu, þar hins vegar ekki árangur. „Ég fór upp úr þessu að leggja mikla rækt við að skrifa niður hvernig átti að gera hlutina og alls kyns fróðleik um hræfnið. Smám saman breyttust þessir punktar í stóra skrá í tölvunni minni sem ég fór svo að prenta út og ljósrita handa vinum og ættingjum. Til þess var ég að stelast í vinnunni og alltaf stækkaði og stækkaði skrá-

→ ÆTILEG YFIRHEYSLSA

Af þeim 1.600 matreiðslubókum sem þú átt, upp úr hverjum heldurðu að þú munir seint elda? Þöddu-matreiðslubókunum mínum.

Hver var þín fyrsta tilraun í eldhúsinu? Þegar ég reyndi að bræða ost í niðursuðudós á gömlu kolaeldavélinni í eldhúsinu heima; ætli ég hafi ekki verið svona sex ára. Ég hafði lesið fjálglegar lýsingar á því hve vel bræddur ostur smakkaðist og langaði að bragða á. Stalst til að prófa þetta meðan mamma var í fjösinu. Ég hef aldrei orðið fyrir jafnmiklum vonbrigðum með mat.

Hvað finnst þér skemmtilegast að elda? Risotto. Mér finnst fátt betra en að standa við pottinn í 20 mínútur, hræra í rölegheitum og spjalla við fólk. Við almennilega risottogerð þarf tvö glös af hvítvíni, annað fer út í risottoið en hinu glasinu dreypir maður á við eldamennskuna.

Hver er eftirlætisréttur fjölskyldunnar? Kjöt í karrí er alltaf klassískt.

“Ég var ráðin inn til að svara í símann og skrifa reikninga og sjálfstraustið var svo lítið á þeim tíma að ég var hreint ekki viss um að ég myndi bara ráða við starfið.

var ekki fyrr en mörgum árum síðar sem ég áttaði mig á því að mér færi best að vera ég sjálf. Þá fór mér líka að líða vel.“

Kynfræðslan á Króknum fyrir ofan garð og neðan

Nanna segist hafa verið partídyr á unglingsárum og afleiðingar þeirra var því 16 ára ólétt Nanna, á leið í menntaskólann. En Nanna átti góða að og foreldrar hennar gengu dóttur hennar í foreldra- stað á meðan hún kláraði menntaskólann og svo tók Nanna við uppeldinu, sem hún segir að hafi verið mikill skóli og erfiður, ekki sist fyrir dóttur hennar sem hingað til hafði átt afar góða mömmu í

ég hef stálminni á alla kafla í til að mynda skáldsögum sem tengjast mat. Eitt sinn las ég reyfara sem ég hélt að hefði aldrei lesið áður. Allt þar til ég kom að opnu þar sem dýrindisveisluföngum var lýst. Þá mundi ég hvert smáatriði af kræsingarlýsingunum.“

Súkkulaðikremið

Þegar eldamennskan hófst að ráði í lífi Nönnu segist hún fljótt hafa áttað sig á því að hún yrði að skrifa niður hluti sem heppnuðust vel. Bolludagurinn 1989 verður lengi í minnum hafður. Þá útbjó Nanna súkkulaðikrem sem sonur hennar var í skýjunum með. Árið eftir átti allt að heppnast jafn stórkostlega

in. Að lokum var þetta orðið svo umfangsmikil útþrentun að ég hafði ekki samvisku í mér að vera að nota prentara og ljósritunarvél vinnustaðarins í þetta og ákvað að prenta út eina lokaútgáfu. Þar sem ég er að ljósrita hana þarf ég að skreppa frá og kem stuttu síðar að Jóni forstjóra við ljósritunarvélina þar sem hann er að blaða í þessu. Ég hugsaði með mér að nú fengi ég skammir í hattinn. Jón spyr mig hvað þetta sé sem ég segi honum og þá segir hann: „Nanna, við gefum þetta út. Nú færð þú þann tíma sem þú þarft til að klára þetta og svo gefum við þetta út.“ Og úr varð Matarást: Afrakstur 15 ára glósuvinna Nönnu.

Í eigin heimi og fótafjöldi á reiki

Nanna er eftir nokkurra ára stöpp í matarblaðamennsku aftur komin í gamla fagið hjá Eddu og þar verður vinna við matreiðslubækur hluti starfs hennar. Þessa dagana er að koma út bókinn Maturinn okkar, sem er íslensk þýðing á Cool cuisine eftir Nönnu sem út kom fyrir tveimur árum. Hún hefur einnig lokið við að þýða aðra sem kallast Stóra matarboðin, bók þar sem heimsfrægir kokkar kenna óbreyttum að elda að hætti listakokka. Og þriðja bókin er einnig í vinnslu, Af bestu lyst III. Hvað aðrar stundir í sólarhringnum varðar segist Nanna annars vera svolítil dellukona. Þessa dag-

ana dvelur hún mikið á eBay í leit að skemmtilegum borðbúnaði og er nú að sverma fyrir skeiðahitara um leið og hún viðurkennir að vita ekki almennilega til hvers hún á að vera að hita skeiðarnar. En er það rétt sem sagt er að Nanna sé svo utan við sig að hún mæti jafnvel í fötunum á röngunni í vinnuna? „Já, já. Ég veit ekki hvort ég geti sagt frá því en einu sinni kom það fyrir mig í alvöru að ég stoppaði sem örsnöggvast og reyndi að muna hvort ég væri með einn fót eða tvo. Ég er stundum á sjálfstýringu, alveg í mínum eigin heimi. Og enda þar af leiðandi oft bara einhvers staðar allt annars staðar en ég ætlaði að enda.“

Mikið úrval af húsgögnum á frábæru verði



TILBOÐ
159.920_{kr}
Verð áður 199.900,-

Leðursófasett 3+1+1 M3217



TILBOÐ
197.100_{kr}
Verð áður 219.000,-

Leðursófasett 3+1+1 Dany



156.000_{kr}
GOTT VERÐ

Púðahornsófi 2+h+2 Paris



144.000_{kr}
GOTT VERÐ

Bycasthornsófi 2+h+2 Roma



204.000_{kr}
GOTT VERÐ

Bycastsófasett 3+1+1 nice



TILBOÐ
93.600_{kr}
Verð áður 124.900,-

Hægindasófi G2213

TILBOÐ
47.200_{kr}
Verð áður 62.900,-

Hægindastóll G2213

Orthopedico rúm

150x200 58.320.- ~~72.900.-~~

180x200 70.320.- ~~87.900.-~~

AFSLÁTTUR
20%



Gildir til 26. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Clintonhjón Frakklands skilin

Orðrómur um bresti í sambandi „gullna parsins“ í Frakklandi, **Segelone Royal**, forsetaefni Sósíalístaflokksins í nýafstöðnum kosningum, og **Francois Hollande**, leiðtoga Sósíalístaflokksins, reyndist sannur. Eftir að hafa fylgst að í lífinu og pólitíkinni í tæplega þrjátíu ár hafa Royal og Hollande skilið að skiptum. **Sigríður Dögg Guðmundsdóttir** skoðaði samband þeirra sem einn forystumaður í flokknum líkti nýlega við „Bermúdaþríhyrninginn“ sem Sósíalístaflokkurinn reyndi að komast hjá að sogast inn í.

Eitt frægasta tvíeyki Frakklands, í ástarlífinu og pólitíkinni, er skilið að skiptum. Segelone Royal, forsetaefni Sósíalístaflokksins í nýafstöðnum kosningum, og Francois Hollande, leiðtogi Sósíalístaflokksins, sem hafa verið kölluð „Bill og Hillary Clinton“ Frakklands, höfðu verið saman í 27 ár þegar Royal tilkynnti um sambandsplitin að kvöldi kjördags seinni umferðar þingkosninganna á sunnudaginn fyrir viku.

Yfirlýsingin um sambandsplitin var ekki sameiginleg, þó að Hollande hafi verið skjótur að staðfesta hana. Hvorugt þeirra tilgreindi sérstaka ástæðu fyrir skilnaðinum en Royal gaf sterktlega í skyn að Hollande væri í tyggjum við aðra konu. Í viðtali við franska útvarpsstöð, þar sem hún var að kynna nýja bók sína, *Að tjaldabaki ósigurs*, sem kom út í síðustu viku sagðist hún hafa beðið Hollande um að yfirgefa heimili þeirra til að fylgja eftir ástarmálum sínum og óskaði honum alls hins besta.

Samstiga í lífi og stjórnárum

Royal og Hollande kynntust og hófu samband sitt þegar þau voru við nám í Ecole Nationale d'Administration (ENA), skóla sem megnið af stjórnárum- og embættismannaélítu Frakka útskrifast úr. Eftir námið fóru þau bæði að starfa fyrir Sósíalístaflokkinn.

Royal var skipuð umhverfisráðherra árið 1992 og hefur síðan verið aðstoðarráðherra í bæði menntamála- og fjölskyldumálum. Hollande hefur verið leiðtogi Sósíalístaflokksins undanfarin tíu ár.

Royal og Hollande giftu sig aldrei þrátt fyrir að hafa verið í sambandi í 27 ár og eignast fjögur börn sem eru á aldrinum fjórtán ára til 22 ára. Royal viðurkennir í bók sinni að hún hafi verið viljug til þess en gefur í skyn að Hollande hafi látið vini sína tala sig ofan af hugmyndinni.

Orðrómur um stirt samband

Allt frá því að Royal tilkynnti um að hún sæktist eftir forsetaembættinu á síðasta ári hefur samband hennar og Hollande verið í kastljósi fjölmiðla. Þrálátur orðrómur hafði verið uppi í kosningabaráttunni um að sambandið stæði á völtum fótum.

Það þótti vera skýrt merki um stirt samband þeirra þegar ljósmyndir voru teknar af þeim í mars síðastliðinn þar sem þau heilsuðust með handabandi. Í landi þar sem algengt er að heilsast með kossi á kinn, og þar sem þör eru ástúðleg við hvort annað á almanna-færi, þóttu stíf formleghæitin í Royal og Hollande grunsamleg.

Royal sagði eftir skilnaðinum að eins og öll þör hefðu þau glímt við vandamál en hún hafi kosið að setja þessi vandamál á ís meðan á kosningabaráttunni stóð. Aðeins örfáir mánuðir eru síðan Royal neitaði öllum sögusögnum um skilnað þeirra og bætti jafnvel við að hún hefði íhugað að giftast Hollande við „rómantíska athöfn“ í Frönsku Pólýnesíu í fyrra. Viðbrögð Hollande við þessum orðum Royal voru að hann kannaðist ekki við það.

Aðeins mánuður er síðan Royal og Hollande sögðust ætla að fara í mál við útgefanda bókar um bresti í sambandi þeirra. Í bókinni var haldið fram að áhugi Hollande á öðrum konum hefðu kynt undir metnaði Royal til að bola honum frá völdum í Sósíalístaflokknum. Royal sagði þessar ásakanir „ósannar og mjög særandi“.

Andstaða innan flokksins

Hollande sagði í útvarpsviðtali í vikunni að skilnaðurinn væri einkamál hans og Royal og að hann hefði engar „pólitískar orsakir né pólitískar afleiðingar“. Ekki eru allir í forystu Sósíalístaflokksins þó sammála Hollande og telja sumir að orðrómur um vandamál í sambandinu og stíðleikinn milli Royal og Hollande hafi haft slæm áhrif á kosningabaráttuna, jafnvel þó að franskir fjölmiðlar hafi aðeins ýjað að



FRANCOIS HOLLANDE OG SEGELONE ROYAL Allt virtist leika í lyndi hjá hjónaleysunum þegar þau komu fram saman í mars í kosningabaráttunni. NORDICPHOTOS/AFP



VALDAMIKLIR SÓSÍALÍSTAR Fyrirverandi ráðherrarnir Dominique Strauss-Kahn og Laurent Fabius, sem beittu sér gegn framboði Royal, sitja hvor sínum megin við Hollande og Royal á kosningafundi fyrir þingkosningarnar.

NORDICPHOTOS/AFP

því að brestir væru í sambandinu þar sem lög um vernd einkalífs eru mjög ströng í Frakklandi.

Einn forystumaður í Sósíalístaflokknum líkti sambandi Royal og Hollande nýlega við „Bermúdaþríhyrninginn“ sem flokkurinn reyndi að komast hjá að sogast inn í. Annar sagði í sjónvarpsviðtali að hann væri orðinn þreyttur á því að pólitískt líf flokksins færi eftir því hvernig staðan væri í sambandi parsins í forystunni.

Hópur gamalgróinna kanóna í Sósíalístaflokknum mynda valdakjarna sem kallast „fílarnir“ og voru lengi á móti forsetaframboði Royal. Fyrirverandi fjármálaráðherrann Dominique Strauss-Kahn, fyrirverandi forsætisráðherrann Lionel Jospin og fyrirverandi forsætisráðherrann Laurent Fabius tilheyrja þessum hópi meðal annars. Strauss-Kahn beið lægri hlut fyrir Royal um forsetatilnefningu Sósíalístaflokksins. „Hver mun hugsa um börnin ef hún verður forseti?“ var haft eftir Fabius.

Martröð Hollande

Á þeim tíma sem á mestu andstöðunni við framboð Royal stóð lét Hollande hafa eftir sér: „Ég lifi í martröð,“ sem gaf kenningum um stirt samband hans og Royal byr undir báða vængi. Ekki bættu úr skák ummælin: „Drottningar geta átt sínar stundir en kóngurinn snýr alltaf aftur og tekur völdin.“ Hollande hafði sjálfur haft metnað til

UMFJÖLLUN FJÖLMIÐLA

Þrátt fyrir þrálátan orðróm um bresti í sambandi Royal og Hollande þá köfuðu franskir fjölmiðlar aldrei í málið. Ástæðan fyrir því liggur í viðhorfi gagnvart einkalífi opinberra persóna í Frakklandi að sögn fréttaritara Guardian um franska menningu, Agnes Poirier, í samtali við BBC. „Við viss-



SKAÐRÆÐISKVENDI Í bókinni *La Femme fatale*, sem gæti útlagst á íslensku sem „skaðræðiskvendi“, var því haldið fram að samband Royal og Hollande hafi beðið skipbrot í fyrra þegar Royal ákvað að bjóða sig fram til forseta. París hafði hóttað útgefendum bókarinnar lögsókn.

NORDICPHOTOS/AFP

um öll að það hefðu verið erfiðleikar, og sum okkar vissu meira. Þannig að af hverju skrifuðum við ekki um það? Vegna menningar okkar og laga. Að rannsaka eða fjalla um einkalíf opinberra persóna er alveg bannað.“ Poirier segir að þar að auki séu lög um friðhelgi einkalífsins mjög ströng sem haldi aftur af jafnvel hörðustu fréttamönnum.

að verða forsetaframboðandi Sósíalístaflokksins, sumir segja allt frá því að hann og Royal kynntust við nám í ENA fyrir tæpum þrjátíu árum.

Í kosningabaráttunni komu upp atvik þar sem stuðningslið Royal tókst á við fólk á bakvið Hollande. Fjölmiðlafulltrúi Royal, Arnaud Montebourg, gamall mótherji Hollande, fékk til að mynda spurningu í beinni útsendingu í sjónvarpsþætti um hvort Royal hefði einhverja galla og hann svaraði: „aðeins einn – sambýlismaður hennar.“ Montebourg var vikið frá störfum í mánuð en svarið vakti mikla athygli.

Valdabaráttu í uppsiglingu

Margir telja að yfirlýsing Royal á sunnudagskvöldið sé úthugsaður leikur af hennar hálfu í þeim tilgangi að taka yfir leiðtogahlutverk Sósíalístaflokksins úr hendi fyrirverandi sambýlismanns síns og gera umbætur á flokknum eftir eigin höfði. Búið er við því að Hollande viki sem leiðtogi Sósíalístaflokksins á næsta ári fyrir eftirmanni sínum. Hörð valdabaráttu gæti verið í uppsiglingu á milli Royal og fyrirverandi fjármálaráðherra Frakka, Dominique Strauss-Kahn.

Erfitt er að segja til um hvort sambandsplit Royal og Hollande muni hafa þau áhrif að valdabaráttan innan Sósíalístaflokksins verði minna flókin eða jafnvel enn harðari. Gagnrýnendur höfðu sumir hverjir séð fyrir sér óeðlilegan brag á því að Hollande myndi afhenda sambýliskonu sinni Royal völdin í Sósíalístaflokknum þegar hann færi frá, í ætt við konungsveldi. Eftir skilnaðinn er erfiðara að halda því fram að Hollande muni veita Royal fyrirgreiðslu.

Pólitísk framtíð Hollande virðist óljós eins og staðan er í dag. Honum er að einhverju leyti kennt um að ekki hafi tekist á tíu ára valdatíð sinni að gera þær umbætur á Sósíalístaflokknum sem nauðsynlegar séu til að koma honum til valda.

Royal mun hins vegar hefja baráttu sína um völd í Sósíalístaflokknum með það markmið að leiða flokkinn til sigurs sem forsetaframboðandi sósíalista í næstu kosningum árið 2012.

”

Drottningar geta átt sínar stundir en kóngurinn snýr alltaf aftur og tekur völdin.

FRANCOIS HOLLANDE LEIÐTOGI SÓSÍALÍSTAFLOKKSINS Í FRAKKLANDI.

GARÐPARTÝ Í EGG

20-50% sumarafsláttur*

Í dag, laugardag frá klukkan 13-15

- ★ Gómsæt grillveisla í boði Gallerí kjöts
- ★ Jazzbræður spila fyrir gesti
- ★ Ís og gos fyrir börnin
- ★ Spennandi sumartilboð



20% afsláttur

Hágæða garðhúsgögnin frá Haans á tilboðsverði



20% afsláttur Weber, grilláhöld í úrvali



20-50% afsláttur



Búsáhöld og gjafavara, sumarleg, litrík og skemmtileg*

*Gildir frá 22.6 - 24.6 af völdum vörum - tilboðin gilda ekki á stjörnumerktum vörum

„Lítum á okkur sem danshljómsveit“

Hljómsveitin The Rapture spilar á tónleikum hérlendis næstkomandi þriðjudagskvöld. Hljómsveitin þykir með heitustu partíhljómsveitum veraldar um þessar mundir en í fyrra kom út platan *Pieces of the People We Love* og hlaut hún frábærar viðtökur. Hljómsveitin hefur áður spilað á Íslandi, á Iceland Airwaves-hátíðinni árið 2002 en þá var sveitin nánast óþekkt. **Steinþór Helgi Arnsteinsson** heyrði í Vito Roccoforte, trommara sveitarinnar, og athugaði hvernig Íslandsförim legðist í þá.



HEITIR Hljómsveitin The Rapture hefur alltaf átt stóran aðdáendahóp hér á landi eftir tónleikana á Airwaves árið 2002 en margir telja tónleikana þá bestu í sögu hátíðarinnar. Trommuleikari sveitarinnar, Vito Roccoforte (langst til hægri), vonast til að sveitin geti endurtékið leikinn.

Ég var einn af þeim sem upplifðu hina goðsagnakenndu tónleika The Rapture á Airwaves árið 2002. Þá hafði ég eingöngu heyrt eitt lag með sveitinni en eftir tónleikana fór ég beint á netið og pantaði mér allt útgefið efni með henni. Tónleikarnir voru vægast stórkostlegir og eru án efa með eftirminnlegustu tónleikum sem ég hef sótt. Ég hóf þess vegna viðtalið á því að spyrja Vito um þessa fimm ára gömlu tónleika.

Þið eruð að koma hingað til Íslands í annað sinn, er annars rétt að fyrri tónleikarnir hafi verið ykkar fyrstu utan Bandaríkjanna?

„Þetta voru einir af þeim fyrstu já, þegar við vorum að byrja að spila utan Bandaríkjanna. Virkilega spennandi.“

Manstu eftir tónleikunum?

„Já, já, ég man mjög vel eftir þeim. Þetta eru einir af bestu tónleikunum sem við höfum spilað á. Áhorfendurnir voru frábærir. Líka... ég man eftir því að hafa ráfað um Reykjavík eftir tónleikana í miklum kulda og allir voru virkilega fullir, glerbrot út um allt...“

Einmitt! Hefðbundin helgi í Reykjavík.

„[Hlátur] Við trúðum þessu varla og vorum alveg furdulostnir.“

Þetta verður vafalaust alveg eins núna, nema ég lofa betra veðri.

„Vá, frábært. Ég man einmitt eftir að hafa reynt að komast inn á skemmtistaði og fólk stóð í röðum, alveg að farast úr kulda. Síðan þegar hurðin opnaðist tróðst eitthvað fólk inn á meðan við hin hældum áfram að standa úti í kuldanum.“

Ég þekki þetta ágætlega, agalegt alveg. En segðu mér nú aðeins frá sögu The Rapture.

„Nú, ég og Luke [Jenner, gítarleikari hljómsveitarinnar og annar söngvarinn] stofnuðum hana á vesturströnd Bandaríkjanna [þeir eru báðir frá San Diego en stofnuðu sveitina formlega í San Francisco], fluttum síðan til New York, hittum Matt [Safer, bassaleikari og hinn söngvarinn] og Gabe [Gabriel Andrussi, hljómborðs-, saxafón- og ásláttarleikari sveitarinnar] og þannig er The Rapture núna. Og síðan við kynntumst þeim hefur allt verið frábært.“

Hvað með nafnið, hvaðan er það komið? Ég nefnilega heyrð ýmsar sögur.

„Það kemur frá gaur, Helios Creed, sem var í sveitinni Chrome sem er ein af mínum uppáhaldssveitum. Þetta er sem sagt lag með honum [Af plötunni Cromagnum Man frá 1998].“

→ Helstu útgáfur The Rapture

Mirror (1999)(Smá-LP) ***

Out of the Races and Onto the Tracks (2001)(EP) *****

Echoes (2003) ****

...Is Live, And Well, In New York City (2003)(Tónleika-DVD) *****

Pieces of the People We Love (2006) ****



Samvinnan við DFA

Á fyrstu breiðskífunni ykkar, *Mirror*, heyrir maður greinilega að þið eruð að stefna í áttina að þessu dans-pönki eða póst-pönk afturhvarfi, en hversu mikilvægt var fyrir ykkur að fá plötusamning hjá DFA ef við miðum við þróun tónlistar ykkar? (Reyndar þrættum við Vito fyrst um hvort *Mirror* væri virkilega breiðskífa eða stuttskífa (LP eða EP). Hann sagðist iðulega kalla hana EP en að plötu-fyrirtækið hafi á sínum tíma viljað kalla hana LP, væntanlega til þess að selja fleiri plötur. Á plötunni eru aðeins átta lög og er hún um 25 mínútur að lengd.) „Þegar við hittum DFA, sem voru á þeim tíma eingöngu James [Murphy, aðalmaðurinn á bakvið LCD Soundsystem] og Tim [Goldsworthy], þá var það í raun ekki plötu-fyrirtæki. Eingöngu tveir gaurar með góða hugmynd. Við skiptumst síðan á skoðunum og hlustuðum saman á tónlist. Þannig að við... þú veist, bara sátum með þeim og hlustuðum á plötur í ár eða eitthvað og byrjuðum síðan að vinna saman. Það var afar heilladrjúgt fyrir okkur alla að við skyldum hittast. Þeir voru með sína eigin sveit sem var að gera sína eigin hluti og passaði vel fyrir verðandi plötu-fyrirtæki þeirra. Við hittum síðan fólk sem rak hljóðver og þeir voru upptökustjórar sem virkilega náðu að framkalla það sem við vildum.“ Greinilega undraplötur sem þið hlustuðu á þarna í denn. En áður en þið gáfuð út *Echoes* hjá DFA gáfuð þið út EP skífuna *Out of the Races and Onto the Tracks* hjá Sub Pop. Hvers vegna gáfuð þið ekki út fleiri skífur hjá þeim? „Við sömdum við Sub Pop þegar við

bjuggum í Seattle í um sex mánuði. En um leið og við skrifuðum undir samninginn þá keyptum við okkur sendiferðabíl og fluttum til New York. Þetta var bara eitt af þessu sem gerist; Tengiliðurinn [á ensku: A&R] okkar þar var rekin og með lélegum samskiptum náðum við einhvern veginn að eyðileggja öll okkar sambönd sem höfðu verið að byggjast upp. Þau voru samt mjög kúl gagnvart þessu. Við höfðum skrifað undir tveggja platna samning en við gáfum þeim bara þessa EP-plötu og þeir leyfðu okkur að fara.“

Urðuð þið ekkert svekktir á þeim tíma yfir því að hafa misst af þessum samningi?

„Já, þetta var í raun erfiður tími fyrir okkur því við höfðum verið hjá Sub Pop sem er mjög stórt indí-plötu-fyrirtæki. Við vildum frekar vera hjá DFA sem var samt ekkert plötu-fyrirtæki á þeim tíma. Við fórnudum því miklu öryggi til þess að koma hugmyndum okkar á framfæri með DFA. Við vorum samt tilbúnir til þess að taka þessa áhættu til að geta gert eitthvað nýtt og meira okkar eigið.“

Á lausu

Núna eru þið hins vegar hjá Motown/Universal. Erud þið sem sagt búnir að selja djöflinum sálu ykkar?

„Uh, já við gerðum það fyrir löngu síðan [mikil hlátrasköll].“

Er samt betra að vera hjá plöturisa?

„Svona, þú veist, ef ég á að vera hreinskilinn þá eru risarnir ekkert það versta í heimi. Þetta fer eingöngu eftir plötu-fyrirtækinu sjálfu. Mörg „indí“-plötu-fyrirtæki eru alveg eins skítug og vond og risaplötu-fyrirtækin.“

Þau óska þess bara að vera eins og risaplötu-fyrirtækin...

„Já, algjörlega. Þessi fyrirtæki starfa á mjög svipaðan hátt, alveg óháð stærð, nema þau eru ekki með eins mikið peningaflæði. Þannig að á margan hátt er töluvert verra að vera hjá einhverju sjálfstæðu litlu plötu-fyrirtæki. Þetta fer samt mest eftir því hvaða fólk vinnur hjá þessum plötu-fyrirtækjunum.“

Þannig að risarnir hjá Universal koma vel fram við ykkur?

„Já, hingað til. Þeir standa aldrei í vegi okkar og hafa aldrei verið með einhverjar athugasemdir vegna atriða sem þeir telja að muni ekki selja plötur.“

Ætlið þið ykkur þá að vera áfram þarna?

„Við sjáum hvað setur. Samningur okkar er útrunninn og ég veit ekki alveg hvað við gerum en þetta eru athyglisverðir tímar, í ljósi dræmrar plötusölu í heiminum og allt það.“

Dansinn dunar

Þið eruð líka nýbúnir að stofna ykkar eigið dansplötu-fyrirtæki. Verður lögð meira áhersla á það í staðinn?

„Við erum að vinna mikið í því akkúrat núna, sem er erfitt, því við erum svo uppteknir við að spila á tónleikum úti um allt og hugsa um sjálfa hljómsveitina.“

En þetta danselement í tónlist ykkar. Er dansinn mikilvægari í huga ykkar en rokkið eða pönkið?

„Uhh, ég held að, þú veist, þegar við vinnum saman sem hljómsveit þá lítum við á okkur sem dansstónlistarsveit. Ég held samt að rokkið, pönkið og allt annað sé alveg jafn mikilvægt enda liggja rætur okkar þar. Ég ólst upp við að fara á pönktónleika og var pönkari. En já, núna, þá erum við alveg pottþétt dansstónlistarsveit en við höfum auðvitað þennan [pönk-rokk] bakgrunn.“

Er The Rapture að verða samt meira raf-dansstónlistarsveit?

„Við erum alltaf að stefna meir og meir í þá átt. En ég meina, The Rapture sem hljómsveit... æi, maður veit aldrei. Svona þróast einfaldlega frá plötu til plötu og í raun er aldrei hægt að ákveða svona fyrirfram. Ég gæti sagt að næsta plata myndi þróast út í frekari rafdans-tónlist en svo endar hún sem hreinræktuð rokkplata. Reyndar höfum við verið í frí í mánuð og erum nýbyrjaðir að semja efni fyrir næstu plötu, sem gengur meira að segja bara mjög vel.“

Nú, fá áhorfendur að heyra nýtt efni þegar þið spilið hér á landi?

„Já, það gæti farið svo. Við eigum eitt lag sem við höfum verið að spila en hefur ekki enn komið út og heitir *No Sex For Ben*. Mér finnst lagið mjög gott og vonandi náum við að taka það. Kannski, ef við verðum búnir að setja saman eitthvað af þessu nýja dóti, spilum við það líka, maður veit aldrei.“

Tónleikar The Rapture eru eins og áður segir á Nasa næstkomandi þriðjudagskvöld en íslenska hljómsveitin Motion Boys sér um upphitun. Þegar þetta er skrifað eru enn til örfáir miðar á miði.is.

Verðsprenngja

sparið allt að 10.000 kr.



PÚ SPARAR 10.000 kr

TILBOÐ 39.999 kr
Verð áður 49.999 kr

PÚ SPARAR 3.000 kr

TILBOÐ 14.999 kr
Verð áður 17.999 kr

SHIMANO
20" Nitro

PÚ SPARAR 3.000 kr

TILBOÐ 14.999 kr
Verð áður 17.999 kr

SHIMANO
20" Rider

PÚ SPARAR 5.000 kr

TILBOÐ 24.999 kr
Verð áður 29.999 kr

SHIMANO
20" Free Style

PÚ SPARAR 4.000 kr

TILBOÐ 23.999 kr
Verð áður 27.999 kr

SHIMANO
24" White Pearl

PÚ SPARAR 4.000 kr

TILBOÐ 23.999 kr
Verð áður 27.999 kr

SHIMANO
24" Extreme

PÚ SPARAR 6.000 kr

TILBOÐ 23.999 kr
Verð áður 29.999 kr

SHIMANO
28" Gentleman

PÚ SPARAR 5.000 kr

TILBOÐ 24.999 kr
Verð áður 29.999 kr

SHIMANO
26" City Racer

PÚ SPARAR 5.000 kr

TILBOÐ 24.999 kr
Verð áður 29.999 kr

SHIMANO
26" City Cruiser

PÚ SPARAR 5.000 kr

TILBOÐ 34.999 kr
Verð áður 39.999 kr

SHIMANO
26" Cross Rider

Gildir til 25. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versta

Gata nefnd til heiðurs Versace

Tíu ár eru liðin frá dauða tískuhönnuðarins Gianni Versace og af því til efni verður gata í Mílanó nefnd eftir honum. Via Versace mun gatan heita og verður hún nefnd þann 15. júlí næstkomandi en það var einmitt þá sem Versace lést árið 1997. „Þetta er gert til heiðurs listamanninum og persónunni Gianni Versace,“ sagði Vittorio Sgarbi, menningarmálaráðgjafi Mílanó. Via Versace er staðsett í því hverfi Mílanó sem er kallað „Tískuborg“ en



VIA VERSACE

svæðið mun seinna meir hýsa verslanir, hótél og söfn sem tileinkuð verða frægustu hönnuðum og stílístum Ítalíu.

„Gianni var yndislegur maður og frábær listamaður; snillingur sem átti allt þetta skilið,“ sagði systir hans, Donatella Versace, sem nú stýrir tískuhúsinu. Auk götunnar mun sýning til heiðurs honum verða opnuð 15. júlí í La Scala óperuhúsinu í Mílanó og heitir hún „Takk, Gianni, ástarkveðja“ eða „Thanks, Gianni, With Love“.



8000 5555

Alla daga
frá 10 til 22



Linde Gas } AGA

Breyting á yfirtökutilboði í Actavis Group hf.



Þann 1. júní síðastliðinn lagði Novator eignarhaldsfélags ehf. („tilboðsgjafi“) fram yfirtökutilboð í allt hlutfé Actavis Group hf. í A-flokki sem ekki var þegar í eigu félaga tengdum tilboðsgjafa eða í eigu Actavis Group hf. Tilboðsgjafi tilkynnir hér með að hann hefur ákveðið að gera breytingar á yfirtökutilboði sínu sem hafa í för með sér hagstæðari skilmála fyrir hluthafa. Breytingarnar eru háðar einróma meðmælum allra óháðra stjórnarmanna Actavis Group hf. til hluthafa um að samþykka hið breytta yfirtökutilboð og óafturkallanlegri skuldbindingu frá hinum óháðu stjórnarmönnum um að samþykka hið breytta yfirtökutilboð.

Hækkað tilboðsverð

Tilboðsverðið hefur verið hækkað og er nú EUR 1,075 (Evrur ein 075/1000) í reiðufé fyrir hvern hlut í A-flokki sem ekki er þegar í eigu félaga tengdum tilboðsgjafa eða í eigu Actavis Group hf., kvaða- og veðbandalausán („tilboðsverð“). Um er að ræða u.þ.b. 10% hækkun frá upphaflegu tilboðsverði.

Viðbótargreiðsla

Komi til þess á næstu 12 mánuðum eftir að yfirtökutilboð tilboðsgjafa verður óskilyrt, að tilboðsgjafi selji eða framselji með öðrum hætti, beint eða óbeint, í einum eða fleiri viðskiptum (þ.m.t. með veitingu áskriftarréttinda eða valréttta, samruna, sölu verulegra eigna, skráningu hlutfjár á skipulagðan verðbréfamarkað eða með öðrum hætti), 10% eða meira af hlutfjáreign sinni (eða beinum eða óbeinum réttindum henni tengd), til ótengds þriðja aðila, að undanskildum starfsmönnum Actavis Group hf. og jafnframt að undanskilinni endurskipulagningu innan samstæðu tilboðsgjafa og öllum kvöðum sem kunna að vera lagðar á hlutabréfin, þ.m.t. veðsetningu, (á þeim tíma er yfirtökutilboðið verður óskilyrt) í Actavis Group hf. (eða aðila sem tekið hefur við réttindum og skyldum Actavis Group hf.) („síðari sala“), á herra verði en sem nemur tilboðsverði tilboðsgjafa („hið herra söliverð“), þá skuldbindur tilboðsgjafi sig til að tilkynna öllum þeim er samþykka yfirtökutilboðið um að síðari sala hafi átt sér stað, innan 5 viðskiptadaga eftir að samningar um síðari sölu hafa náðst.

Eftir því sem við á mun tilboðsgjafi deila hlutfallslega með hluthöfum sem samþykktu yfirtökutilboðið mismun á hinu herra söliverði og tilboðsverði (að teknu tilliti til sanngjarns kostnaðar af viðskiptunum). Greiðsla á grundvelli þessa yrði innt af hendi til viðkomandi hluthafa í reiðufé í Evrum innan 10 viðskiptadaga frá lokun síðari sölu.

Nánari upplýsingar um hugsanlega viðbótargreiðslu og breytingar á yfirtökutilboðinu er að finna í viðauka við hið opinbera tilboðsyfirliti sem sent verður hluthöfum og sem einnig má nálgast hjá Landsbanka Íslands hf. eða á vefsíðu Landsbankans, www.landsbanki.is.

Samþykki

Hluthafar sem skráðir voru í hlutaskrá Actavis Group hf. við lokun viðskipta þann 30. maí 2007 munu fá sendan viðauka við opinbera tilboðsyfirlitið, endurnýjað samþykkiseyðublað, afrit greiðsluábyrgðar og áletrað svarsendingarumslag. Til þess að samþykka hið breytta yfirtökutilboð skulu hluthafar skila rétt útfylltu samþykkiseyðublaði til Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, merkt „Actavis Yfirtökutilboð“, í svarsendingarumslaginu. Einnig geta hluthafar samþykkt yfirtökutilboðið með því að senda samþykkiseyðublaðið á faxnúmerið 410 3002 eða fara inn á vefsíðu Landsbankans, www.landsbanki.is, og nota aðgangsupplýsingar sem fram koma í bréfi til hluthafa Actavis.

Gildistími

Í samræmi við ákvæði laga hefur gildistími yfirtökutilboðsins verið framlengdur og gildir tilboðið nú til kl. 16:00 þann 9. júlí 2007. Samþykki yfirtökutilboðsins verður að hafa borist Landsbanka Íslands hf. áður en gildistíminn rennur út. Tilboðið er háð þeim skilyrðum sem fram koma í hinu opinbera tilboðsyfirliti og í viðauka við tilboðsyfirlitið. Hluthafar eru hvattir til að skila samþykkiseyðublaðinu rétt útfylltu hið fyrsta.

Umsjón

Landsbanki Íslands hf. – Fyrirtækjaráðgjöf er ráðgjafi tilboðsgjafa og umsjónaraðili yfirtökutilboðs þessa. Öll skjöl tengd yfirtökutilboðinu má nálgast hjá Landsbanka Íslands hf. að Hafnarstræti 5, 3. hæð, 101 Reykjavík, og á vefsíðu bankans, www.landsbanki.is. Hluthöfum er bent á að hafa samband við Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans í síma 410 4040 ef óskað er frekari upplýsinga, auk þess sem hægt er að senda fyrirspurnir á tölvupóstfangið Actavis-tilbod@landsbanki.is.



ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

Kristall
plus EJS

YOU THINK YOU CAN DANCE



HVER VERÐUR
NÆSTA DANSSTJARNAN?
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
Í KVÖLD KL. 20:25


skemmtilegri

STUÐ MILLI STRÍÐA Mæspeis og mökunarferlið

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR HEFUR MIKINN ÁHUGA Á MÆSPEIS



Myspace eða mæspeis er það félagsfræðilega fyrirbæri sem vakið hefur hvað mestan áhuga hjá mér að undanförunu. Á mæspeis geta allir haldið úti heimasíðu, kynnt sig, kynnst öðrum, eignast „vini“ og síðast en ekki síst: reynt að koma sér á séns með því að senda skilaboð til einstaklinga sem vekja áhuga. Fyrir manneskju með minn félagsfræði- og dramaáhuga getur lestur slíkra viðreynslusamtala verið endalaus uppspretta „Séð og heyrð“-kennndrar spennu og mæli ég hiklaust með henni.

Mest vekur það athygli mína að stelpur virðast öllu duglegri að senda skilaboð en strákar. Sérstaklega þegar kemur að viðreynslum.

Einhleypur, myndarlegur karlmaður fær jafnvel einungis skilaboð frá ungum, áhugasömum konum sem sverma eins og síldartorfur og vonast til að hnyttni þeirra eða sjarmi slái í gegn, en sjaldnast virðist það duga til að heilla eftirsóttá mæspeis-sveina. Þeir svara sjaldnast.

Útlit virðist hins vegar höfða meira til karla og hafa þeir þannig margir hverjir annan háttinn á þegar það kemur að mæspeis og mökunarferlinu.

Í stað þess að senda athugasemdir

búa þeir sér til rafræn kvennabúr sem virka þannig að þeir reyna að eignast eins margar íóilfagar og léttklæddar „vinkonur“ og þeir geta og raða þeim svo upp sem eftirlætis „vinum“ sínum á upphafs-síðunni. Þannig eiga gestir síðunnar að fá það á tilfinninguna að viðkomandi piltur „vaði í kerlingum“. Já, upp að rafrænum geirvörtum jafnvel?

Fyrir fólk sem hefur lítinn áhuga á sjónvarpsglápi mæli ég með mæspeis sem tómsundagamni. Það er skemmtilegra en að þrjóna og mökunarferli beint fyrir augum manns er meira spennandi en að lesa blogg sem byrja á setningum eins og: „Tilfinninganæm, undurfríð og hávær vinkona mín.“

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Voffi, ég ætla að kenna þér að láta af þeim vana að hlaupa um með dagblöð.

Æi, slepptu því!



Hættu að kvarta!



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



BT SUMARSPRENGJA!

MEDION®

6365IS
 MEDION V12 X-LINE 4300
 Intel® Core 2 Duo 4300
 ATI Radeon X1650SE - 256 MB
 320 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache
 1024 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
 Sjóvarpskort og fjarstýring
 DVD Skrifari Dual Layer
 Þráðlaust netkort
 LAN 10/100 Mbit
 Firewire - DV Ready
 Medion Media Bay
 Lyklaborð og Mús



FRÁBÆR KAUPAUKI!

Logitech X-530 5.1 Hátalarar

• FYLGIR
 • 14.999

• 119.999

Intel Core 2 Duo
 Nýjustu borðtölvuörgjörvarnir frá Intel. 40% hraðvirkari. Tölvan getur nú gert marga hluti í einu með nýju tækninni.

ATI Radeon X1650SE
 Afmikið skjá kort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

320GB Harður diskur
 Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 320GB hörðum disk.

1GB Vinnsluminni
 Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

149.999

BT LÁN™

BT 11.953*
 12 mánaða

BT 6.552**
 24 mánaða

BT 4.751***
 36 mánaða

HARÐUR DISKUR

• 14.999

ST3320620A
 Seagate Barracuda
 500GB SATA2 16MB
 7200rpm 16MB cache flýtiminni

FLAKKARI

SPARAÐU 3.000 KR

• 14.999

LACIE
 300968E
 320GB LACIE F.A. PORSCHE USB2

HARÐUR DISKUR

• 9.999

ST3320620A
 Seagate Barracuda 320GB
 ATA100 7200rpm
 16MB cache flýtiminni

LYKLABORÐ

Hannað fyrir fartölvur!

• 9.999

967684-0106
 LOGITECH ALTO
 Lyftir fartölvunni í rétta hæð. Útbúið USB tengjum. Passar í fartölvutöskur.

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:NOM1-NSUM7-LA1
 FSC AMILO LA1703 AMD
 AMD Sempron 3500+
 15,4" CrystalView skjár - 1280 x 768 upplausn
 UniChrome Pro skjástýring
 512MB DDR2 vinnsluminni (533)
 80GB SATA Harður Diskur
 Innbyggt þráðlaust net
 DVD Skrifari - Dual Layer

15,4"

• 69.999

AMD Sempron
 Afmikið örgjörvi frá AMD. Útbúinn PowerNow! Technology.

15,4" CrystalView skjár
 Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

BT LÁN™

BT 7.056* 12 mánaða
BT 3.896** 24 mánaða
BT 2.843*** 36 mánaða

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

CCN:ISL-110103-001
 FSC AMILO PI CORE2 VISTA
 Intel Core 2 Duo T5500
 15,4" WXGA Crystal View
 ATI Mobility Radeon x1400 128MB
 1024MB DDR533 Vinnsluminni
 160GB SATA 5400rpm Harður diskur
 DVD skrifari Dual Layer
 Innbyggt þráðlaust skjá kort
 Firewire - DV Ready
 Kortalesari 4 - 1

15,4"

• 129.999

Intel Core 2 Duo
 Nýjasta fartölvutækni frá Intel. Stóraúin afkasta-geta, lengri rafhlöðuending og aukid öryggi.

ATI Radeon X1400 128MB
 Afmikið skjá kort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

IPOD 2GB

Frábær kaupauki! **• FYLGIR**
• 21.999

BT LÁN™

BT 12.932* 12 mánaða
BT 7.083** 24 mánaða
BT 5.133*** 36 mánaða



Kl. 14.00

Tónleikaröð Menningarveislu Sólheima í Sólheimakirkju. Raddbandið VoxFox, sem sérhæfir sig í flutningi tónlistar a cappella, eða án undirleiks, kemur fram. Efnisdagsskrá VoxFox er afar fjölbreytt, popp, rokk, jazz og klassík. Aðalmarkmiðið er að flytja tónlist sem hughrífur fólk og engin takmörk eru fyrir því hvers konar tónlist á í hlut.

menning

menning@frettabladid.is

Stafrænn Strindberg

Leikhúsum eru að sækja inn á nýjan vettvang. Hinn 20. okóber í haust verður bein útsending á Dauðadansinum eftir Strindberg um gervihnött á keðju kvikmyndahúsa í Svíþjóð sem kallast Folkets Hus. Þau búa öll yfir stafrænni tækni og geta sent merkið víðstöðulaust á tjald. Útsendingar af þessu tagi hefur íþróttahreyfingin þegar nýtt sér með móttöku á merki frá íþróttamótum og leikjum, oft án tilskilinnna leyfa. Þá er tónlistarbransinn búinn að tileinka sér tækni af þessu tagi með beinum útsendingum frá tónleikum, bæði Bon Jovi og David Bowie. Merkinu er þá dreift til kvikmyndahúsa, hljóðrásin vandlega undirbúin með finstilltum tækjum og sviðið hannað til kvikmyndatöku. Þetta er í raun ekki flóknara en að stærri viðburðir hér í sjónvarpsútsendingu, undanfari Eurovision eða Idol, væru einungis sýnd-



AUGUST STRINDBERG

ir í kvikmyndahúsum. Hafa hinar framsæknu feðgar í Sambíóunum lofað þjónustu af þessu tagi í kvikmyndahúsum sínum fljótlega. Það er sænska þjóðleikhúsið, Dramaten sem stendur að þessu tiltæki. Segja menn þar á bæ að þetta sé viðbót við leikför með hið fræga verk Strindbergs um Svíþjóð. Minna má á að Norræna húsið í Reykjavík hyggst bjóða upp á beinar útsendingar af þessu tagi með haustinu frá óperuútsendingum en þær eru fáanlegar á hnetti, bæði frá Evrópu og Ameríku, rétt eins og stærri rokkkonserter. Beinar útsendingar frá leiksýningum hafa hér á landi verið fáar. Hinn vinsæli söngleikur Ólafs Hauks Simonarsonar, Þrek og tár, var sendur út beint frá Þjóðleikhúsinu fyrir tilstilli RÚV og náði gríðarlegu áhorfi. Það hefur ekki verið endurtekið.



>Ekki missa af ...

Jónsmessugöngu á Seltjarnarnesi annað kvöld. Lagt verður af stað frá Nesstofu kl. 20.30 en þaðan verður gengið um Suðurnes og að Gróttu. Leiðsögumaður er Þorvaldur Friðriksson, fornleifafræðingur og frétta- maður á fréttastofu útvarps. Þorvaldur mun fjalla um sakskrímsli á Seltjarnarnesi og undur sem verða á Jónsmessunótt samkvæmt íslenskrri þjóðtrú. Eftir verður til fjöldasöngs og slegið verður upp bálkesti ef veður leyfir.

Bland í poka

Landsmönnum gefst kostur á að stíga inn í Hamarinn, tónlistarhúsið á Ísafirði, á Jónsmessutónleika Rásar eitt og tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið í kvöld og njóta með gestum blandaðrar dagskrár: Erling Blöndal Bengtsson, Vovka Askhenazy, Aton, Tinna Þorsteinsdóttir og Evan Ziporyn koma þar fram.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og standa fram eftir kvöldi og inn í Jónsmessunóttina en þeim verður einnig útvarpað í beinni



LEIKIÐ ÚT Í NÓTTINA Pianóleikarinn Vovka Stefán Askhenazy.

útsendingu á Rás eitt. Efnisskráin er sérlega spennandi og víðfeðm þar sem saman fer sígilt og splunkunýtt og tónlist ýmissa menningarheima. Sellómeistarinn Erling Blöndal Bengtsson leikur sellósólvítu eftir Jóhann Sebastian Bach, tónlistarhópurinn Aton leikur verkið Vibrancy fyrir rafhljóð og átta hljóðfæraleikara, pianóleikarinn Vovka Askhenazy leikur þrjú sígild einleiksverk eftir Schumann og Brahms, Tinna Þorsteinsdóttir leikur glænýtt verk eftir Ísfirðinginn Jónas Tómasson og klarínnettuleikarinn, tónskáldið og gamelanleikarinn Evan Ziporyn flytur eigin tónlist og gamelantónlist frá eyggi Bali í Indónesíu ásamt tónskáldinu og gamelansérfræðingnum Christine Southworth. Allt eru þetta tónlistarmenn sem komið hafa fram á tónlistarhátíðinni Við Djúpið sem hefur staðið yfir þar vestra frá því á sunnudag og lýkur á morgun.

Hefur þar gengið á með tónleikum og námskeiðahaldi og margt manna hefur lagt þangað leið sína. Þetta er í fimmta sinn sem Við Djúpið er haldin en Ísafjörður á langa og merka sögu sem tónlistarbær. Var hátíðin sett á stofn á sínum tíma til að hnykkja á tónlistarárinu og hefur dregið marga þekktu krafta vestur.

- pbb



BACH HLJÓMAR Á STOFUTÓNLEIKUM Sigurgeir Agnarsson sellóleikari og Berglind Stefánsdóttir flautuleikari.

Dálæti húsráðanda

Tónskáldið Bach verður í hávegum haft á Stofutónleikum á Gljúfasteini á morgun. Þar flytja Sigurgeir Agnarsson sellóleikari og Berglind Stefánsdóttir flautuleikari úrval verka hans en meistari sá var í miklu uppáhaldi hjá húsráðanda, Halldóri Laxness.

Sigurgeir Agnarsson útskrifaðist árið 1995 með einleikarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og stundaði síðan framhaldsnám í Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Sigurgeir hefur leikið með ýmsum kammerhópum, haldið einleikstónleika og komið fram sem einleikari, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Bochumer Symphoniker. Sigurgeir er ennfremur deildarstjóri strengja-

deildar Tónlistarskólans í Reykjavík og stundakennari við Listaháskóla Íslands.

Berglind Stefánsdóttir hóf sitt tónlistarnám við Tónlistarskóla Skagafjarðar. Þaðan lá leiðin í Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem hún lauk bláarakennaraprófi vorið 2004. Aðalkennarar hennar þar voru Bernhard Wilkinson og Hallfríður Ólafsdóttir.

Berglind hefur starfað sem flautukennari frá árinu 2001 og kennir nú við Skólahljómsveit Kópavogs, Tónlistarskóla Álftaness og Tónlistarskóla Reykjanessbæjar. Berglind er meðlimur í Íslenska flautukórnum.

Sem fyrr hefjast tónleikarnir kl. 16 á morgun.



UPPBYGGING VIÐ EYJAFJÖRÐIRNI Niels Hafstein, myndlistarmaður og safnstjóri Safnasafnsins á Svalbarðsströnd.

MYND/HEIDA

Safnasafnið opnað á ný

Safnasafnið á Svalbarðsströnd verður opnað aftur eftir umfangsmiklar endurbætur og stækkun í dag. Safnið leggur áherslu á íslenska alþýðu- og nútímalist en þar er einnig hægt að sækja margs konar fræðslu um mannlíf og listir fyrr og nú.

Hjónin Niels Hafstein og Magnhildur Sigurðardóttir stofnuðu safnið árið 1995 og hafa sem fyrr veg og vanda að starfsemi þess. Niels útskýrir að sem fyrr sé hugsjón þeirra meðal annars sú að örva samskipti milli lærðra listamanna og leikinnu, einkum þeirra sem eru á jafri samfélagsins en fjölmargir „óþekktir“ listamenn hafa sýnt í Safnasafninu auk kunnuglegru nafna.

Alls verða fjórtán sýningar opnaðar í dag á tæplega sjö hundruð fermetrum safnsins. Grunn-sýningarnar eru þrjár; Brúðusafn Íslands, Leikfangasafn Íslands og endurgerð verslunar Ásgeirs G. Gunnlaugssonar og Co. og segir Niels að þær verði til dæmis notaðar í fræðsluskyni fyrir skóla á svæðinu en þar geta fróðleiks-fúsir gestir til að mynda kynnt sér haglega smíðuð leikföng. „Við vonumst til þess að geta ýtt undir skapandi hugsun og frumkvæði yngstu gestanna og viljum örva þá listrænt með ráðum og dád,“ segir Niels.

Hinar sýningar eru af ýmsum toga en Niels gantast með að stjórn safnsins hafi ákveðið að sýna fyrst, í góðum félagsskap alþýðulistamanna. Því gefur að líta verk eftir Magnús Pálsson, Hörpu Björnsdóttur, Ragnheiði Ragnarsdóttur auk verka eftir Ragnar Bjarnason, Svövu Skúladóttur, Ragnar Hermannsson og Sæmund Valdimarsson á fyrstu sýningum sumarsins. Þar má sjá allt frá ofvöxnum stórtátum til lag-

legra leirflugla auk ljósmynda sem eru ákveðin heimild um byggingarsögu safnsins. „Ragnheiður Ragnarsdóttir arkitekt sem teiknaði viðbyggingu safnsins er líka myndlistarmaður og hún sýnir myndir sem hún tók þegar húsa-kynnin voru enn mjög hrá. Hún sýnir listræna útfærslu á þróun byggingarinnar og ýmis smáatriði í ferlinu, myndir af ryki og afgöngum og alls kyns hlutum sem menn eru ekki að velta mikið fyrir sér dagsdaglega.“

Sjálfur endurnýjar Niels kynni gesta af verki sem hann sýndi fyrir margt löngu. „Ég fæ sýningu lánaða frá Listasafni Íslands sem ég gerði fyrir tuttugu árum og seldi safninu fyrir tíu árum,“ segir hann. „Hún heitir „Svartir og gylltir hestar“ og er nokkurs konar goðfræðileg innsetning í sjó hlutum, unnin í mismunandi efni.“

Einnig verður opnuð sýning á vegum Sögufélags Svalbarðsstrandar á ljósmyndum af íbúum héraðsins fyrr og síðar.

Starf Safnasafnsins er afar fjölbreytt en þar innanbúðar rúmast auk grunn-sýninga og almennra sýningarsvæða verkþættilir sem kallast Alþýðusafn Íslands,



REIÐMAÐUR EFTIR RAGNAR BJARNASON Á sextán sýningum Safnasafnsins gefur að líta marga dýrgripa. MYND/NIELS HAFSTEIN

Fræðslubókasafn, Hugmynda-smíðja æskunnar, Sér-safnasafnið og Svalbarðsstrandarstofa. Í hinni síðastnefndu verður aðstaða fyrir fræðafólk og nemendur sem vilja kynna sér sögu eða málefni sem tengjast svæðinu með möguleika á sýningarhaldi afrakstursins og stefnir Safnasafnið að góðum samskiptum við menntastofnanir víða um land. Fræðslubókasafnið fær nú sér rými en þar er að finna afbrigðis úrval af bókum um alþýðulist, arkitektúr, hönnun, umhverfi og hannyrðir en Niels segir að stefnan sé að auka við bóka-kostinn eftir efnun og reyna með því að lyfta undir hverja deild safnsins. Niels segir að sýningarnar muni standa mislengi en ljóst er að það verður ávallt margt að sjá í Safnasafninu.

Jafnréttishugsjónin sem litar stefnu safnsins, hvers markmið er að hlúa að alþýðulistafólki sem margt hvert hefur hingað til ekki verið hátt skrifað, hefur margar birtingarmyndir. Niels áréttar að þess sé gætt að jafnt kynjahlutfall sé meðal þátttakenda í sýningum og að konur séu í meirihluta í stjórn félagsins auk þess sem 75 prósent gesta safnsins séu konur. Á grunn-sýningunni í gamla Kaupfélagshúsinu á Svalbarðseyri sem nú hefur verið flutt á Svalbarðsströnd eru til dæmis innréttingar og efni úr verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co. sem var stofnset 1907 og seldi kvenfatnað um árabíl. „Þar byggjumst við til dæmis setja upp sýningar með áherslu á kvenlega iðju og áhugamál, hannyrðir og slíkt og þjónusta þannig þennan stóra gesta-hóp.“

Opnunin í dag er kl. 14 en þar mun Arnbjörg Sveinsdóttir þingmaður opna húsa-kynninn og sýningarnar auk þess sem boðið verður upp á tónlistaratriði. Safnasafnið er opið daglega milli 10 og 18 en frá 1. september til 1. nóvember verður opið eftir samkomulagi.

kristrun@frettabladid.is

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

20 21 22 23 24 25 26

Laugardagur

TÓNLEIKAR



Sungið saman og á víxl

Frændsystkinin Margrét Eir Hjartardóttir og Ágúst Ólafsson syngja saman í fyrsta sinn á hádegistónleikum í Hafnarborg í dag.

Yfirskrift tónleikanna er „Stíla-víxl“ þar sem söngvararnir koma úr ólíkum áttum tónlistarinnar, Ágúst er bassasöngvari sem meðal annars hefur getið sér gott orð í Íslensku óperunni. Margrét Eir er landsþekkt dægurlagasöngkona sem hefur margt heillað íslensk eyru, hún hefur komið fram með fjölda hljómsveita og gefið út plötur. Í tilefni þessara tónleika munu skyldmennirnir spreyta sig á sérsviði hins og standa líkur til þess að Ágúst reyni sig við túlkun á Elvis-lögum en Margrét Eir flytji aríu auk þess sem þau syngi saman.

Meðleikari á tónleikum er



SPREYTIÐ SIG Á ELVIS? Ágúst Ólafsson bassasöngvari bregður á leik í Hafnarfirðinum í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

píanóleikarinn Antonia Hevesi. Tónleikarnir hefjast kl. 12 og er aðgangur að þeim ókeypis.



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFÆGA MENN“

GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Í kvöld kl. 20 UPPS. Sun 24/6 kl. 20 UPPS. Fim 28/6 kl. 20 UPPS. Síðustu sýningar
LJÓTU HÁLFVITARNIR ÚTGÁFUTÓNLEIKAR LAU 30/6 KL. 21 MIÐAVERÐ KR. 1.800

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

12.00 Björn Steinar Sólbergsson organisti í Hallgrímskirkju leikur á hádegistónleikum **Alþjóðlegs org-ellsumars**. Á efnisskránni er tónlist eftir Buxtehude, Pál Ísólffson og Couperin.

14.00 Tónleikaröð **Menningarveislu Sólheima í Sólheimakirkju**. Raddbandið **VoxFox**, sem sérhæfir sig í flutningi tónlistar á cappella, eða án undirleiks, kemur fram. Efnisdagskrá VoxFox er afar fjölbreytt, popp, rokk, jazz og klassik.

15.00 Á fjórðu tónleikum sumar-tónleikaraðar **Jómfrúnnar við Lækjargötu**. Samnorrena hljómsveitin **Valentine Quintet** leikur en hún er hugarfóstur dönsku hjónanna **Hanne Hammer** söngkonu og **Nils Ryde** rafbassaleikara. Aðrir hljóðfæraleikarar eru Svíamir **Svend Hultin** á gítar og **Erik Qvick** á trommur, auk **Sigurðar Flosasonar**, sem spilar á saxófón.

SYNINGAR

14.00 **Guðmundur Thoroddsen** heldur sína fyrstu einkasýningu í **101 gallery á Hverfisgötu**. Á sýningunni eru málverk listamannsins sem gefið hefur sýningunni yfirskriftina **Rjómaisland**. Sýningin er opin þriðjudaga til laugardaga milli 14 og 17 og stendur til 19. júlí.

14.00 í **Nýlistasafninu** við Laugaveg stendur yfir sýning **Önnu Sigmond Guðmundsdóttur** en hún hefur unnið málverk innsetningu beint á vegg og gólf Nýlistasafnsins og eru allir velkomnir að ganga inn í þetta stóra rýmismálverk sem þekur safnið. Yfirskrift sýningarinnar er **Bread and Animals** og hún stendur til 8. júlí.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

11.00 í **Gerðarsafni í Kópavogi** stendur yfir sýningin **The Provincialists / Útkjálkamenn**. Þar sýna fjórir norrænir listamenn: **Ane Lan**, **Astri Lúihn**, **Madeleine Park** og **Þórdís Alda Sigurðardóttir**. Listamennirnir vinna með ýmsum aðferðum og útfra ólíkum hugmyndum en eiga það sameiginlegt að búa og starfa utan þeirra stórborga þar sem meginstefnur myndlistar eru ákvarðaðar og myndlistinni er komið á framfæri.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Sýningar á sögulofti

MR. SKALLAGRÍMSSON

Júní: 20. kl.20 laus sæti, 29. kl.20 laus sæti
Júlí: 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti 5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20
Ágúst: 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20, 19. kl.20, 30. kl.20, 31.kl.20 laus sæti

Leikhústilboð í mat:

Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamsetur.is



Komdu í heimsókn í sumar!

Íslensk orkumál og virkjanir – alþjóðleg fyrirmynd í umhverfismálum

Landsvirkjun býður landsmönnum að heimsækja sex stöðvar í sumar þar sem bæði er hægt að kynna sér staðreyndir um umhverfissvæna íslenska orku og skoða fjölbreyttar sýningar um menningu, list og sögu.



„Hvað er með Ásum?“

Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttafræðings. **Laxárstöðvar í Aðaldal**



Orka í iðrum jarðar!

Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáíð myndir frá Kröflueldum. Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu. **Kröflustöð í Mývatnssveit**



Kraftverk

Listaverk sem sjaldan hafa komið fyrir almenningsgjórnir – mörg hver með áhugaverða sögu sem tengist Landsvirkjun og orkumálum. Kjarval, Ásgrímur, Gunnlaugur Blöndal og fleiri. **Ljósafossstöð við Sog**



Kynnist Kárahnjúkavirkjun!

Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði. **Végarður í Fljótsdal. Opíð 9–17 alla daga.**



Líf í Þjórsárdal

Ómissandi viðkomustaður á leiðinni inn á Sprengisand og í Veiðivötn. **Sultartangastöð ofan Þjórsárdals**



Heimsókn í Húnaþing

Kynnið ykkur orkumál og starfsemi Blöndustöðvar í starfsmannahúsi stöðvarinnar. **Blöndustöð, Húnaþingi**

Kynnist okkur af eigin raun

Heimsækið Landsvirkjun í sumar.

Stöðvarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

➤ Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000



ÚTSALAN ER HAFIN!

PRISA ÚTSA



L A Z B O Y
HARBOR TOWN La-z-boy stóll,
B85 x D85 x H45/100 cm.

50%
afsláttur

29.980
verð áður: 59.980

VERÐDÆMI:



L A Z B O Y
RIALTO 3 sæta La-z-boy sófi,
B205 x D95 x H49/102 cm.

50%
afsláttur

79.980
verð áður: 159.980

OPIÐ ALLA DAGA Laugardag 11-18 • Sunnudag 13-17

30%
afsláttur



GRJÓNASEKKIR

37%
afsláttur



Hátt rúm 70x200 cm
24.980
verð áður: **39.980**

Lágt rúm 70x200 cm
14.980
verð áður: **24.980**

ALLA allt að **80%** afsláttur



BODUM salt og piparkvarnir.

50%
afsláttur

STK. **3.990**
verð áður: **7.980**



55%
afsláttur

BODUM thermo skálar, halda heitu eða köldu.
3 stærðir.

FRÁ KR. **990**
verð áður: **2.280**



SARATOGA svefnsófi m/tungu, fæst kakí og antrazit

28%
afsláttur

79.980
verð áður: **109.980**

> TÍSKUFRETTIR

Franska tískuhúsið Balenciaga er eitt það heitasta um þessar mundir eftir að hönnuðurinn Nicolas Ghesquiere settist við stjórnvölinn. Nú hefur Balenciaga opnað nýja „flagship“ búð í Milanó á tveimur hæðum. Hönnun verslunarinnar, einnig eftir Ghesquiere, er mjög framtíðarleg og þykir hafa heppnast einstaklega vel.

Á ári hverju býður V&A-safnið fólk að sjá alþjóðlegar tískusýningar og undanfarin ár hafa Vivienne Westwood, Chloé og Alexander McQueen sýnt á þessum viðburði er nefnist „Fashion in Motion“. Í ár var það ungi hönnuðurinn Gareth Pugh sem fékk heiðurinn en hann útskrifaðist frá Central Saint Martins árið 2003.

stíll

utlit@frettabladid.is



OKKUR
LANGAR Í
...

Dýr-lega sæta skartgripí í allra kvikinda líki frá Aurum, Laugavegi.

Mega-glam bronslitaða fyllta hælaskó með taubandi yfir ristina frá All Saints, Kringlunni.

Flottustu sólgleraugu sumarsins, geimlínuna eftir Nicolas Ghesquiere frá Balenciaga.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

Rokk og sólgleraugu

Sólgleraugu eru fylgihlutur sem æpir: a. Dulúð (vegna þess að þú getur falið þig undir þeim), b. Glamúr (Hollywood-stjörnurnar bera þau) c. Kúl (uppgötvaðu þinn innri rokkara) og d. Bruðl (sólgleraugu eru orðin stöðutákn tískufriksins). Rokkarar eru alltaf með sólgleraugu, og hafa leyfi til að vera með þau innanhúss og uppi á sviði. Sumarið boðar endalaust mikið af rokki og sólgleraugum þar sem nú er allt morandi í „tónlistarfestivöllum“ í Evrópu. Það er nauðsynlegt að vera með svalar bríllur á þessum viðburðum bæði til þess að skýla þynnu gærkvöldsins og til að líta út fyrir að vera innvígður í tónlistarsenuna. En hvernig getur maður litið út fyrir að vera með eilífðarbaksviðspassa? Kate Moss var auðvitað mynduð í bak og fyrir í fyrirasumar ásamt Pete Doherty á Glastonbury og var svöl í míníkjól og grænum Hunter gúmmistígvélum. Ég mæli þó eindregið gegn því að stelpur mæti í Top Shop-línu Kate Moss á rokkhátíðir því það er mikill séns á því að allar aðrar geri það líka. Gúmmistígvél eru þó ómissandi í drullusvaðinu sem ætíð myndast. Munið að líta aldrei út fyrir að hafa reynt of mikið, og því er hippalúkkið ágætis kostur – slegið hár, lítill farði og sólkjól. Bolur og leggings eða stuttbuxur eru líka töff. Aðalmálið er auðvitað sólgleraugun og þá er spurningin: Hvað segja sólgleraugun þín um þig? Chanel eða Burberry bríllur með semelústeinum eru út úr kú, Balenciaga eða Marc Jacobs gleraugu æpa tískufrík, en Ray Ban gleraugu eru alltaf klassískur kostur. Ég spái líka að flugugleraugu í anda Nicole Ritche séu á útleið og að haustið muni færa okkur nær sjötta áratugnum og kislelegri sólgleraugum, eða jafnvel að einhvers konar electroclash „Suicide revival“ og svörtum rokkglærum. Ég er persónulega að láta mig dreyma um svört og mínimal sólgleraugu frá Luella Bartley en veit líka að flóamarkaðir geta reynt manni einna best í þessum málum ...



SVART OG BLEIKT Áfestir hanskar líta út fyrir að vera að káfa á fyrirsætunni með músareyrnum.

KANÍNUEYRU Lillablár kjóll með stúlnakjól festum framan á frá vetrarlínu Comme des Garçons.

ELDRAUTT OG HRESSANDI Svona eru herrajakkaftötin í haust að mati Rei Kawakubo, með blómáskyrta undir.

SLEIKJÓLITIR OG MÍNA MÚS

Eitt af framúrsteftnulegustu há-tískumerkjum heims er hið japanska Comme des Garçons, hannað af Rei Kawakubo. Hún stofnaði fyrirtækið árið 1973 í Japan en það var ekki fyrr en 1981 sem merkið fór á flug eftir umdeilda sýningu í París. Á níunda áratugnum voru fötin þekkt fyrir að vera oftast svört með víðum og ósymmetrískum sniðum en hafa orðið litaglaðari með árunum. Nú eru um 200 sölustaðir fyrir Comme des Garçons í heiminum og nú eru þær fánlegar í versluninni Premur hæðum í Reykjavík. Sumarlínan 2007 skartaði svörtu, hvítu, rauðu og dökkbláu en haust og vetrarlínan 2007-8 var með ein-

dæmum litaglöð. „Ég er orðin leið á venjulegri tísku,“ segir Kawakubo. „Ég er forvitin. Mig langar að gera eitthvað sem færir mann í annan heim.“ Hún var þá ekki að tala um einhvern geimheim heldur eitthvað sem leit út fyrir að vera hugarheimur lítillar stúlku því línan einkenndist af Mínu-músar eyrum og pínulitlum stelpukjólum sem voru saumaðir framan á stærri kjóla í fjólubláum og bleikum tónum. Sid Vicious að öskra lagið „My Way“ setti svo tóninn fyrir herralínu vetrarins og Kawakubo byggði línuna á stíl fjögurra breskra listamanna sem voru frægir á níunda áratugnum, og sendi fyrirsætur niður pallinn í bæði náttfatalegum klæðnaði og æpandi rauðum jakkafötum.

annabjornsson@frettabladid.is



HERMANNA-SNÍÐ Svartur hneppur jakki með stuttum ermum og mynstrað missitt pils frá Comme des Garçons, fæst í Premur hæðum.



HÁLF KJÓLFÖT Kvenleg blómáskyrta öðrum megin og kjólfatajakkí hinum megin, ásamt fjólubláum buxum.

Jasshátíð Egilsstaða á Austurlandi
27. júní til 30. júní 2007

20 ára afmælishátíð þar sem fram koma

James Carter
Deitra Farr
The Riot
Jagúar
Andrea Gylfa

og fleiri

Allar nánari upplýsingar um dagskrá og miðasölu má finna á vefsíðunni:

jea
www.jea.is

Heimabíó

fylgir þessum LCD sjónvörpum

199.950,-

SONY

KDL32V2500
32" Sony LCD Sjónvarp
BRAVIA Engine
Live Color Creation
DVB móttakari
2 HDMI tengi
1 VGA tengi
2 Scart tengi
1 Component tengi

DAVDZ230 Heimabíó
fylgir með að verðmæti 44.950,-



Allur pakkinn í Sony Center



SONY

DAVDZ230 Sony Heimabíó

850W RMS Wött
S-Master 24 bita stafrænn magnari
Stafrænn útvarpsmóttakari DAB
DCAC sjálfvirk fínstilling á hljóm
Component tengi
HDMI tengi



299.950,-

SONY

KDL40W2000 LCD vegg sjónvarp
BRAVIA Engine
Live Color Creation
Upplausn: 1920x1080 Full HD 1080
Sjónvarpsmóttakari: Analog og digital (DVB)
HDMI tengi: 2
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2

DAVDZ230 Heimabíó
fylgir með að verðmæti 44.950,-

Lúxuslán Sony Center.

Þú kaupir allan pakkann í sony og við lánum þér fyrir því.
Engin kort ekkert vesen. Frí heimsending.

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is sími: 588 7669

Bítlarnir vinsælir austan hafs og vestan

Plötur með lögum eftir Bítlana fyrrverandi, Paul McCartney, George Harrison og John Lennon, eru allar á lista yfir fimmtán vinsælustu plötur Bandaríkjanna.

McCartney, sem hélt upp á 65 ára afmælið sitt 18. júní, er í þriðja sæti á Billboard-listanum með nýjustu sólóplötu sína Memory Almost Full. Í níunda sæti er tvöföld safnplata The Traveling Wilburys, fyrrum hljómsveitar George Harrison og í því fimmtánda er góðgerðarplatan Instant Karma, sem hefur að geyma útgáfur ýmissa hljómsveita á lögum Johns Lennon.

Sextán ár eru liðin síðan The Traveling Wilburys átti plötu á Billboard-listanum. Fyrsta plata sveitar-

innar fór hæst í þriðja sætið á listanum eftir að hún kom út 1988 en sú næsta, sem var gefin út eftir dauða Roy Orbison, fór hæst í ellefta sætið. Hún kom út árið 1990.

Í Bretlandi fór plata The Traveling Wilburys beint í efsta sætið. Plata McCartneys er í tífunda sæti og safnplatan Lennons Legend - The Very Best of fór í 30. sætið sína fyrstu viku á lista. Platan Instant Karma kemur út þar í landi á miðvikudag.

BÍTLARNIR Bítlarnir fyrrverandi eru enn gífurlega vinsælir, þrátt fyrir að tveir þeirra séu látnir.



GULLSMÍÐURINN OG FIÐLUSMÍÐURINN Ólafur og Jóhann hafa opnað nýtt verkstæði í Laugaveginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hægt að fá gullskreyttar fiðlur

„Við erum æskufélagar og höfum lengi stefnt á að vinna saman. Það er skemmtilegra að vera að vinna með einhverjum og ég held að þetta sé mjög skemmtileg samsetning,“ segir gullsmíðurinn Ólafur Stefánsson en í dag munu hann og fiðlusmíðurinn Jóhann Gunnarsson opna formlega nýtt verkstæði þeirra félaga.

Óhætt er að fullyrða að verkstæði sem sameinar gull og fiðlur eru ekki á hverju strái og segist Ólafur ekki vita til þess að áður hafi verið notast við slíkt fyrirkomulag hér á landi. En þrátt fyrir að einn inngangur og aðeins eitt af-

greiðsluborð sé í versluninni verður tæknilega um tvönn verkstæði að ræða. „Það eru tveir afgreiðslukassar og tveir posar,“ útskýrir Ólafur en auk þess bera verkstæðin tvö sjálfstæð nöfn. „Fyrsta nafnið sem kom upp í hugann var Fiðlur og gull en við höldum að þetta sé betra að halda þessu aðskildu, svona upp á framtíðina að gera,“ segir Ólafur brosanði en bætir við að þeir félagar séu að sjálfsgöðu reiðubúnir að vinna saman að einhverjum verkefnum. Áhugasömum ætti því ekkert að vera til fyrirstöðu að eignast forlata fiðlu skreytta gulli.

Leikverk sem fólk vill sjá

Tveir leiklistarnemar úr Listaháskóla Íslands skipa OB-leikhópinn sem er einn af þeim hópum sem standa fyrir Skapandi sumarstarfi í sumar. Það er Hitt húsið sem stendur á bakvið hópna eins og fyrri sumur.

„Í sumar munum við fara á milli ólíkra hópa og spjalla við þá í viku í senn,“ segir Þorbjörg Helga Þor-

gilsdóttir en með henni í OB-leikhópnum er Bjartur Guðmundsson. „Við munum til dæmis heimsækja elliheimili og í þessari viku höfum við verið að spjalla við krakka í unglingavinnunni. Við vinnum svo verk út frá heimsóknunum í von um að takast að gera verk sem fólk vill sjá,“ segir Þorbjörg.

„Hugmyndin að þessu verkefni á sér langa sögu. Okkur langaði að vinna þetta í stærri mynd en vorum auðvitað mjög ánægð að fá að starfa við þetta í sumar. Þetta er

afskaplega skemmtilegt og gefandi og við þökkum öllum viðmælendum okkar fyrir spjallið.“ Aðspurð um fleiri hópa sem þau munu heimsækja segir hún: „Það er ekki alveg ákveðið en okkur langar mjög mikið að ræða við innflytjendur og heyra hvað þeir hafa að segja. Þetta kemur svo allt í ljós þegar líður á sumarið.“ Hóparnir í Skapandi sumarstörfum sýna vinnu sína og verk á hverjum föstudegi í sumar. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.hitthusid.is.



BJARTUR GUÐMUNDSSON OG ÞORBJÖRG HELGA ÞORGILSDÓTTIR Leikhópurinn OB spjallar við ýmsa hópa í samfélaginu í sumar og vinnur áhugaverð leikverk út frá því.

Stendur ekki undir nafni

Era Vulgaris er fimmta plata Queens Of The Stone Age. Þrátt fyrir að ýmsir hafi verið nefndir sem væntanlegir gestir þegar platan var í vinnslu er hún að langmestu leyti unnin af Josh Homme, gítarleikaranum Troy Van Leeuwen og trommuleikaranum Joey Castillo. Josh syngur sjálfur flest lögin, en

Mark Lanegan syngur eitt (River In The Road) og Strokes söngvarinn Julian Casablancas fær að syngja bakraddir í smáskífulaginu Sick, Sick, Sick.

Era Vulgaris er latína og mætti þýða sem „Tími meðalmennskunnar“. Það verður að teljast rangnefni þar sem þetta er hörkublaða, hiklaust ein af skemmtilegustu rokkplötum ársins hingað til. Platan byrjar með stæl á hinu vélræna og taktfasta Turnin' on the Screw. Síðan kemur rokkslagarinn Sick, Sick, Sick, þá hið léttlikaða I'm Designer og svo hið melódíska Into The Hollow sem er fylgt eftir með þéttri rokkgrúvi lagsins Misfit Love. Hörkubyrjun.

Platan heldur ekki alveg þessum geðastaðli, en það vantar ekki mikið upp á. Á heildina litið hefur Josh Homme og félagum tekist að búa til rokkplötu sem er bæði fersk og lifandi. Hún er ekki fullkomin, en hún er fjölbreytt og hljómurinn er frábær. Josh er ágætis söngvari og platan er yfirfull af flóttu gítarsandi og eitursvolum gítarriffum. Og svo er hún líka bara skemmtileg. Kemur manni í gott skap. Ég er búinn að láta hana ganga stanslaust síðan ég fékk hana í hendur og ég er ekkert að verða leiður á henni.

Trausti Júlíusson.



TÓNLIST

Era Vulgaris

Queens of the Stone Age

★★★★

Fimmta plata Josh Homme og félaga í Queens Of The Stone Age er lifandi og fjölbreytt rokkplata sem stendur meistaraverkinu Songs For The Deaf lítið að baki.



GEORGE CLOONEY Leikarinn þekkti er ósáttur við fyrirhugaðar framkvæmdir skammt frá glæsivillu sinni.

Clooney mótmælir

Leikarinn og hjartaknúsarinn George Clooney hefur mótmælt harðlega fyrirhuguðum framkvæmum í bænum Laglio á Ítalíu. Bærinn er staðsettur við Lake Como þar sem Clooney á fimmtán herbergja glæsivillu.

Bæjaryfirvöld í Laglio ætla að leggja bílastæði skammt frá heimili hans og byggja brú sem yrði staðsett beint fyrir framan húsið, sem hann keypti fyrir fimm árum. Hefur leikarinn hvatt nágranna sína til að rita nöfn sín á undirskriftalista þar sem þess er krafist að framkvæmdirnar verði ekki að veruleika.

Coca-Cola zero

Yippee-Ki-Yay, Mo...!

JOHN MCCLANE ER MÆTTUR AFTUR! ÞARF AÐ SEGJA MEIRA!

DIE HARD 4.0

HEIMSRUMSÝND 27. JÚNÍ UM LAND ALLT!

SENDU SMS **JA DHF** Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BIÓMIÐI!

9. HVER VINNUR!

VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

Vinnningarverða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.




SALTFÉLAGIÐ
 Grandagarði 2
 101 Reykjavík
 Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

HEIMILIÐ ER HEILAGT









BRÚÐKAUP FRAMUNDAN?

BRÚÐARGJAFALISTAR • GJAFABRÉF • KLASSÍSKAR BRÚÐARGJAFIR



ENNEKKA / SA / NW2840

Á kaffihúsinu sem Te og kaffi starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.

SHREK, Fíóna, Stígvélaði kötturinn og Asninn eru mætt aftur í skemmtilegasta ævintýri allra tíma

OCEAN'S THIRTEEN Nicolette Sheridan Cedric the Entertainer Lucy Liu
CODE NAME THE CLEANER

ÁLFABAKKA			
SHREK 3 M/- Ensku TAL	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	L	OCEAN'S 13 VIP
SHREK 3 VIP	kl. 8 - 10:10	L	PIRATES CARRIBEAN 3
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 2 - 4 - 6	L	ZODIAC
OCEAN'S 13	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	7	ROBINSON... M/- ISL TAL

KRINGLUNNI		AKUREYRI	
SHREK 3 M/- Ensku TAL	DIGITAL kl. 12 - 3 - 8:15 - 10:20	L	SHREK 3 M/- Ensku TAL
SHREK 3 M/- ISL TAL	DIGITAL kl. 12 - 2:15 - 4:15 - 6:15	L	SHREK 3 M/- ISL TAL
CODE NAME CLEANER	kl. 12 - 2-4 - 6 - 8 - 10:10	10	OCEAN'S 13
OCEAN'S 13	DIGITAL kl. 8 - 10:30	7	PIRATES CARRIBEAN 3
PIRATES 3	DIGITAL kl. 5	10	

SPARBÍÓ 450 kr
 á allar sýningar merktar með appelsínugala á laugardögum og sunnudögum

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

SHREK 3 enskt tal	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 2, 4, 6 og 8	L
FANTASTIC FOUR 2	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L
HOSTEL 2	kl. 10	18

www.laugarasbio.is

NÝTT Í BÍÓ!

PREMONITION SANDRA BULLOCK
 MÁTRÖÐ EÐA RAUNVERULEIKI?
 MÖGNUÐ SPENNUMYND UM KONU SEM MISSIR EIGINMANN SINN Í BÍLSLYSI... EÐA EKKI?

SHREK, FÍÓNA, ASNINN OG STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN ERU MÆTT AFTUR Í SKEMMTILEGASTA ÆVINTÝRI ALLRA TÍMA.
 STÆRSTA ÖPNUN Á TEIKNIMYND FYRR OG SÍÐAR.

SHREK HINN ÞRIÐJI LUXUS

EIN SVALASTA STÖRMÝND ÁRSINS!

“...besta sumar-afþreyingin til þessa.” SV- MBL

“Gripandi atburðarás og vönduð umgjörð, hentar öllum” Ó.H.T. - Rás 2

FANTASTIC FOUR 2

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		REGNBÖGINN SÍMI 551 9000	
SHREK THE THIRD (ENSKT TAL)	kl. 1 - 3 - 5 - 7 - 9:10 - 11:10	PREMONITION	kl. 3 - 5:45 - 8 - 10:15
SHREK THE THIRD LÚXUS	kl. 1 - 3 - 5 - 7 - 9:10 - 11:10	FANTASTIC FOUR 2	kl. 3 - 6 - 8:20 - 10:30
SHREK HINN ÞRIÐJI (ISL TAL)	kl. 1 - 3 - 5 - 7 - 9:10 - 11:10	THE HOAX	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30
FANTASTIC FOUR 2	kl. 1:30-3:40-5:50-8-10:10	28 WEEKS LATER	kl. 5:50 - 8 - 10:10
HOSTEL 2	kl. 8 - 10:10	SPIDERMAN 3	kl. 3 - 5
THE LAST MIMZY	kl. 1 - 3		
SPIDERMAN 3	kl. 5		
HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		ÁLFABAKKA SÍMI 462 3500	
PREMONITION	kl. 3:45-5:50-8-10:10	PREMONITION	kl. 8 - 10
FANTASTIC FOUR 2	kl. 4 - 6 - 8 - 10	FANTASTIC FOUR 2	kl. 4 - 6 - 8 - 10
HOSTEL 2	kl. 8 - 10	THE LAST MIMZY	kl. 4 - 6
THE INVISIBLE	kl. 4 - 6		
28 WEEKS LATER	kl. 10:30		
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5:30 - 8		



SELLÓLEIKUR Sellíó var að sjálfsgöngu notað til hins ýrasta á tónleikunum.




SAMAN Í IÐNÓ Víkingur Heiðar Ólafsson og Halla Oddný Magnúsdóttir fóru saman á tónleikana í Iðnó.



SKEGGJAFIR FÉLAGAR Hinir skeggjuðu félagar, Egill Kalevi Karlsson og Mads Brauer, voru mættir til að hlýða á hugljúfa tóna Amiinu.



SIGRÚN ERNA OG JÓN GESTUR Pau Sigrún Erna og Jón Gestur létu sig ekki vanta í Iðnó.



AMIINA Stúlkurnar í Amiinu spiluðu lög af sinni fyrstu plötu á útgáfutónleikunum.

Ómpýðir útgáfutónleikar

Hljómsveitin Amiina hélt útgáfutónleika í Iðnó síðastliðinn fimmtudag til að kynna sína fyrstu breiðskífu, *Kurr*, sem kom út á dögum.



BROSMILÐ Vel fór á með þeim Katrínu Johnson, Aðalheiði Halldórsdóttur, Hannesi Óla Ágústssyni og Bryndísi Nielsen fyrir útgáfutónleikana.

Stutt er síðan tónleikar sveitarinnar í Glasgow fengu fimm stjörnur og því biðu tónleikagestir í Iðnó spennir eftir að hlýða á ómpýða tóna sveitarinnar. Urðu þeir ekki fyrir vonbrigðum með útkomuna. *Kurr* verður gefin út víðs vegar um Evrópu, Bandaríkin, Japan og Ástralíu á næstu dögum og ætla Amiina í umfangsmikla tónleikakerf í haust til að fylgja plötunni eftir.

SparBíó* 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

www.SAMbio.is

SHREK 3 KL. 2 Í ÁLFABAKKA KL. 12 Í KRINGLUNNI (ISL. OG ENSKT TAL) PIRATES 3 KL. 2 Í ÁLFABAKKA CODE CLEANER KL. 12 Í KRINGLUNNI MEET ROBINS. KL. 2 Í ÁLFABAKKA

SMÁRA BÍÓ **REGNBÖGINN**

Aðeins 450 kr.

SHREK HINN ÞRIÐJI KL. 1 Í SMÁRALÍÓI THE HOAX KL. 3 Í REGNBÖGA SPIDERMAN 3 KL. 3 Í REGNBÖGA

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

Sýnd með íslensku og ensku tali

SHREK HINN ÞRIÐJI

ATH. SÝND KL. 2

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins



BJÖRK Björk Guðmundsdóttir vildi ekki enda sem algjör partígella í London.

Vildi ekki fleiri partí

Tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir segist hafa flutt frá London vegna þess að hún vildi ekki enda sem algjör partígella. „Þessi þrjú ár þar sem mér leið eins og súperstjarna var mjög skemmtileg reynsla,“ segir Björk. „Auðvitað langar mann að prófa hvernig það er að vera frægur ef maður fær tækifæri til þess en það gengur ekki upp í langan tíma. Það var gaman að vera þarna út af tónlistinni en þegar hlutirnir hættu að snúast um tónlistina og meira um að fara í samkvæmi hafði ég ekki lengur áhuga.“

Björk, sem flutti til London í byrjun tíunda áratugarins, býr núna í New York.



WOODY ALLEN Bandaríski kvikmynda-leikstjórinn hélt „leynilega“ frumsýningu á Spáni.

Leynisýning á Spáni

Bandaríski leikstjórinn Woody Allen hélt „leynilega“ frumsýningu á kvikmynd sinni Cassandra's Dream í borginni Aviles á Spáni. Sex hundruð boðsgestir sáu myndina, sem verður frumsýnd með pomp og prakt á kvikmynda-hátíðinni í Feneyjum.

„Ég vona að þið verðið ánægð með myndina. Ef ekki, getið þið fengið endurgreitt,“ sagði Allen fyrir sýninguna. Með aðalhlutverk í myndinni fara Ewan McGregor og Colin Farrell. Næst á dagskrá hjá Allen eru tókur á nýrri mynd á Spáni sem skartar Scarlett Johansson, Penelope Cruz og Javier Bardem í aðalhlutverkum.

Veislusetrið



Brúðkaups-veislur
Önnumst alla þætti veislunnar

Veislupjónusta
Veislusalur

Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102

Citizen Kane best

Kvikmynd Orsons Welles frá árinu 1941, Citizen Kane, hefur verið kjörin besta bandaríska mynd allra tíma af bandarísku kvikmynda-stofnuninni, AFI. Myndin var einnig á toppnum þegar listi stofnunarinnar var síðast birtur árið 1998.

Í öðru sæti varð mafíumyndin The Godfather og Vertigo eftir Alfred Hitchcock náði niunda sæti eftir að hafa verið í því 61. á síðasta lista. Nýrri myndir náðu ekki hátt á listanum. Lord of the Rings komst hæst, eða í 50. sæti, Saving Private Ryan lenti í 71., Titanic í 83, og sálfræðitryllirinn The Sixth Sense í því 89. Ekki fleiri nýlegar myndir komust á lista yfir hundruð bestu myndirnar.

Steven Spielberg átti flestar myndir á listanum, eða fimm tals-

ins. James Stewart og Robert De Niro léku í flestum myndanna, eða í fimm hvor. Listinn var unninn þannig að 1.500 atkvæðaseðlar voru sendir til kvikmyndafræðarmanna, leikara, handritshöfundar og annarra háttsettra aðila í Hollywood, sem fengu að velja úr 400 myndum.


- 1 **Citizen Kane** (1941)
- 2 **The Godfather** (1972)
- 3 **Casablanca** (1942)
- 4 **Raging Bull** (1980)
- 5 **Singin' In The Rain** (1952)
- 6 **Gone With The Wind** (1939)
- 7 **Lawrence of Arabia** (1962)
- 8 **Schindler's List** (1993)
- 9 **Vertigo** (1958)
- 10 **Wizard of Oz** (1939)



CITIZEN KANE Orson Welles var aðeins 25 ára þegar hann sendi frá sér Citizen Kane.

Nýtt í bíó

SANDRA BULLOCK



PREMONITION
MARTRÖÐ EÐA RAUNVERULEIKI?

MÖGNUÐ SPENNUMYND UM KONU SEM MISSIR EIGINMANN SINN Í BÍLSLYSI... EÐA EKKI?

HASKÓLABÍÓ REGNBÖGINN Borgarbíó *midi.is*

> Körfuboltamaður féll á lyfjaprófi

Sigurður F. Gunnarsson körfuboltamaður hefur verið dæmdur í sex mánaða keppnisbann en hann féll á lyfjaprófi að loknum fyrsta leik Skallagríms og Grindavíkur í 1. umferð úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla hinn 16. mars síðastliðinn. Sigurður játaði að hafa reykt kannabísefni sex dögum áður og mótmælti ekki dómnum. Honum verður þó ekki bannað að æfa með Grindavík á meðan bannið er í gildi.



sport
sport@frettabladid.is

GUNNLAUGUR JÓNSSON: LEIKMENN KR ÞJAPPA SÉR SAMAN Í ÓVISSUFERÐ Í DAG

Ekki hægt að velta sér upp úr afsökunum lengur

Fyrirliði KR, Gunnlaugur Jónsson, segir að sér komi ekki á óvart þær miklu sögusagnir sem gangi manna á milli um sitt félag. Flestum er tíðrætt um stöðu þjálfarans, Teits Þórðarsonar.

„Ég veit ekki til þess að það hafi verið nein ákvörðun tekin um þessi mál né að slíkt verði gert á næstu dögum,“ sagði Gunnlaugur spurður um þjálfaramálin.

„Við styðjum Teit. Hann var ráðinn í ákveðið verkefni og við verðum að hafa trú á því. Ef stjórnin ákveður hins vegar að láta hann fara er það eitthvað sem við leikmenn höfum engin áhrif á.“

Stuðningsmenn KR eru vitanlega afar óhressir með byrjun liðsins á Íslandsmótinu en liðið hefur tapað sex leikjum í fyrstu sjö umferðunum. Gunnlaugur segir að hann hafi heyrt að sumir stuðningsmenn haldi að leikmönnum KR sé alveg sama um það ástand.

„Það er ólíkandi ef KR-ingar horfa upp á að félagið sé að sigla inn í verstu byrjun félagsliðs á Íslandsmóti og þeir halda að leikmönnum sé alveg saman. Ég held

og vona að leikmenn séu drullusvektir með árangurinn og við verðum að fá það betur í gegn í okkar frammistöðu og baráttuanda.“

Aðspurður samsinnir hann því að tímabil KR snúist nú fyrst og fremst um sjálfsmynd og virðingu leikmanna. „Menn eru að spila upp á virðingu sína sem knattspyrnumenn því það er verið að gera grín að okkur um allan bæ. Við getum aðeins svarað fyrir okkur inni á vellinum. Það er í raun ekkert sem segir að við séum að fara að snúa þessu við. En ef við vinnum næsta leik verðum við að sýna að við erum að taka á þessum málum. Menn geta velt sér upp úr afsökunum en það er ekki hægt að hlusta á það lengur.“

Leikmenn KR fara í dag úr bænum í óvissuferð til að þjappa hópnum saman. Gunnlaugur vonar að sú ferð muni lappa upp á andlegt ástand liðsins.



Viktor Bjarki enn meiddur:
Gott að ég er ekki vælukjói

FÓTBOLTI Viktor Bjarki Arnarson verður frá næstu 6-8 vikunum vegna aðgerðar sem hann gengst undir í næstu viku. Í ljós hefur komið brotið bein í ökkla sem þarf að lagfæra.

Viktor Bjarki meiddist í æfingaferð með liði sínu, Lillestrøm í Noregi, í vetur. „Ég fór í þessa sömu myndatöku fyrir tveimur mánuðum og þá kom ekkert í ljós. En ekkert lagaðist hjá mér og var sjúkrapjálfi liðsins orðinn algerlega ráðþrota,“ sagði Viktor Bjarki.

Hann var því ánægður með að fá lausn á málinu. „Jú, það er fyrir öllu. Það er líka gott að ég hef ekki verið að kvarta til einiskis og fólk hér heldur ekki að ég sé einhver vælukjói frá Íslandi.“

- esá

Svíþjóð fyrsti andstæðingurinn á EM

Ísland fékk það erfiða hlutverk að lenda með Frökkum, Slóvakíu og Svíum í riðli í 1. umferð Evrópumótsins í Noregi sem fer fram í janúar á næsta ári. Einar Þorvarðarson segir Ísland geta vel unað við dráttinn.

HANDBOLTI Ísland var í gær dregið í riðil með Svíþjóð, Frakklandi og Slóvakíu á EM í handbolta sem fer fram í Noregi á næsta ári.

Ísland var í öðrum styrkleikaflokki og mátti því ávallt búast við sterkum andstæðingi úr þeim fyrsta þar sem Frakkar voru. Svíþjóð var langsterkasta liðið úr fjórða styrkleikaflokki og vildu því margir forðast sænska liðið.

Á móti kemur að Slóvakía er ekki hátt skrifað í handboltanum en Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, er samt varkár í yfirlýsingum sínum.

„Ég þekki ekki nógu vel til Slóvakíu. Liðið vann Úkraínu nokkuð sannfærandi í undankeppninni og geri ég mér ekki alveg grein fyrir hvað gerðist þar,“ sagði Einar.



STRÁKARNIR FAGNA Íslensku landsliðsmennirnir fagna sigrinum gegn Serbum um síðustu helgi og um leið sætinu á EM í Noregi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta mót er samt einfaldlega þannig að það eru engir leikir auð-

veldir. Öll liðin eru sterk og held ég að við getum vel unað við þetta.“

Ísland leikur í D-riðli sem verður leikinn í Þrándheimi. Ef Ísland kemst áfram í milliriðilinn heldur liðið áfram að spila í Þrándheimi ásamt þremur efstu liðunum í C-riðli. Þar leika Spánn, Þýskaland, Ungverjaland og Hvíta-Rússland.

Norðmenn völdu að forðast bæði C- og D-riðil og á endanum völdu þeir að spila í B-riðli með Dönum, Rússum og Svartfellingum.

A-riðil skipa svo lið Króatíu, Slóveníu, Póllands og Tékklands.

Íslenska liðið mætir fyrst Svíum hinn 17. janúar. Því næst Slóvakíu annaðhvort 18. eða 19. janúar en annar þessara daga er leikdagur og hinn frídagur.

Hinn 20. janúar mætir Ísland svo Frökkum sem eiga titil að verja á mótinu. [eirukur@frettabladid.is](mailto:eirikur@frettabladid.is)

REYK CUP

REYKJAVIK INTERNATIONAL FOOTBALL FESTIVAL

Lokadagar á skráningum liða fyrir ReyCup 2007.

ReyCup alþjóleg knattspyrnuhátíð fyrir stúlkur og drengi í 4. og 3. flokki fer fram dagana 25-29 júlí í Laugardalnum.

Síðasti skráningardagur liða er 02. júlí á heimsíðunni www.reycup.is

Nánari upplýsingar hjá Guðný gsm@ismennt.is eða Ásmundur í asiv@trottur.is



Kristinn Jakobsson færður upp um flokk hjá UEFA:

Gæti dæmt í Meistaradeildinni

FÓTBOLTI Kristinn Jakobsson dómari var í vikunni færður upp um flokk hjá dómaraefnd Knattspyrnusambands Evrópu og er nú kominn í næstefsta flokk dómara.

„Nú er ég kominn í þann hóp sem heitir Premier en úr þeim hópi eru valdir þeir sem dæma stærstu leikina hverju sinni. En þeir sem eru samt ekki valdir fá engu að síður stóra leiki, eins og í riðlakeppni Meistaradeildarinnar sem og stærri leiki í UEFA-bikarkeppninni og forkeppnum EM og HM,“ sagði Kristinn.

Hann er því kominn á næsta þrep og segir hann sjálfur að hann hafi lengi beðið eftir þessu tækifæri. „Ég hef alltaf sagt að minn tími myndi koma en ég hef oft séð dómara frá stóru löndunum sem hafa verið á svipaðri leið og ég vera tekna fram yfir mig í þennan hóp. Það hefur kannski ekki alltaf verið sanngjarnt.“

Hann veit ekki hvaða leik hann mun dæma næst á alþjóðavettvangi en athyglisvert verður að fylgjast með hvaða leiki hann mun til að mynda fá að dæma í næstu umferðum undankeppni EM 2008. Hann hefur þegar tvívegis dæmt leiki í þeirri keppni á þessu ári,



KRISTINN JAKOBSSON Fær vonandi spennandi verkefni á næstu misserum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

leik Póllands og Aserbaidsjan annars vegar og Búlgaríu og Hvíta-Rússlands hins vegar.

„Þetta er fyrst og fremst viðurkenning á því starfi sem við höfum verið að vinna og vonandi stöndum við undir því,“ sagði Kristinn. Ásamt því að fá stærri leiki sjálfur mun hann útvega öðrum íslenskum dómurum eftirsóknarverð störf þar sem hann mun taka með sér íslenska aðstoðardómara í sína leiki.

„Þegar íslenskur dómari fær verkefni kemur það í hlut KSÍ í samráði við viðkomandi dómara að velja dómarateymið allt,“ sagði Kristinn. „Nú er ekkert annað að gera en að krossa fingur og bíða eftir úthlutun.“

- esá

GOLFSAMTÖK FATLAÐRA GSFÍ HALDA GOFMÓT Á LITLA VELLI KORPU MIÐVIKUDAGINN 27. JÚNÍ KL.1600


LEIKFYRIKOMULAG :
TEXAS SCRAMBLE

MÓTANEFNDIN

FJÓRÐUNGSMÓT Á AUSTURLANDI 28. JÚNÍ - 1. JÚLÍ IÐAVÖLLUM VIÐ EGILSSTAÐI



- * KYNBÓTAHROSS OG GÆÐINGAR
- * Tölt - 200 þúsund í verðlaun
- * 100 m skeið - 200 þúsund í verðlaun
- * Ræktunarbú
- * STÓÐHESTAR Í BREKKUDÓMI



www.freyfaxi.net/fm07

**DANSLEIKIR:
MAGNI – Á MÓTI SÓL
AUSTURLANDIÐ**



FLJÓTSHÁLSUR



HÉRAÐSPRENT



LÍFLAND
- betri búnaður

GLITNIR



Samkaup úrval

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu:

Besta byrjun frá upphafi

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið hefur aldrei byrjað jafn vel í undankeppni stórmóts og nú. Liðið hefur unnið fyrstu þrjá leiki sína og skorað nú mörk án þess að fá á sig neitt.

Ísland hefur reyndar áður unnið fyrstu þrjá leikina í undankeppni, fyrir EM 1995 en þá með markatölunni 6-1. Aðeins þrjú lið voru í þeim riðli og vann Ísland alla leiki sína en tapaði svo fyrir Englandi í umspili um sæti í úrslitakeppni.

inni.

Ísland, Svíþjóð og Úkraína eru einu liðin sem hafa unnið alla sína leiki af þeim sem hafa spilað þrjá leiki til þessa. Svíar hafa verið með mikla yfirburði í sínum leikjum og er með markatöluna 16-0. Úkraína hefur skorað ellefu mörk gegn einu í sínum viðureignum.

Ef Ísland vinnur riðil sinn nú kemst það beint í úrslitakeppnina sem fer fram í Finnlandi árið 2009.



ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR Leikmyndasti leikmaður íslenska landsliðsins.

FRÉTTABLAÐ/ANTON

Ég brosi allan hringinn í dag

Vanda Sigurgeirsdóttir er margreyndur leikmaður og þjálfari í knattspyrnunni. Hún fylgdist með leik Íslands og Serbíu í fyrrakvöld og hreifst mikið af leikmönnum Íslands og þeim fjöldamörgu stuðningsmönnum sem mættu á völlinn.

FÓTBOLTI „Þær voru frábærar í þessum leik en það sem er eftirminnilegast er að tæplega sex þúsund manns mættu á völlinn og áhorfendametíð var tvöfaldad,“ sagði Vanda Sigurgeirsdóttir, fyrrum þjálfari og leikmaður með íslenska landsliðinu, um leik Íslands og Serbíu í fyrrakvöld. Ísland vann leikinn með fimm mörkum gegn engu og trónir nú á toppi síns riðils í undankeppni EM 2009 með fullt hús eftir þrjá leiki.

„Það var svo augljóst á leikmönnum að leikgleðin var mikil og þær voru skælbrosandi inni á vellinum.“

Hún segir að staða kvennaknattspyrnunnar hafi bæst mikið á undanförunum misserum og að hápunktinum hafi verið náð í fyrrakvöld. „Eitt atriði sem mér finnst skipta miklu máli er að kvennaboltinn hefur eignast fullt af málsvörum. Það eru ekki bara stelpurnar sjálfar og foreldrar þeirra sem eru að berjast í þessu heldur fullt af öðru fólki. Margir aðilar, eins og Fréttablaðið, hefur vakið máls á ýmsum málefnum og fylgt þeim svo vel eftir,“ sagði Vanda. „Leikurinn í gær var svo toppurinn. Fyrir alla þá sem hafa verið að berjast í kvennaboltanum í öll þessi ár og áratugi er þetta afar ánægjulegt. Sjálf brosi ég allan hringinn.“

Vanda segir að leikmenn hafi mætt gríðarlega einbeittir til leiks. „Þær voru greinilega búnar



FÖGNUMUR Á LAUGARDALSVELLI Dóra María Lárusdóttir fagnar marki sínu gegn Serbum í fyrrakvöld. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði einnig í leiknum en hún er til hægri á myndinni.

FRÉTTABLAÐ/ANTON

að ákveða að sýna Serbum að þær ættu ekki möguleika í þessum leik og það gerðu þær strax frá fyrstu mínútu. Þetta er tvímælaust besta landslið sem við höfum átt frá upphafi, þessar stelpur eru fljótari og búa yfir betri tækni. Þær hafa líka áður sýnt með yngri landsliðum Íslands og góðum árangri á Norðurlandamótum að þær eru góðar. Það er ný kynslóð að koma upp í landsliðinu og þær

ætla greinilega að láta draum sinn rætast.“

Engu að síður er nóg eftir af undankeppninni og sjálf úrslitakeppnin í Finnlandi fer ekki fram fyrir en eftir tvö ár. „Liðið verður að halda sér á jörðinni og halda áfram á sömu braut. Og ég veit að stelpurnar hafa verið mjög duglegar að æfa, allt upp í tíu sinnum í viku. Það segir sína sögu.“

eiririk@frettabladid.is



EVROPUKEPPNIN Í KVÖLD Helgi Sigurðsson fylgist með baráttu í leik Vals og Keflavíkur fyrr í sumar.

FRÉTTABLAÐ/DANIEL

Valur mætir Cork City í Inter-Toto-keppninni í kvöld:

Þeir mega ekki skora

FÓTBOLTI Valur mætir írsku liðinu Cork City í fyrstu umferð Inter-Toto-keppninnar á Laugardalsvelli klukkan 20 í kvöld. Cork endaði í fjórða sæti úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili.

„Evrópukeppnin er kærkomið krydd í tilveruna og skemmtilegur bónus fyrir okkur. Það er alltaf gaman að keppa við erlend lið og þetta er það sem félögin stefna að hér heima. Við ætlum okkur að sjálfsgöðu að komast áfram í keppninni,“ sagði Helgi Sigurðsson, framherji Vals í gær.

Helgi sagði að Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, hefði skoðað Cork í síðustu viku. „Þetta verður erfiður leikur. Það er lykilaatriði að ná góðum úrslitum á heimavelli og

þeir mega alls ekki skora á okkur hér. Þetta er atvinnumannalið og við þurfum að hafa okkur alla við en við teljum okkur eiga góða möguleika á að komast áfram,“ sagði Helgi.

„Þetta lið væri í góðum úrvalsdeildarklassa hér heima og myndi sóma sér vel í toppbaráttunni er mér sagt. Við förum auðvitað inn í leikinn til að vinna hann og til þess þurfum við að sækja,“ sagði Helgi.

Síðari leikurinn fer fram á sterkum heimavelli Cork 30. júní en á honum tapaði liðið ekki leik á síðasta tímabili. Sigurvegarinn úr þessari rimmu mætir að öllum líkingum Hammarby, liði Gunnars Þórs Gunnarssonar og Heiðars Geirs Júlíussonar.



GÓÐ STEMNING Það ríkti góður andi innan vallar sem utan í Laugardalnum á fimmtudaginn.

FRÉTTABLAÐ/ANTON

Met sett í Laugardalnum:

Stórkostleg stemning

FÓTBOLTI Alls lögðu 5.976 manns leið sína á Laugardalsvöll á fimmtudagskvöldið og sáu þar íslenska kvennalandsliðið gjörsgira slakt lið Serba 5-0. Til samanburðar mættu 5.139 á leik karlalandsliðsins gegn Liechtenstein í byrjun júní. Áhorfendur á leiknum voru nánast jafn margir og á síðustu fimm heimaleikjum kvennalandsliðsins samtals.

Góð stemning ríkti í stúkunnni og eftir leikinn dónsuðu stelpurnar með áhorfendum við íslenska Eurovision lagið „Til hamingju, Ísland“ sem Silvía Nótt flutti. Serbar sigruðu einmitt í keppninni í Finnlandi á vordögum en lítil Eurovision-stemning myndaðist hjá leikmönnum liðsins sem gengu hnípnir til búningsherbergja. - hph


ÁHORF Á SÍÐUSTU FIMM LEIKI

FRANKLAND - 1.667 ÁHORFENDUR (16. JÚNÍ 07)
SVÍÞJÓÐ - 675 ÁHORFENDUR (26. AGÚST 06)
TÉKKLAND - 1.423 ÁHORFENDUR (19. AGÚST 06)
PORTÚGAL - 1.429 ÁHORFENDUR (18. JÚNÍ 06)
H.-RÚSSLAND - 739 ÁHORFENDUR (21. AGÚST 05)
SAMTALS: 5.933



TM styður kvennaknattspyrnu

Ginn Reunion Resort - Orlando Florida



EINSTÖK UPPLIFUN

GOLFPAKKAR - HAUST 2007

Bókanir á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

ORLANDO

Omni Orlando Resort at ChampionsGate

Dags: 17.-25. ágúst • 07.-10. sept

kr. **139.000-** (á mann í tvíbýli)

Ginn Reunion Resort, Orlando

Dags: 17.-25. ágúst • 31. ágúst - 08. sept

07.-15. sept

kr. **119.000-** (á mann í tvíbýli)

ENGLAND

Donnington Grove Estate, Berkshire

Dags: 19.-22. okt

kr. **70.000-** (á mann í tvíbýli)

Foxhills Club & Resort, Surrey, London

Dags: 07.-10. sept • 21.-24. sept

12.-15. okt • 19.-22. okt

kr. **85.000-** (á mann í tvíbýli)

Donnington Valley, Berkshire London

14.-17. sept • 28.-31. sept • 05.-08. okt

12.-15. okt • 19.-22. okt

kr. **85.000-** (á mann í tvíbýli)

Kvennaferð Nevada Bob

á Foxhills Club & Resort

Dags: 17.-20. ágúst

kr. **95.000-** (á mann í tvíbýli)



www.icelandair.is

Samstarfsaðili GB ferða

GB FERÐIR
www.gbferdir.is

BILLY BOB THORNTON

Billy hóf feril sinn sem trommari og söngvari í hljómsveitinni Tres Hombres. Árið 1981 flutti hann til Los Angeles með Tom Epperson en þeir reyndu í mörg ár að selja handrit sín án árangurs. Á þessum tíma starfaði Billy meðal annars á skyndibitastað og bóndabyli og fór svo illa með sig að hann var lagður inn á spítala vegna næringarskorts. Árið 1992 lék Billy í myndinni One False Move eftir þá félagaga sem vakti mikla athygli og opnaði fyrir þeim dyrnar að Hollywood. Billy leikur í *Monster's Ball* í Sjónvarpinu kl. 22.35.



dagskrá



VIÐ TÆKID: BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR HORFIR Á FRÉTTIR

Fullorðinsleg fréttafíkn

Það eru nokkur atriði sem mér finnst tengjast því að verða fullorðinn. Að eignast þvottavél. Að sinna heimilisstörfum vegna löngunar til þess. Að horfa á fréttatímamann með ánægju. Ég hef nýlega fundið fyrir þessu síðastnefnda og get varla setið á mér þegar klukkan nálgast sjö. Iðja í skinninu og get ekki beðið eftir að sjá hvað er að fréttu. Við kærastinn ræddum það um daginn hvað við værum orðin hrikalega fullorðin þegar við glápum á hvern fréttabáttinn af fætur öðrum. Fryst fréttir á Stöð 2, svo Ísland í dag, skiptum yfir á Sjónvarpsfréttir og klárum síðan dæmið með Kastljósi.

Ég veit ekki hvaðan þessi fréttabörf kemur, kannski er þetta bara til að hafa eitthvert umræðuefni í veislum og boðum. „Sáuðí fréttina um hommasprengjuna í Bandaríkjunum? Haah! Rosalegt!“ Það er jú munur að hafa eitthvað að segja eða getað kinkað



þegar kærastinn býsna yfir fréttinni. Samsinni því svo ákóf hvað þetta mál sé hrikalega alvarlegt. Kannski er ég ekki orðin mjög fullorðin, en ég er allavega að reyna.

kolli gáfulega þegar annað fólk hefur eitt-hvað að segja. Reyndar hef ég lúmskt gaman af fréttatímunum þegar svokölluðu gúrkutíð er. Um daginn var til dæmis flutt frétt af ljótu skjalatöskunni hans Össurar Skarphéð-inssonar. Ég veit ekki alveg hvað ég á að gera við þær upplýsingar um að hann eigi ljóta tösku. Hugsu að ég sleppi því að brydda upp á þessu umræðuefni í næsta partíi. „Haaaaa, taskan hans Össurar! Rosssalegt!“

Ég viðurkenni að stundum er áhugi minn fyrir sumum fréttunum svo lítil að ég horfi á heila frétt án þess að hafa hugmynd um hvað málið snýst um. Ég fæ bara störu og dett inn í eitthvert dagdraumaland og hrekk svo við

EKKI MISSA AF



▶ 19.35 Joey STÖÐ 2



▶ 20.00 Kicking and Screaming STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.05 Joan of Arcadia SIRKUS



▶ 20.15 Tímablakk SJÓNVARPIÐ



▶ 22.40 Hack SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Gurra Grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.18 Vinnuveilar 09.25 Leyniþátturinn 09.38 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar 10.00 Latibær

10.30 Kastljós

11.00 Hlé

15.30 Mótorsport e.

16.00 Landsbankadeildin í fótbolta Bein útsending frá leik Vals og ÍBK í Landsbankadeild kvenna.

18.00 Tákn málsfréttir

18.10 Vesturálman

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.40 Fjölskylda mín (6:7) (My Family VI)

▶ 20.15 Tímablakk (7:13)

21.05 Ævintýri með afa (Wilder Days) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2003 um strák sem fer í ævintýralegt ferðalag með afa sínum.

22.35 Í skugga dauðans (Monster's Ball) Bandarísk spennumynd frá 2001. Fanga-vörður sem er illa haldinn af kynþáttafordómum verður ástfanginn af ekkju blökkumanns sem var líflátinn í fangelsinu. Leikstjóri er Marc Forster og meðal leikenda eru Billy Bob Thornton, Halle Berry og Heath Ledger. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

00.25 Taggart - Sárabætur e.

01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Mrs. Doubtfire

08.05 Bride & Prejudice

10.00 World Traveler

12.00 Kicking and Screaming

14.00 Mrs. Doubtfire

16.05 Bride & Prejudice

18.00 World Traveler

▶ 20.00 Kicking and Screaming Bráð-fyndin gamanmynd með Will Ferrell og Robert Duval í aðalhlutverkum.

22.00 Little Nikita

00.00 Ray

02.30 Malibu's Most Wanted

04.00 Little Nikita (e)



SIRKUS TV

17.15 Hooking Up (2.5) (e)

18.00 Bestu Strákarnir (8.50) (e)

18.30 Fréttir

19.10 American Inventor (14.15) (e)

▶ 20.05 Joan of Arcadia (11.22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpa Joan er nýflutt til smábæjarinnar Arcadia þegar skrifnarar upptökur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir. Þessu nýja hlutverki þarf hún síðan að koma inn í daglega líf sitt sem reynist alls ekki auðvelt. Þáttaröðin var tilnefnd til Emmy verðlauna auk þess sem hún hlaut Peoples Choice Award fyrir bestu drama-þættina.

21.00 Live From Abbey Road (8.12)

(Beint frá Abbey Road) Þættir með lífandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlamir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. Fjölbreytnin er mikil og meðal gesta eru. Josh Groban, Massive Attack, Iron Maiden, Muse, Red Hot Chili Peppers, Jamiroquai, Damien Rice, Richard Ashcroft, Gipsy Kings, Norah Jones og Paul Simon. Frábærir tónlistarþættir þar sem tónlistarmennirnir eru í sínu rétta umhverfi.

22.00 Gargantua Aðalhlutverk. Julie Carmen, Adam Baldwin, Emile Hirsch. Leikstjóri. Bradford May. Bönnuð börnum.

23.30 Hidden Palms (2.8) (e)

00.15 Arrested Development (15.18) (e)

00.50 Arrested Development (16.18) (e)

01.15 Night Stalker (7.10) (e)

02.00 Supernatural (19.22) (e)

02.50 Joan of Arcadia (11.22) (e)

03.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

09.50 Vörutorg

10.50 Rachael Ray (e)

14.35 Top Gear (e)

15.30 How Clean is Your House? (e)

16.00 Robin Hood (e)

16.50 World's Most Amazing Videos (e)

17.40 On the Lot (e)

18.40 Yes, Dear (e)

19.10 William og Harry (e)

20.10 World's Most Amazing Videos (14.26) Ötrúleg myndbönd sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginnir líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd. Sum eru bráð-fyndin en önnur hádramatísk.

21.00 Stargate SG-1 (8.22) Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem Skjárinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbrúar fundu "stjörnuhlíð" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum. Þetta er vísdaskáldskapur af bestu gerð og slíkir þættir eiga stóran áhorfendahóp. Aðalhlutverkið leikur Richard Dean Anderson sem eitt sinn lék aðalhlutverkið í þáttaröðinni MacGyver.

21.50 The Dead Zone (11.12) Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun. Fyrir nokkru sýndi Skjárinn fyrstu þáttaröð þessara mögnuðu spennuþátta, og nú er löksins komið að þeirri næstu. Ekki missa af frábærum þáttum byggðum á samnefndri skáldsögu Stephen King.

▶ 22.40 Hack (14.18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri. Fljótlega kemst hann að raun um að starf leigubílstjórans er ekki síður erilsamt en lögreglumannsins og gráu svæðin fullt eins mörg. Og eftir sem áður dansar hann á línunni.

23.30 Mika tónleikar

23.50 House (e)

00.40 Kidnapped (e)

01.30 The L Word (e)

02.20 Tvöfaldur Jay Leno (e)

04.00 Vörutorg

05.00 Óstöðvandi tónlist

515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15

Big Momma's House 2

Martin Lawrence snýr aftur í hlutverki Malcolms Turners. Að þessu sinni þarf hann að takast á við tölvusérfræðing sem ætlar sér að selja hryðjuverkamönnum aðgang að trúnaðarskjölum bandarísku ríkisstjórnarinnar. Hann ákveður að klæða sig aftur upp sem Stóra mamma og ræður sig sem barnfóstru á heimili tölvufræðingsins.



Við mælum með Í SKUGGA DAUDANS Sjónvarpið kl. 22.35

Monster's Ball er bandarísk spennu-mynd frá 2001. Myndin gerist í Suður-ríkjunum og segir frá Hank, hvítum fangaverði sem er illa haldinn af kynþáttafordómum. Hann verður ástfanginn af þeldökkri konu sem heitir Leticia. Leikstjóri er Marc Forster og meðal leikenda eru Billy Bob Thornton, Halle Berry og Heath Ledger.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.50 Bæn
- 07.05 Laugardagur til lukku
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Músík að morgni dags
- 09.03 Sumarglingur
- 10.15 Krossgötur
- 11.00 Vikulokin
- 12.00 Hádegisútlavarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 13.00 Laugardagsþátturinn
- 14.00 Leitinn að eldsneytinu
- 14.40 Tímakornið
- 15.30 Með laugardagskaffinu
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.08 Veðurfregnir
- 16.10 Á hvítri eyju í bláum sjó
- 17.05 Hvítu svingdívurnar
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Auglýsingar
- 18.28 Á vængjum yfir flóann
- 18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Kringum kvöldið
- 19.30 Stefnumót
- 21.00 Rás 1 Við djúpið
- 23.00 Danslög
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

- 10:15 Pro bull riding (Tulsa, Oklahoma)
- 11:10 Kraftasport - 2007 (Sterkasti maður Íslands 2007)
- 11:40 PGA Tour 2007 - Highlights
- 12:35 Það helsta í PGA mótardöðinni
- 13:00 Evrópumótardöðin (BMW International Open)
- 16:00 World Supercross GP 2006-2007 (Angel Stadium Of Anaheim) Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum.
- 17:55 Spænski bikarinn (Espanyol - Real Zaragoza)
- 22:15 Hnefaleikar (Box - Ricky Hatton vs. Carlos Maussa) Útsending frá bardaga Rickys Hattons og Carlos Maussa er þeir mættust á síðasta ári.
- 22:45 Box - Ricky Hatton - Luis Call Upptaka frá bardaga þeirra Hattons og Callazo sem fram fór um miðjan maí.
- 00:05 Box - Ricky Hatton vs. Juan Ur Útsending frá bardaga Rickys Hattons og Juans Urangos sem fram fór þann 20. janúar 2007.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

- 6.15 Dyrenes 6.44 Duedrenge 7.10 Dragejægerne 7.35 Yu-Gi-Oh! 8.00 Hannah Montana 8.25 Rideklubben 8.50 Shin Chan 9.00 En dag i haven 9.30 Fra A til Z er ikke let 10.00 TV Avisen 10.10 OBS 10.15 Kløvedal i Indonesien 11.20 3z - Gensyn med vennerne 12.20 Hemmeligheder og bedrag 13.50 Smag på Danmark - med Meyer 14.20 Nikolaj og Julie 15.05 OBS 15.10 Før søndagen 15.20 Held og Lotto 15.30 Johanne i Troldekskoven 16.00 Radiserne 16.30 TV Avisen med vejret 16.55 Sportnyt 17.10 Det lille hus på prærien 18.00 Støv for alle pengene 19.30 Sankt Hans aften i Helsingør 20.00 Inspector Morse 21.40 Conviction 22.20 Enlig pige søger 5.30 Gurli Gris 5.35 Zoe Kezako 5.50 Troldehen

NK1

- 6.00 Mikkes klubbhus 6.25 Ernst 6.35 I Mummidalen 7.00 Her er eg! 7.10 Den Lille Havfruen 7.35 Jimmy Neutron 8.00 Den dårligste heksa i klassen 8.25 Jungelens puls 8.30 Mánaíð-TV - Samisk barne-tv 8.45 Grønn glede 9.10 Jukeboks: Norge rundt 10.20 Kunnskapskanalen: Abelpriisen 2007 11.30 Gjensynet 12.30 Topp 20 fra Rådhuspladsen 2007 14.40 Doc Martin 15.30 Solens mat 16.00 Gisle Wink på eventyr 16.25 I småkrypland 16.30 Eva og Adam 17.00 Lördagsrevyen 17.45 Lotto-trekning 17.55 'Allo, 'Allo! 18.20 Edel vare 19.20 Kingdom 20.10 Fakta på lørdag: En liten sjimpanse i en farlig verden 21.00 Kveldsnytt 21.15 Sprengerer 23.15 Alfred Hitchcock presenterer 5.30 Sommermorgen 5.50 Tigeren Edelbert 6.00 Ernst

SVT 1

- 7.15 Franklin 7.35 Katter - en dokusåpa 7.45 Så här går det till på Saltkråkan 8.15 Sagoträdet 8.30 Pi 8.45 Mánaíð-tv 9.00 Fieteri 9.20 Tur och retur 10.25 Hundkoll 10.55 Uppdrag Granskning 11.55 Fridrott: Europacupen 14.30 Packat & klart sommar 15.00 Sommartorget 15.30 Revy-SM 2006 16.00 Flickan med blom i håret 16.05 Disneysdags 17.00 Ebba och Didrik 17.30 Rapport 17.45 Skräpingsrundradio inviges 18.00 Försvarsadvokaterna 18.45 AB Svenska Ord 19.00 Tittarnas önskesönsert 20.00 Minnenas television 21.00 Rapport 21.05 Elizabeth I 22.50 Josie and the Pussycats 0.25 Sändningar från SVT24

Taktu þátt í ævintýraleik

sjáðu á www.bt.is hvort lukkumiðinn á Kellogg's pakkanum þínum færir þér vinning

Við bregðum á leik í telfni af frumsýningu um allt land á Shrek the Third. Finndu límmiða með lukkunúmeri á Kellogg's pökkunum, farðu á www.bt.is og sláðu inn lukkunúmerið. Ævintýralegir vinningar bíða þín.



1. vinningur: PANASONIC 42" Plasma veggsjónvarp, PANASONIC upptökutæki með 160 GB hörðum disk og DVD spilari, Playstation 3 leikjatölva, Shrek 3 leikur á PS3. Heildarverðmæti vinnings er um 330.000 kr.

Fullt af öðrum ævintýralegum vinningum: Ferð fyrir 2 til Evrópu með Iceland Express, 50.000 króna ferðaávisun og 20.000 úttekt á kreditkortu frá BYR, 300 bíómiðar á Shrek the Third, 20 DVD pakkar með myndunum Shrek og Shrek 2 og 15 ársbirgðir af Kellogg's vörum.



Lukkunúmerið þitt er:
Sláðu inn númerið á bt.is og fæðu strax að vita hvort þú hafir unnið. Ævintýralegir vinningar bíða þín!

Leitaðu að lukkumiðanum á Kellogg's pakkanum þínum!



Sigurður Ragnar Eyjólfsson
Aldur: Verð 34 ára í desember.
Starf: Landsliðsþjálfari og fræðslustjóri KSÍ.
Fjölskylda: Giftur Írisi Björk Eysteinsdóttur, Embla Björg tveggja ára í ágúst.
Foreldrar: Eyjólfur Þór Georgsson blikksmiður og Halldóra Ólafsdóttir skrifstofukona.
Búseta: Mariúbaugur í Grafarholti.
Stjórnumerkir: Bogmaður.

Eyþór í það heilaga

Eyþór Arnalds hyggst ganga að eiga unnustu sína, Dagmar Unu Ólafsdóttur, í Selfoskirkju laugardaginn þrítugasta júní. Þetta staðfesti Eyþór í samtali við Fréttablaðið en vildi að öðru leyti lítið láta hafa eftir sér. „Við viljum ekkert vera að auglýsa þetta,“ sagði Eyþór. Þau ættu þó að vera hæg heimatök-in hjá bæjarstjórnarfulltrúanum því hann hefur verið ráðinn með-hjálpari sr. Gunnars Björnssonar í kirkjunni. Eyþór vildi ekkert segja til um hvort hann ætlaði að velta sér upp úr dögginni í tilefni af sumarsólstöðum en sagðist hafa heimildir fyrir því að slíkt tíðkað-ist meðal nokkurra íbúa á Eyrarbakka. „Og þeir koma víst endur-nærðir til baka,“ sagði Eyþór.

Fastlega má gera ráð fyrir því að fjöldi góðri gesta leggi leið sína austur fyrir fjall til að samgleð-ast með hinum nýgiftu og sam-kvæmt heimildum Fréttablaðsins eru meiri líkur en minni á því að hljómsveitin Todmobile taki eitt eða tvö lög í tilefni dagsins.

Eyþór og Dagmar hafa komið sér vel fyrir á bænum Hreiðurborg í sveitarfélaginu Árborg. Á vefsíðu Mannlífs má jafnframt lesa um að þau eru með nýtt og glæsilegt hús í byggingu í Búgarðabyggð skammt frá Selfossi.

EYÞÓR OG DAGMAR Ætla að ganga í hjónaband laugardaginn 30. júní í Selfoskirkju.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. plat **6.** samtök **8.** drulla **9.** æxlunarkorn **11.** óreiða **12.** aðfall **14.** rabb **16.** drykkur **17.** frjó **18.** tunna **20.** til **21.** kvenflik.

LÓDRÉTT 1. ævintýri **3.** frá **4.** þegn **5.** steinbogi **7.** hagnaður **10.** þrá **13.** heyskaparamboð **15.** matur **16.** fjör **19.** bor.

LAUSN

LÖBDRÉTT: 1. saga, 3. af, 4. borgara, 5. fæðl, 16. ták, 19. al. brú, 7. arðsemi, 10. Ósk, 13. Of, 15. ftræ, 18. áma, 20. að, 21. pils.
LÁRÉTT: 2. gabb, 6. aa, 8. for, 9. gró, 11. rú, 12. aðsog, 14. skraf, 16. te, 17. gabb, 18. áma, 20. að, 21. pils.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Sviss
- 2 Ólafur Stefánsson
- 3 Jarvis Cocker

JÓN ÞÓR HANNESSON: BER BALTASAR ÞUNGUM SÖKUM

Hart deilt um Slóð fiðrildanna

„Ég er ekki lengur framleiðandi A Journey Home,“ segir Jón Þór Hannesson, fyrrum eigandi Saga Film, sem stefndi að því að gera kvikmynd eftir samnefndri bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar. Jón Þór hefur unnið að undirbúningi myndarinnar undanfarnin tvö ár og eytt að eigin sögn gríðarlegu fjármagni í að koma myndinni á koppinn. Jón Þór ber Baltasar Kormáki ekki vel söguna og að aðkoma leikstjórans hafi komið honum spáskt fyrir sjónir.

„Baltasar var stjórnarmaður í stjórn Saga Film og fór á fund bandaríska framleiðandans Steven Haft að beiðni stjórnarinnar. Samband þeirra styrktist síðan þegar á leið og undir lokin var hann farinn að haga sér eins og hann ætti þetta verkefni. Þegar þetta komst upp var auðvitað talað við forsvarsmenn fyrirtækisins en landingin varð sú að Baltasar var sagður úr stjórninni. Í farteskinu hafði hann hins vegar A Journey Home,“ lýsir Jón Þór yfir. „Mér finnst þetta í sannleika sagt alveg ótrúleg ósvífni því Saga Film hefur látið háar fjárhæðir af hendi rakna til að finna tökustaði og þess háttar,“ bætir hann við. „Mennirnir þarna úti töldu sig vera að tala við fulltrúa Saga Film en ekki Baltasar Kormák, kvikmyndaleikstjóra og eiganda Sagnar.“ segir Jón Þór og bætir því við að þetta hafi verið mjög óeðlileg vinnubrögð af hendi Baltasars. „Ég er ekki sár heldur meira hissa því ég taldi mig fyrst og fremst vera að gæta hagsmuna Saga Film.“

Baltasar Kormákur kannaðist við þessar ásakanir þegar Fréttablaðið náði tali af honum en vísaði þeim alfarið á bug. Hann hefði setið í stjórn Saga Film en þegar stjórnarskipti urðu hefði hann vikið úr stjórn. Hann ráðfærði sig jafnframt við Ara Edwald, forstjóra 365 hf., sem eiga meirihluta í Saga Film, og Ari fullvissaði hann um að þessi ákvörðun hefði ekkert með A Journey Home-

STEVEN HAFT Segir Baltasar hafa haft þá reynslu og þekkingu sem þeir hafi verið að leita að.



BALTASAR Vísar öllu á bug.

málið að gera. Ari staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið. „Það er enginn pirringur út í Baltasar hjá 365. Og þessi mynd hafði ekkert með brotthvarf hans úr stjórninni að gera,“ segir Ari. „Ég veit ekki betur en að mál þessarar myndar séu í góðum farvegi,“ segir Ari.

Steven Haft segir að Saga Film fái endurgreiddan þann kostnað sem fyrirtækið hafi lagt út við undirbúning myndarinnar þegar hann komi til landsins eftir rúman hálfan

mánuð. Hann vísar því alfarið á bug að Baltasar hafi leikið tveimur skjöldum. „Jón Þór kynnti Baltasar fyrir mér sem mjög áhrifamikinn sjálfstæðan kvikmyndaframleiðanda en ekki sem fulltrúa Saga Film. Staðreyndin var einfaldlega sú að

JÓN ÞÓR Segir aðkomu Baltasars hafa komið honum spáskt fyrir sjónir.



Saga Film hafði ekki það sem við vorum að leita að. Saga Film er eitt besta fyrirtækið á Íslandi þegar kemur að því að þjónusta stórmyndir en það var ekki það sem við þurftum. Við þurftum skapandi framleiðanda með reynslu af sjálfstæðri kvikmyndagerð og Baltasar hefur þá reynslu,“ segir Steven Haft sem vonast þó til að þetta mál skaði ekki samskipti þeirra við Saga Film. „Við höfum fullan hug á því að leita eftir aðstoð þeirra þegar myndin verður tekin upp hér á landi.“

freyrigja@frettabladid.is

Örsaga Ellýjar veldur usla

„Þeir hringdu í mig endaði stoppaði síminn ekki hjá þeim. Ég bað þá afsökunar, breytti færslunni og þeir tóku þessu bara vel,“ segir Ellý Ármanns, einn vinsælasti bloggari landsins.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær skrifaði Ellý fyrir skömmu umdeilda sögu á blogg-síðu sína sem fékk misgóðar undirtektir. Í sögunni er fertug vinkona Ellýjar sögð hafa taldregið sextán ára gamlan dreng sem var að vinna í garðinum hjá henni.

Drengurinn var sagður vinna hjá fyrirtækinu Garðlist.

„Örsögurnar eru skáldskapur frá a til ö og auðvitað hélt ég að allir áttuðu sig á því,“ segir Ellý. „Þeir hjá Garðlist tóku þessu bara vel en ég hef lent í öðru fyrirtæki þar sem allir urðu hræddir og reiðir. Þá skrifaði ég um notalegan nuddara sem starfaði í heilsulind. Ég var beðin um að taka þetta strax út og starfsfólk heilsulindarinnar og viðskiptavinir ræddu þetta víst sín á milli.“

Brynjar Kjærnested, framkvæmdastjóri Garðlistar, staðfesti að fólk hefði haft samband við hann vegna blogg færslu Ellýjar. „Við urðum varir við þetta í gærmorgun og höfðum samband við Ellý sem baðst afsökunar á þessu. Þetta var uppsuni hjá henni en það voru ekki allir sem tóku þessu sem slíku,“ segir Brynjar og bætir við að um sjötíu manns starfi hjá fyrirtækinu. „En það er enginn sextán ára strákur.“



ELLÝ ÁRMANNS Segir örsögur sínar vera uppspuna frá a til ö.

Hvað er að fréttar?

Við tæklum sportið_

www.visir.is

FÓLK EYKVAÐ TALAÞANN

Blaða-maður KK • starfsmaður blaðs, sá sem hefur atvinnu af að skrifa í blöð - *Íslensk orðabók*

„Ég heiti Sigurjón M. Egilsson og er ritstjóri DV.

Mér er ekki sama hvernig fjölmiðlum er stjórnað eða hvernig fréttir þeirra eru unnar. Sjálfstæði, kjarkur og sanngirni skiptir öllu hjá fjölmiðli eins og DV. Fólk á skilið dagblað sem talar þeirra máli. **Ég tala þínu máli.**“

DV

Talar þínu máli



SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Álæði

Áð vera umhverfisverndarsinni á Íslandi virðist vera svona svipað og að vera ævintýrariddari sem fær það erfiða og að mörgu leyti vanmetna hlutskipti að berjast við dreka með sverði. Eins og í flestum slíkum ævintýrum verður drekin aldrei lagður auðveldlega. Þegar eitt höfuð hans er hoggið af, eftir talsverða fyrirhöfn, vaxa jafnan tvö í staðinn.

ÉG HELD að það hafi ekki þurft að fara fram hjá neinum að álver og virkjanir hafa verið umdeildar leiðir til atvinnuuppbyggingar hér á landi – svo vægt sé til orða tekið. Umhverfisriddararnir hafa háð margar viðureignirnar við áldrekann, yfirleitt tapað, en nú á vorkmánuðum gerðist þó það, að einn sigurinn vannst á drekanum og höfuð var af honum hoggið þegar stækkun álversins í Straumsvík var hafnað í almenri íbúakosningu.

EN NÚ sé ég ekki betur en að það hafi gerst eins og jafnan gerist í ævintýrunum að drekin er orðinn marghöfða. Sjaldan í umræðunni um álver á Íslandi hef ég heyrt jafnmarga staði nefnda blygðunarlaust í einni andrá sem möguleg stæði fyrir álver eins og núna í liðinni viku. Það hefur tekið mig nokkra daga að átta mig á þessu.

MENN eru sem sagt að tala um að reisa álver á Bakka, í Helguvík, í Þorlákshöfn og/eða í Keilnesi, auk þeirra álvera sem fyrir eru í Straumsvík, Reyðarfirði og á Grundartanga. Drekin er kominn með 7 glansandi og reykspúandi álhöfuð og ef við gerðum nú ráð fyrir að af öllum þessum álverum yrði og hvert þeirra stæði á endanum fyrir 500 þúsund tonna framleiðslu – sem virðist almennt í bransanum talin hin hagkvæma stærð – að þá værum við að tala um hvorki meira né minna en þriggja og hálf milljón tonna álframleiðsluskírmsli á Íslandi.

ÉG ER EKKI á móti því að hér starfi álver innan hófsamra marka. En sú var tíð að jafnvel menn með hjálma – reiðubúinir til virkjana- og verksmiðjagerðar – töldu raunhæft að hér yrðu í mesta lagi framleidd milljón tonn af áli. Í ljósi þess sé ég ekki betur en að hinar stóru og umdeildu áætlanir fyrri tíma hafi tekið fyrirvaralausán vaxtakipp og nú tútni út á teikniborðunum án þess að nokkur fái neitt við ráðið ógnarstórt plan um allsherjarálvæðingu landsins með tilheyrandi útblæstri gróðurhúsalofttegunda, ruðningsáhrifum í efnahags- og atvinnulífnum og náttúruförnum til virkjanagerðar sem aldrei fyrr.

NÚ ríður á að fólk fari almennt að skilja að álver er ekki bara eins og hver annar atvinnurekstur sem má stækka og breiða úr sér að vild. Álver er orkufrekur iðnaður, sem veldur náttúruörskun og mengun. Af þeim sökum á líkingin við dreka rétt á sér. Ekki gengur að eiga við hann með sverðum. Vöxtur hans og óstýrilæti sýnir hins vegar að það verður, hvað sem það kostar – og ekkert maus með það – að koma á hann böndum. Það er verkefni ríkisstjórnarinnar. Hvort það tekst eða ekki verður ævinlega mælikvarði á dug hennar og getu.

Sumarið er tíminn...

SKINA ljósaskraut
Ø30 cm fuglar **1.695,-**

SKINA ljósasería
56 perur lauf 6 m **1.995,-**

595,-

SOMMAR hangandi sprittkertastjaki
H27 cm ýmsir litir

IKEA/PS BETSÖ grill
Ø35 H50 cm **4.990,-**

KRUKAN blómepottur
Ø31 H25 cm **295,-**

BJURÖN blómakassi L51xB19xH17 cm
gegnheill akasíuviður **1.490,-**

SOMMAR blómepottur
Ø20 H18 cm
ýmsir litir **495,-**

SOMMAR skrautkerfi m/bakka
4 stk. L8xB4 cm ýmsir litir **495,-**

SOMMAR gerviblóm
3 stk. prestabrá
H60 cm **295,-**

TALL teppi
L130xB170 cm **2.990,-**

SOMMAR kerti
H12 cm **295,-**

SKINA ljósaskraut
H20 cm fugl **295,-**

SOMMAR gerviblóm
blágresi ýmsir litir **590,-**

PLATTA gólfklæðning L45xB45 cm
gegnheill akasíuviður **450,-**

SÄRÖ sessa
L34xB34 cm ýmsir litir **395,-**

ÄPPLARÖ bekkur L117xB62xH80 cm **7.990,-**
 ÄPPLARÖ felliborð L140/260xB78xH72 cm **13.990,-**
 ÄPPLARÖ hægindastóll L80xB63xH103 cm **5.290,-**
 ÄPPLARÖ stóll m/örnum L62xB62xH82 cm **5.290,-**
 gegnheill akasíuviður

HEMSÖ borð m/2 stólum
ýmsir litir **3.990,-**

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

195,-

IKEA Restaurant & Café

Sænskar kjötbollar
með kartöflum, týuberjasultu
og rjómasósu (10 stk.)

490,-

IKEA Restaurant & Café

Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00
Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is